# Skilnaður Brad Pitt og Jennifer Aniston skekur Hollywood

SÍÐA 30 ▶



**Söfnunarsíminn er 907 2020**

Með því að hringja í söfnunarsímann leggur þú fram 1.000 kr. til hjálparstarfsins í Asíu. Einnig er hægt að leggja fram fé með kreditkorti á www.redcross.is, eða millifærslu á bankareikning 1151-26-000012, kt. 530269-2649.

spron kostar birtingu auglýsingarinnar

Rauði kross Íslands
www.redcross.is

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

9. janúar 2005 – 7. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR



**MÓTMÆLA STÖÐVUN** Ölgerðin segir yfirvöld mismuna innlendum framleiðendum með því að stöðva dreifingu á vítamínbættum drykk. Yfirvöld segja að vegna EES sé ekki hægt að fylgjast náið með hvað sé á markaðnum. **Sjá síðu 2**

**HÚSHITUNARVERÐ HÆKKAR** Verð á rafmagni til húshitunar hækkar um 15 til 20 prósent vegna breytinga á lögum um raforkusölu. **Sjá síðu 4**

**ÁTTA HUNDRUÐ Á HVERN** Samanlögð framlög Íslendinga til hjálparstarfs á hamfarasvæðunum í Asíu er minna en flestra Norðurlanda en mun meira en forystuþjóða Vesturlanda. **Sjá síðu 6**

**STYTTRI VINNUTÍMI** Áramótaávörp biskups og forsætisráðherra vöktu athygli en báðir fjölluðu um stöðu fjölskyldunnar. Skiptar skoðanir eru um ummæli tvímenninganna. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VETRARKULDI MEÐ BJARTVIÐRI** Þykknar upp sunnan og vestan til síðdegis eða í kvöld. Frost 2-12 stig, kaldast til landsins. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**TÓNLEIKAR Í SALNUM** Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari sem stundar nám við Juilliardskólann, heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Víkingur Heiðar flytur verk eftir Bach, Schumann, Bartok og Schubert. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 62 | Myndlist | 58 |
| Tónlist | 58 | Íþróttir | 48 |
| Leikhús | 58 | Sjónvarp | 64 |




# Nær öruggt talið að Abbas sigri

**Palestínumenn kjósa sér nýjan forseta í dag. Mahmoud Abbas er talinn langlíklegasti arftaki Arafats. Útgönguspár verða birtar klukkan sex síðdegis.**

**PALESTÍNA, AP** Forsetakosningar fara fram í Palestínu í dag. Sjö manns eru í framboði en nær öruggt er talið að Mahmoud Abbas beri sigur úr býtum og taki þar með við af Jasser Arafat sem lést í nóvember. Abbas er frambjóðandi Fatah, stærstu fylkingarinnar innan Frelsissamtaka Palestínumanna (PLO). Hamas-samtökin ætla að sniðganga kosningarnar.

Mustafa Barghouti er sá sem helst er talinn geta velgt Abbas undir uggum. Mustafa er skyldur uppreisnarleiðtoganum Marwans Barghouti sem situr í fangelsi fyrir hryðjuverk. Hinir fimm frambjóðendurnir eru taldir hafa litla möguleika á sigri. Alls hafa 1,8 milljónir Palestínumanna kosningarétt en ríflega milljón manns hafa skráð sig til þátttöku. Þrjú þúsund kjörstaðir eru í landinu og verður þeim lokað klukkan fimm síðdegis. Um klukkustund síðar verða birtar útgönguspár.

Ísraelsk stjórnvöld hótuðu í gær að standa ekki við áður gefið loforð sitt um aukið ferðafrelsi fyrir fólk á Vesturbakkanum og Gaza sem þarf að komast á kjörstað. Ísraelar hótuðu þessu eftir að palestínskur uppreisnarmaður skaut ísraelskan hermann til bana. Töluverð ólga var í Palestínu í gær og var palestínskur lögreglumaður meðal annars skotinn til bana af ísraelskum hermanni við landamæri Ísraels. Ísraelsk stjórnvöld segja að maðurinn hafi verið kominn á öryggissvæði vopnaður riffli og þess vegna hafi hann verið skotinn.

Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri grænna og BSRB, er staddur í Palestínu.

**Sjá síðu 2**




FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**Á SNJÓBRETTUM VIÐ ARNARHÓL** Snjóbrettamót var haldið á Arnarhóli í gærkvöld. Margir tóku þátt í mótinu og sýndu snilldartilþrif. Snjóbrettaíþróttin á vaxandi vinsældum að fagna hérlendis, sérstaklega hjá yngri kynslóðinni.

Friðrik Ólafsson:

## Stórmeistari á tímamótum



**SÍÐUR 16 & 17 ▶**

Þórarinn Hávarðsson:

## Breytti fiskvinnsluhúsi í skemmtistað



**SÍÐA 18 ▶**

Maður hryggbrotnaði:

# Kastaðist af vélsleða

**SLYS** Vélsleðamaður hryggbrotnaði þegar hann kastaðist af vélsleða sínum austan við Sauðafell á Mosfellsheiði á tólfta tímanum í gærmorgun.

Maðurinn hafði ekið sleðanum ofan í dæld í landslaginu og kastaðist við það af sleðanum. Björgunarsveitirnar Kyndill í Mosfellsbæ og Kjölur á Kjalarnesi voru kallaðar út til að ná í manninn sem var ásamt þremur félögum sínum skammt utan við þjóðveginn.

Sauðafell er á milli Skálafellsaflegjjara og Kjósaraflegjjara. Meiðsl vélsleðamannsins eru talin alvarleg og þarf hann í aðgerð vegna hryggbrotsins. Sjúkrabíll flutti hinn slasaða af slysstað á Landsspítala – háskólasjúkrahús í Fossvogi.

-þlg

Norðurlönd:

# Fimm létust í óveðri

**NORÐURLÖND, AP** Fimm létust í fárviðri sem geisaði á Norðurlöndum í gær.

Í Danmörku lést maður í Óðinsvéum þegar tré fauk á bíl hans á 170 kílómetra hraða. Annars staðar á Fjóni létust tvær manneskjur þegar þak af sumarhúsi fauk á þær. Í Svíþjóð létust tveir ökumenn eftir að tré féllu á bíla þeirra.

Meira en hundrað þúsund heimili urðu rafmagnslaus í suðurhluta Svíþjóðar og yfirvöld hvöttu íbúa til að halda sig heima. Vindurinn náði 121 kílómetra hraða. Yfirborð sjávar náði sögulegu hámarki. Raða varð sandpokum við sjávarsíðu í Helsinki í Finnlandi, nálægt forsetahöllinni.

Almenningssamgöngur lágu niðri vegna veðursins. Ferjur voru bundnar við bryggjur og var Eyrarsundsbrúnni meðal annars lokað. Veðurofsinn stafar af djúpri lægð yfir Skagerrak en svo nefnist hafsvæðið milli Noregs og Danmerkur. ■

**23**

DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA

Avensis
Tilboðsverð
**2.220.000 kr.**



TODAY TOMORROW TOYOTA



## SPURNING DAGSINS

*Katrín, verður Aniston sama konan án Pitts?*

**Já, hún á svo góða vini.**

Katrín Anna Guðmundsdóttir er talsmaður Femínistafélagsins. Þær fréttir fóru sem eldur í sinu í gær að eitt frægasta Hollywood-parið, Jenifer Aniston og Brad Pitt, væru skilin eftir fjögurra ára hjónaband.

Ögmundur Jónasson er í Palestínu:

# Loft er lævi blandið

**PALESTÍNA** Ísraelsmenn hafa haldur slakað á ferðatakmörkunum vegna kosninganna í Palestínu að sögn Ögmundar Jónassonar, þingmanns og formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Ögmundur er nú í Palestínu í boði palestínsku verkalýðshreyfingarinnar.

„Það er óhætt að segja að hér sé loft lævi blandið,“ segir Ögmundur. „Ég verð fyrir áfalli daglega. Nærvera ísraelska hersins er svo raunveruleg. Ef þetta er tilslökun hjá ísraelska hernum þá býð ég ekki í það hvernig ástandið er hérna á öðrum tímum.“

Ögmundur segir fólk sem hann hafi rætt við almennt sammála um að Mahmoud Abbas sigri þó Mustafa Barghouti hafi sótt í sig veðrið undanfarna daga. Ögmundur hefur heimsótt kosningaskrifstofur Abbas og Barghoutis.

„Það er ljóst að Abbas er með allt stofnanaveldið á bak við sig en hinn síður. Abbas er talinn líklegri til að vera sveigjanlegri í samningum við Ísraelsmenn en Barghouti. Þá stendur Barghouti heldur lengra til vinstri í stjórnmálum en Abbas. Það vakti athygli mína að í báðum herbúðum er talað vel um andstæðinginn.“ **- th**



**ÍSLENDINGAR Í NABLUS**
Ögmundur Jónasson, Borgþór Kjærnested, fulltrúi félagsins Ísland Palestína, og Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, skoða aðstæður í Nablus.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HRAÐAKSTUR Á REYKJANESBRAUT** Fimm voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni á laugardagsmorguninn. Sá sem hraðast fór ók á 117 kílómetra hraða á klukkustund. Nokkur hálka var á veginum og voru mennirnir allir sektaðir á staðnum.

**UMFERÐARÓHAPP Í HAFNARFIRÐI** Ölvaður ökumaður var stöðvaður af lögreglunni í Hafnarfirði í Moldahrauni milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar aðfaranótt laugardags. Þá varð minniháttar árekstur við Fjarðarhraun á Reykjanesbraut á laugardagsmorguninn, en engin slys urðu á fólki. Bílarnir eru nokkuð skemmdir.

Slys í Reykjavík:

# Ekið á barn í Breiðholti

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Ekið var á barn á gangbraut á gatnamótunum við Stekkjarbakka og Þarabakka í Breiðholti laust fyrir klukkan tvö í gær. Barnið hlaut höfuðhögg við ákeyrsluna og var flutt á gjörgæsludeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi til aðhlynningar. Betur fór en á horfðist og komst barnið fljótt til meðvitundar en það er enn á sjúkrahúsi.

Þá urðu alls sextán umferðaróhöpp í Reykjavík frá því klukkan tíu á laugardagsmorguninn, þar af sex umferðarslys. Engin alvarleg meiðsl urðu á fólki en flytja þurfti nokkra á slysadeild. Bílarnir eru allir mikið skemmdir. Lögreglan í Reykjavík segir orsakir þessarar háu slysatíðni vera að hluta til vegna þess hve sól var lágt á lofti en einnig sé vítavert hve ökumenn keyra hratt og blindandi í aðstæðum sem þessum. **- þlg**

Svíar á hamfarasvæðunum:

# Færri látnir en talið var

**SVÍÞJÓÐ** Mun færri Svíar létust og er saknað eftir hamfarirnar í Asíu en sænsk yfirvöld héldu fram.

Samkvæmt opinberum tölum sem fréttastofan AP birtir er staðfest að 52 Svíar hafi látist og 637 sé saknað. Sænsk yfirvöld héldu því lengi fram að mun fleiri hefðu látist og að allt að þrjú þúsund væri saknað. Sænskir fjölmiðlar gagnrýndu í gær yfirvöld harkalega fyrir óvönduð vinnubrögð.

Flestir þeirra erlendu ríkisborgara sem létust í hamförunum voru frá Þýskalandi eða 60 manns. Þá er um eitt þúsund Þjóðverja saknað. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**ANDRI ÞÓR GUÐMUNDSSON**
„Við teljum illilega á okkur brotið. Vítamínbættar drykkjarvörur hafa flætt hér yfir markaðinn ár eftir ár og eru óáreittar í verslunum. Við skilum ekki út af hverju eitt er ekki látið yfir alla ganga.“

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**RÖGNVALDUR INGÓLFSSON**
„Það er ekki fyrr en á markaðnum, annað hvort við eigin vöruskoðun eða við ábendingar frá neytendum eða samkeppnisaðilum, sem við vitum af tilvist vöru sem ekki uppfyllir reglur.“

# Ölgerðin mótmælir stöðvun á dreifingu

**Ölgerðin segir yfirvöld mismuna innlendum framleiðendum með því að stöðva dreifingu vítamínbætts drykks þeirra. Yfirvöld segja að vegna EES sé ekki hægt að fylgjast náið með hvað sé á markaðnum.**

**MATVÆLI** Forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar, Andri Þór Guðmundsson, gagnrýnir að dreifing vítamínbætta drykkjarins Kristals Plús hafi verið stöðvuð. Vinnubrögð Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur séu samkeppnishamlandi mismunun og brot á jafnréttisreglu, þar sem horft sé framhjá vítamínbættum drykkjum erlendra framleiðenda hér á landi sem hafi ekki leyfi.

„Við teljum illilega á okkur brotið. Vítamínbættar drykkjarvörur hafa flætt hér yfir markaðinn ár eftir ár og eru óáreittar í verslunum. Við skiljum ekki af hverju eitt er ekki látið yfir alla ganga,“ segir Andri. Unnið sé á móti hollustumarkmiðum og vöruþróun innlenda aðila.

Rögnvaldur Ingólfsson, deildarstjóri matvælaeftirlitssviðs Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, segir ekki keppt að því að gera innlendum framleiðendum erfiðara fyrir. Þar sem frjálst flæði vítamínbættra vara sé innan Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki skoðað hvort þær erlendu uppfylli allar íslenskar reglur áður en þær fari á markað.

Rögnvaldur segir þó meginmun á þeim erlendu og drykk Ölgerðinnar því flestir erlendu drykkjanna hafi fengið leyfi sinna stjórnvalda. Drykkur Ölgerðarinnar hafi hins vegar aldrei verið skoðaður. Hann hafi farið á markað án allra leyfa: „Í dreifingarbanninu felist ekki dómur um hvort drykkurinn verði leyfður eða ekki.“

Andri segir menn Ölgerðarinnar hafa talið 43 vítamínbætta drykki í hillum stórmarkaða í vikunni. Á fundi með Umhverfisstofnun og umhverfis- og tæknisviði Reykjavíkurborgar, þar sem sótt hafi verið um leyfi fyrir Kristal Plús, hafi þær upplýsingar fengist að umhverfis- og tæknisviðið hafi gert athugasemdir við þrjár erlenda vítamínbætta drykki í janúar. Rögnvaldur segir það rétt. Þeir drykkir hafi fengið viðurkenningu erlendra stjórnvalda.

**gag@frettabladid.is**



**KOFI ANNAN**
Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna heimsótti hamfarasvæðin á Srí Lanka í gær.

Hamfarasvæðin í Asíu:

# Mat dreift til allra

**ASÍA, AP** Enginn sem komst lífs af eftir hamfarirnar í Asíu mun deyja úr hungri að sögn Jim Morris, yfirmanns matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Hann segir að eftir viku verði búið að dreifa mat til nánast allra þeirra sem lifðu hamfarirnar af.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, heimsótti Srí Lanka í gær en þar sér matvælastofnunin um 750 þúsund manns fyrir mat. Í Indónesíu brauðfæðir stofnunin 130 til 150 þúsund manns en talið er að sú tala muni hækka í um 400 þúsund á næstu dögum.

Staðfest er að meira en 150 þúsund manns hafi látist í kjölfar jarðskjálftans og flóðbylgjanna sem þeir ollu. Sameinuðu þjóðirnar vara enn við hættunni á því að farsóttir breiðist út. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BÍLL SLÍTUR RAFMAGNSLÍNU** Rafmagnslína við bæinn Kolfreyju í Fáskrúðsfirði slitnaði snemma á föstudag þegar flutningabíll með of háan farm ók hana niður á leið sinni austur. Rafmagnslaust varð í Fáskrúðsfirði og sveitunum í kring, en viðgerð tók langt fram á kvöld og fengu síðustu bæirnir ekki rafmagn fyrr en undir miðnætti.





**Páskaferðir til Tyrklands, Krítar, Kanaríeyja, Túnis, Egyptalands, Tælands, Bali, Kína, Kúbu og Suður-Afríku á verði sem kemur á óvart!**

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar, **www.kuoni.is**, og á söluskrifstofunni.

**Pantaðu glæsilegan ferðabækling!**

**Vertu með í Glóbus-klúbbnum!**

LANGferðir


Um 70 prósent háskólanema í starfi með námi:

# Nær fjórir af tíu háskólanemum á lánum hjá LÍN

**LÁN** Tæplega fjórir af hverjum tíu stúdentum Háskóla Íslands nýttu námslán Lánasjóðs íslenskra námsmanna síðustu tvo vetur. Þeim fjölgar um nær sjö prósentustig frá árunum tveimur þar á undan samkvæmt tölum sjóðsins.

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri stúdentaráðs, segir ráðið hafa gert könnun á framfærslukostnaði háskólanema á síðasta ári. Niðurstaðan þar hafi sýnt að um 30 prósent þeirra njóti lána. Hún segir flesta vinna með náminu eða nær 70 prósent. Nemendur í lengra námi, svo sem læknanámi, lögfræði og hjúkrunarfræði séu flestir lántakenda. Hópur nemenda nái að nýta sumartekjurnar út veturinn.

Steingrímur Ari Arason, framkvæmdastjóri LÍN, segir að samkvæmt útreikningum sjóðsins sé nær helmingur ráðstöfunarfé þeirra sem séu á lánum sjálfsaflafé.

„Gert er ráð fyrir að barnlaus námsmaður í leiguhúsnæði sé að eyða tæplega fjórtán hundruð þúsundum á skólaárinu. Þar af eru tekjurnar 860 þúsund og lánið þar af leiðandi 670 þúsund,“ segir Steingrímur. Álíka margir séu fyrir ofan ráðstöfunartekjuviðmiðið og fyrir neðan. **- gag**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Háskólanemar hafa að meðaltali 157 þúsund krónur fyrir skatta í tekjur á mánuði. Helmingur stúdenta sem svöruðu könnun stúdentaráðs var með aðeins 95 þúsund krónur á mánuði.

| Skólaár: | Fjöldi í skóla: | Fjöldi á lánum: | Hlutfall: |
|---|---|---|---|
| 2003-2004 | 9.117 | 3.343 | 36,6% |
| 2002-2003 | 8.225 | 3.023 | 36,7% |
| 2001-2002 | 7.948 | 2.402 | 30,2% |
| 2000-2001 | 7.051 | 2.075 | 29,4% |

**Heimildir: LÍN og HÍ**

# Á síðasta ári voru greiddar út um

# 780 milljónir




Á árinu 2004 greiddi Happdrætti Háskólans 780 milljónir króna til miðaeigenda. Hæsti vinningur ársins var 36 milljónir króna en alls voru 224 miðar dregnir út með vinning sem var ein milljón eða meira.

Þú þarft bara að hringja eitt símtal eða að fara á vefinn til að eignast miða.
Við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

**Fáðu þér miða í 800 6611 eða á hhi.is**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 08.01.2005**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,89 | 63,19 |
| Sterlingspund | 118,41 | 118,99 |
| Evra | 83,23 | 83,69 |
| Dönsk króna | 11,184 | 11,25 |
| Norsk króna | 10,1 | 10,16 |
| Sænsk króna | 9,205 | 9,259 |
| Japanskt jen | 0,6022 | 0,6058 |
| SDR | 96 | 96,58 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**113,8162**

**Heimild: Seðlabanki Íslands**

Kjötmjölsverksmiðjan á Suðurlandi:

# Uppsögnum frestað um mánuð

**LANDBÚNAÐUR** Ákveðið hefur verið að fresta um mánuð uppsögnum hjá kjötmjölsverksmiðjunni Kjötmjöli ehf. meðan reynt er til þrautar að ná samningum um sölu verksmiðjunnar, að sögn Torfa Áskelssonar verksmiðjustjóra. Eignarhaldsfélag í eigu KB banka á og rekur verksmiðjuna, en Sorpstöð Suðurlands hefur hug á að kaupa reksturinn.

Verksmiðjan hefur um árabil verið rekin sem förgunarverksmiðja fyrir sláturúrgang, sem er brenndur og malaður í kjötmjöl sem svo er urðað. Áður var selt kjötmjöl í dýrafóður og gróðuráburð en því var hætt af heilbrigðisástæðum.

Torfi telur að bankinn komi til með að þurfa að afskrifa töluverða upphæð áður en til sölu verksmiðjunnar getur komið, þannig að hún hafi rekstrargrundvöll. Hann segir illa hafa gengið að fá stjórnvöld að málinu. Þrátt fyrir yfirlýsingar úr landbúnaðarráðuneyti um mikilvægi verksmiðjunnar hafa stjórnvöld ekki komið fram með tillögur til lausnar og virðist sem í stjórnsýslunni sé ekki sátt um hvort verksmiðjan skuli heyra undir landbúnaðar- eða umhverfisráðuneyti. **- óká**



**Í SVÍNABÚI** Svínabændur segja fóðurkostnað aukast hjá sér vegna þess að þeir þurfi að kaupa sojaolíu að utan til að blanda í svínafóður, í stað þess að fá að kaupa fitu úr kjötmjölsverksmiðjunni á Suðurlandi líkt og áður var heimilt.



**UMMERKI ELDSVOÐANS VIÐ HVERFISGÖTU 61**
Húsið á Hverfisgötu 61 er steinhús, en eldurinn var mestur á annarri hæð. Skemmdir eru miklar en húsið reyndist mannlaust er slökkvilið bar að garði.

Reykjavík:

## Eldsvoði á Hverfisgötu

**ELDSVOÐI** Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að brennandi húsi við Hverfisgötu 61 klukkan þrjú aðfaranótt laugardags. Efri hæð hússins var alelda þegar slökkviliðið bar að, en húsið reyndist mannlaust þegar að var gáð. Vegna eldsins þurfti að rýma tvö nærliggjandi hús meðan á slökkvistarfi stóð. Miklar skemmdir urðu á húsinu af völdum eldsins, en eldsupptök eru enn ókunn. Húsið að Hverfisgötu 61 er bakhús og stendur á horni Hverfisgötu og Frakkastígs. Vel gekk að slökkva eldinn, en málið er til rannsóknar hjá lögreglu. **- þlg**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**BÍLVELTA OG BÍLBRUNI** Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk og velti honum á tíunda tímanum á föstudagskvöldið. Bíllinn skemmdist nokkuð en engin slys urðu á fólki. Þá var tilkynnt um fólksbíl sem stóð í björtu báli á Smiðjuvegi aðfaranótt laugardags. Bíllinn er gjörónýtur en lögregla rannsakar málið sem íkveikju.

# Verðhækkanir á bilinu 15 til 20 prósent

Þingmaður Samfylkingarinnar segir verðhækkanir á rafmagni til húshitunar rýtingsstungu í bakið á þeim sem búi við þennan upphitunarkost. Formaður iðnaðarnefndar segir stöðu þessara rafnotenda verða skoðaða.

**RAFMAGN** Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri Rafmagnsveitna ríkisins, segir verðhækkanir á rafmagni til húshitunar verði á bilinu 15-20 prósent, vegna breytinga á lögum um raforkusölu.

Kristján Möller, þingmaður Samfylkingar, segir þessa hækkun koma sem rýtingsstungu í bakið á þeim sem búa við þennan upphitunarkost. Í umræðunni um breytt raforkulög hafi verið áætlaðar 230 milljónir í niðurgreiðslu vegna þessa og alltaf hafi verið talað um ef það dygði ekki til, yrði bætt úr því. „Valgerður Sverrisdóttir og ríkisstjórnin verður að gjöra svo vel og koma með meiri pening. Það segir sig sjálft þegar 230 milljónir duga ekki fyrir þessari hækkun á dreifbýlisupphitun.“

Birkir Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks og formaður iðnaðarnefndar, segir iðnaðarnefnd muni skoða málið. Reynsla í nýskipuðu umhverfi raforkumála eigi eftir að koma í ljós og gjaldskrá orkufyrirtækjanna sé að birtast þessa dagana. „Í framhaldi munum við meðal annars athuga stöðu þeirra rafnotenda sem þarna um ræðir. Við fjárlagagerðina núna í haust var gengið út frá því að þessar 230 milljónir myndu að öllum líkindum leiða til þess að þessir notendur yrðu jafnsettir og áður. Nú er greinilega komið í ljós að þessir fjármunir eru ekki nægir. Það er á hreinu að iðnaðarnefnd á eftir að vinna mikið í þessari löggjöf á þessu ári og í framtíðinni.“

Meðalhækkun raforkuverðs RARIK í dreifbýli verður tæp átta prósent, en engin í þéttbýli. Helstu ástæður þessa hækkana er að ekki má lengur selja rafmagn á mismunandi verði eftir því til hvers rafmagnið er notað. Þá felldi Landsvirkjun niður 34 aura verðafslátt nú um áramót, sem kemur til með að hækka rafmagnsverð allra. Kristján Haraldsson, forstjóri Orkubús Vestfjarða, segir að breytingar á verðtöxtum verði kynntar í næstu viku, en hjá þeim sem einnig kaupa almennt rafmagn verði nánast engin hækkun á raforkuverði. Tekjur fyrirtækisins munu ekki hækka vegna orkusölu, heldur mun nýtt verð endurspegla tilfærslur á milli taxta. **svanborg@frettabladid.is**



**RAFMAGN HÆKKAR**
Verð á rafmagni hefur hækkað. Þeir sem kynda hús sín með rafmagni finna sennilega mest fyrir hækkuninni.



**BIRKIR JÓN JÓNSSON**
Formaður iðnaðarnefndar segir að ræða þurfi nýsett raforkulög í iðnaðarnefnd nú á þessu ári og í framtíðinni.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**HÁLKA Á VESTURLANDI** Lögreglan í Borgarnesi, Stykkishólmi og Ólafsvík þurfti um helgina að aðstoða ökumenn vegna minniháttar óhappa sem tengjast mikilli hálku á vegum Vesturlands og Snæfellsness. Hált snjólag er á flestum vegum og eru ökumenn hvattir til að fara með gát.

**ÓFÆRT Á TRÖLLASKAGA** Nánast ófært hefur verið í umdæmi lögreglunnar í Ólafsfirði og á Dalvík alla helgina. Mikill snjór hefur verið á þjóðvegunum en stöðug ofankoma og vindur hefur spillt færðinni og rutt er. Lögregla þurfti að aðstoða nokkra ökumenn vegna ófærðarinnar en engin umferðaróhöpp urðu í vetrarríkinu fyrir norðan.

**VOND FÆRÐ Á SIGLUFIRÐI** Snjó kyngdi niður í umdæmi lögreglunnar á Siglufirði í gær. Spilltist umferð mikið á götum bæjarins og höfðu menn ekki undan að halda helstu umferðaræðum opnum. Gífurleg hálka er undir snjónum og vill lögregla beina varnaðarorðum til ökumanna í nágrenni Siglufjarðar vegna mikils fannfergis og erfiðrar færðar.

**ÞUNGFÆRT Á HÚSAVÍK** Lögreglan á Húsavík hafði í nógu að snúast að draga og ýta pikkföstum bílum í Húsavíkurbæ og nágrenni á laugardag. Snjókoma var mikil á svæðinu og hægt gekk að ryðja götur. Mikil hálka er undir snjónum, en margir ökumenn drifu ekki í gegnum stóra skafla á vegunum. Lítið þarf til að færð spillist á þessum slóðum ef hvessir og heldur áfram að snjóa.

**FLUGHÁLKA Í VÍK** Lögreglan í Vík í Mýrdal þurfti að aðstoða ökumann sem hafði misst bíl sinn út af þjóðveginum við Eldhraun í flughálku á laugardag. Ökumanninum varð ekki meint af. Glerhált er á Mýrdalssandi og í nágrenni Víkur, og þarf lítið út af að bera til að illa fari ef menn aka ekki miðað við aðstæður.




## Veðrið

**VÉLSLEÐAMENN KÆTAST**
Sá fjöldann allan af vélsleðamönnum á leið úr bænum í gær. Þeir kætast enda snjóalög á landinu með besta móti og veðrið í dag hið besta til þessarar íþróttar. Alltaf svolítill stæll yfir þessari íþrótt. Svo ég tali nú ekki um tækin og hestöflin!! En í dag er það hægviðri með björtu veðri og stöku éljum nyrðra sem einkennir veðurlagið. Frost verður talsvert inn til landsins. Í nótt hvessir mjög við suður- og suðausturströndina með snjókomu þ.e. illviðri.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hvassviðri austan til annars hægari vindur.

### Þriðjudagur




Leifar af strekkingi allra austast annars hæglætisveður.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C skúrir | Frankfurt | 9°C alskýjað | Torrevieja | 16°C heiðskírt |
| Osló | 2°C léttskýjað | Prag | 8°C léttskýjað | Róm | 16°C skýjað |
| London | 11°C skýjað | Amsterdam | 10°C skýjað | New York | 6°C léttskýjað |
| París | 10°C skýjað | Varsjá | 6°C léttskýjað | Miami | 26°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Nýr og enn betri Hyundai Terracan

**Frumsýningarhelgi 8-9 janúar frá kl. 12 til 16**

**Ný hönnun**



**Kraftmiklar vélar**



**Nýr drifbúnaður**



**Ný innrétting**



» Nýr Hyundai Terracan
**Verð frá kr. 3.650.000**

Terracan AC GLX CRDi, 2.9 dísel
163 hestöfl, sjálfskiptur
Hannaður fyrir íslenskar aðstæður
**Þú eignast hann fyrir kr. 3.890.000**
**Bílasamningur kr. 51.900 á mánuði***

Lýsingar til 84 mánaða og 10% útborgun.
ma 575 1200.




B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436



## KJÖRKASSINN

*Viðhefur Impregilo slæma starfshætti á Íslandi?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 88% |
| Nei | 12% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Tekurðu þér vetrarfrí?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Hús Orkuveitunnar:

# Gleymdu loftræstingu og báru við of ódýru húsi

**ORKUVEITA** Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að kostnaður við höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur hafi farið tæp 62 prósent fram úr áætlun en ekki rúm 30 prósent eins og kynnt var. Kostnaðaráætlun á verðlagi í janúar 2005 hafi hljóðað upp á 2.933 milljónir en byggingarkostnaðurinn hafi verið 4.748 milljónir. Því hafi verið farið 1.815 milljónir fram yfir áætlun.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segir þetta óeðlilega útreikninga því norðurhúsið, sem er innifalið í lokatölunni, hafi verið keypt áður en kostnaðaráætlun hafi verið gerð.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ORKUVEITUNNAR**
Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins segir að nýjar höfuðstöðvar kosti 122,5 prósentum meira en fékkst fyrir sölu eldri höfuðstöðva.

Aðalmistök við kostnaðaráætlunina hafi líklega legið í því að Verkfræðistofa VSÓ, sem gerði kostnaðaráætlunina, hafi miðað við þá nýbyggt hús Nýherja, en það hafi allt verið einfaldara og ódýrara. Þá hafi önnur mistök verið gerð, eins og að reikna ekki með loftræstingum, og byggingin sé þúsund fermetrum stærri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi.

Guðlaugur segir það eftiráskýringu að segja að ekki eigi að taka norðurhúsið með í reikninginn. Í allri umræðu um byggingarkostnað hafi menn aldrei bara verið að ræða um aðalbygginguna.

- ss



**VIÐ SAMEININGUNA**
Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra var við sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Rektor er Ágúst Sigurðsson.

Skólar sameinast:

# Nýr háskóli á Hvanneyri

**HÁSKÓLANÁM** Landbúnaðarháskóli Íslands tók formlega til starfa um áramótin. Í honum sameinast Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóli ríkisins.

Um 300 nemendur stunda nám við háskólann. Höfuðstöðvarnar eru á Hvanneyri og helsta starfsemi. Auk þess fer kennsla fram að Reykjum í Ölfusi og Keldnaholti í Reykjavík.

Um 130 starfsmenn koma að rannsóknum og kennslu við skólann. ■

# Átta hundruð á hvern Íslending

**Samanlögð framlög Íslendinga til hjálparstarfs á hamfarasvæðunum í Asíu eru minni en flestra Norðurlanda en mun meiri en forystuþjóða Vesturlanda miðað við höfðatölu.**

**HAMFARIR** Miðað við höfðatölu hefur hver Íslendingur gefið átta hundruð og tuttugu krónur til að lina þjáningar bágstaddra eftir hamfarirnar á annan í jólum við Indlandshaf. Heildarupphæð íslenskra framlaga er komin í 240 milljónir króna. Munar þar mestu um framlag ríkisstjórnarinnar, alls 150 milljónir sem samþykkt var á föstudag.

Rauði kross Íslands hefur safnað um áttatíu milljónum króna hjá almenningi og fyrirtækjum. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum á föstudag að bæta sex milljónum við þær fimm milljónir sem þegar höfðu verið af hendi raktar í þá söfnun og Reykjavíkurborg lagði til tíu milljónir. Hjálparstarf kirkjunnar hefur safnað hálfri fimmtu milljón, SOS barnahjálp einni milljón og Barnavernd hálfri tveimur milljónum. Samtals eru því framlög hjálparstofnana og ríkissjóðs á Íslandi 240 milljónir króna.

Ef litið er til Norðurlanda hafa Íslendingar látið minna af hendi



**BANDARÍSKT SKIP HELDUR Á HAMFARASVÆÐI**
Miðað við höfðatölu greiða Íslendingar þriðjung af því sem Norðmenn láta af hendi rakna en tífalt framlag hvers Bandaríkjamanns.

rakna en Norðurlandaþjóðirnar að Svíum undanskildum. Norðmenn eru gjafmildastir með rúmlega 2.500 krónur á mann og eru næstrausnarlegasta þjóð heims á eftir Áströlum. Framlög okkar eru heldur lægri miðað við höfðatölu en Íslendingar hafa látið af hendi rakna minna fé en Danir og Finnar, um

**AÐSTOÐ VIÐ FÓRNARLÖMB Í ASÍU:**

| | Aðstoð alls: (í milljörðum) | Á mann: (í krónum) |
|---|---|---|
| Ástralía | 55 | 2.730 |
| Noregur | 11,5 | 2.530 |
| Danmörk | 4,5 | 1.000 |
| Finnland | 3,9 | 990 |
| Ísland | 240 | 820 |
| Svíþjóð | 4,5 | 500 |
| Þýskaland | 40 | 493 |
| Japan | 30 | 236 |
| Bretland | 6 | 100 |
| Spánn | 4,1 | 100 |
| Ítalía | 5,6 | 93 |
| Bandaríkin | 21 | 72 |
| Frakkland | 3,4 | 57 |

það bil 1.000 krónur á mann, en talsvert meira en Svíar með 500 krónur á mann.

Athygli vekur að auðugasta ríki heims, Bandaríkin, er næstneðst á lista með aðeins 72 krónur á mann. Aðeins Frakkar láta minna af hendi rakna miðað við höfðatölu eða 57 krónur. Reyndar versnar enn samanburðurinn ef tillit er tekið til þess að Evrópusambandið greiðir rúma 38 milljarða króna til neyðaraðstoðar og uppbyggingar á hamfarasvæðunum.

Vonir standa til að framlög Íslands eigi eftir að hækka umtalsvert. Elín Þ. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri söfnunarinnar „Neyðarhjálp úr norðri“, segir að ekki sé stefnt að því að ná neinni ákveðinni fjárhæð inn í söfnuninni en vonir standi til að góður árangur náist enda ætli öll hjálparsamtök að leggjast á eitt. Söfnunin nær hámarki með beinum útsendingum allra sjónvarpsstöðva laugardagskvöldið 15. janúar.

a.snaevarr@frettabladid.is

Búferlaflutningar á Austurlandi:

# Héraðsmenn fjölmennastir

**AUSTURLAND** Fljótsdalshérað er nú fjölmennasta sveitarfélagið á Austurlandi með 3.364 íbúa. Á síðasta ári sameinuðust sveitarfélögin Fellahreppur, Norður-Hérað og Austur-Hérað í Fljótsdalshérað. Íbúum þess fjölgaði um 433 á milli ára, umfram sameininguna og munar þar mestu um virkjunarsvæðið við Kárahnjúka.

Næstfjölmennasta sveitarfélagið á Austurlandi er Fjarðabyggð. Þar fjölgaði um 65 á milli ára og búa þar nú 3.175 manns. Hornafjörður er þriðja fjölmennasta sveitarfélagið á Austurlandi með 2.225 íbúa en þar fækkaði íbúum um 79 og var fækkunin hvergi meiri á Austurlandi.

-kk

## MENNTAMÁL

**NÁMIÐ Á KREDITKORTIÐ** Nemendur Háskólans í Reykjavík geta greitt skólagjöld með raðgreiðslusamningum. Er það nýjung í greiðslu skólagjalda við háskólann. Nemendur greiða 89 þúsund krónur fyrir vor- og sumarönn, en 99 þúsund fyrir haustönn í diplóma, BSc eða BA námi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ELDUR Í ÖSKUTUNNU** Eldur kviknaði í öskutunnu í ruslageymslu við einbýlishús á Marbakkabraut í Kópavogi á laugardag og var slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kallað til aðstoðar. Vel gekk að slökkva eldinn.

**GLERHÁLKA Á AUSTFJÖRÐUM** Flughált var á vegum á Austfjörðum á laugardag, ekki síst í Norðfirði þar sem vegirnir voru eins og gler. Krossaði lögregla sig fyrir að umferð gengi vel miðað við ástand vega, en engin óhöpp urðu hjá ökumönnum.


# Stökktu til Kanarí 1. febrúar frá kr. 49.990

Þökkum ótrúlegar viðtökur. Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina til Kanaríeyja í 1 eða 2 vikur á hreint ótrúlegu verði. Beint flug til Kanarí. Þú bókar ferðina og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Á Kanarí nýtur þú þjónustu reyndra fararstjóra okkar allan tímann. Bókaðu strax á www.heimsferdir.is

1. febrúar – 1 vika
Kr. 49.990
Verð á mann, m.v. 2 í íbúð/stúdíó. Innifalið flug, gisting í 7 nætur og skattar. Netverð. Ferðir til og frá flugvelli kr. 1.800

Tryggðu þér ferð til Kanarí á lægsta verðinu

1. febrúar – 2 vikur
Kr. 59.990
Verð á mann, m.v. 2 í íbúð/stúdíó. Innifalið flug, gisting í 14 nætur og skattar. Netverð. Ferðir til og frá flugvelli kr. 1.800

Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000. www.heimsferdir.is


Skipulagsstofnun óskar eftir frekari upplýsingum frá Seltjarnarnesbæ:

# Aðalskipulag hefur ekki verið staðfest

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsstofnun hefur ekki sent tillögu Seltjarnarnesbæjar að nýju aðalskipulagi til staðfestingar hjá umhverfisráðherra heldur óskað eftir frekari upplýsingum frá bæjaryfirvöldum.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, starfandi skipulagsstjóri, segir að bæjaryfirvöldum hafi verið sent bréf vegna þessa. Skipulagsstofnun telji að bæjaryfirvöld eigi eftir að bregðast við þeim athugasemdum sem stofnunin gerði á sínum tíma við skipulag Hrólfsskólamela. Þá telji stofnunin einnig að bæjaryfirvöld eigi eftir að bregðast við athugasemdum almennings við skipulag svæðisins.

Guðrún Helga Brynleifsdóttir, oddviti Neslistans, segir þetta ekki koma á óvart. Neslistinn, líkt og fjölmargir íbúar Seltjarnarnesbæjar, hafi margoft mótmælt skipulaginu. Sjálfstæðismenn hafi hins vegar ekki sýnt neinn sáttavilja heldur keyrt málið áfram án þess að láta sig mótmælin miklu varða.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri vísar gagnrýni Neslistans á bug. Hann segir málið hafa verið í vinnslu í rúm tvö ár og mjög vel kynnt fyrir íbúum. Jónmundur segir að grundvallaratriðið sé að Skipulagsstofnun sé ekki að gera bæjaryfirvöld afturreka með skipulagið heldur sé verið að óska eftir frekari upplýsingum.

- th



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON**
Bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar segir skipulagsmálin hafa verið mjög vel kynnt fyrir íbúum.

**Allar upplýsingar um skíðastaðina og vefslóðir þeirra á www.icelandair.is/skidi**



# Frábær skíðafargjöld

## SÉRFERÐIR

**Bandaríkin - Stowe - Vermont** — Verð frá **84.130***

Ferðatímabil: 1. janúar – 31. mars.
* Á mann í tvíbýli m.v. að gist sé frá sunnudegi til föstudags í Vermont.
Innifalið: Flug, gisting í 1 nótt á The Midtown Hotel í Boston á leiðinni út, gisting á Commodores Inn í Stowe í 5 nætur, bílaleigubíll í B-flokki í 6 daga m.v. 2 í bíl, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

**Noregur - Lillehammer** — Verð frá **79.840***

Ferð fyrir gönguskíðafólk, 25. feb. – 2. mars. Lágmarksþátttaka 20 manns.
* Á mann í tvíbýli í 5 nætur.
Innifalið: Flug, gisting í 5 nætur með morgunverði, hádegisnesti og kvöldverði, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis, flugvallarskattar, þjónustugjöld og íslensk fararstjórn.

**Sviss - Engelberg** — Verð frá **120.030***

Vikuferðir. *
Brottfarir 13., 20. og 27. febrúar og 13. mars. **Verð frá 120.030 kr.**
Brottfarir 20. og 27. mars. **Verð frá 128.220 kr.**
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á mann í tvíbýli með fullu fæði, drykkir (ekki sterkir), 6 daga skíðapassi, bílaleigubíll í 1 viku í B-flokki, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

**Hópar leitið tilboða**

**á groups@icelandair.is**

**eða í 5050406**



## FLUG

| | |
|---|---|
| **München** | Verð frá **43.090*** |
| **Milano** | Verð frá **49.090*** |
| **Genf** | Verð frá **49.210*** |
| **Zürich** | Verð frá **50.150*** |

* Innifalið: Flug og flugvallarskattar m.v. að bókað sé á www.icelandair.is, ef bókað er hjá sölumanni bætist við 2.500 kr. þjónustugjald.

## FLUG OG BÍLL

| | |
|---|---|
| **Frankfurt** | **47.180*** |
| **Osló** | **57.580*** |
| **París** | **47.280*** |
| **Boston** | **62.360*** |

Ferðatímabil: 1. október 2004 – 31. mars 2005 (síðasta heimkoma 30. apríl 2005).
Lágmarksdvöl: Aðfaranótt sunnudags.
* Innifalið: Flug, bílaleigubíll í B-flokki í 1 viku á mann m.v. 2 í bíl, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

SAS

Icelandair Hertz Bílaleiga

ICELANDAIR

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 26916 12/2004

24 stundir

**EFTIRMÁL:** FRIÐFINNUR GUÐMUNDSSON HJÁ LANDSBJÖRG:

# *Veðurspá dró úr flugeldasölu*

Sala á flugeldum fyrir áramót og þrettándann stóð í stað á höfuðborgarsvæðinu í ár, en fram til þessa hefur orðið aukning á milli ára, að sögn Friðfinns Guðmundssonar hjá slysavarnarfélaginu Landsbjörg.

Friðfinnur sagði að ekki lægju fyrir sölutölur enn sem komið væri, en tilfinningin segði mönnum að áframhaldandi söluaukning hefði orðið á landsbyggðinni á milli ára. „Það var spáð slæmu veðri í vikunni fyrir áramótin og það hafði alveg greinilega einhver áhrif,“ sagði Friðfinnur. „Ég held að veðurspáin hafi fyrst og fremst haft sín áhrif á söluna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta leit ekki vel út á tímabili, en svo varð áramótaveðrið með því fallegra sem ég hef orðið vitni að.“


FRIÐFINNUR GUÐMUNDSSON

Samkvæmt reglugerð má selja flugelda frá 28. desember til og með 6. janúar. Utan þess tíma má einungis selja flugelda til þeirra sem hafa sérstakt leyfi. Friðfinnur sagði að það væru einkum fyrirtæki sem sæktu um slík leyfi, en lítið væri um að einstaklingar gerðu það. Landsbjörg seldi einnig kyndla sem notaðir væru í blysgöngur og það væri svolítið sala í þeim yfir dimmari mánuðina.

Aðspurður sagði Friðfinnur, að fólk gæti geymt flugelda á milli ára, ef þeir væru hafðir á góðum og öruggum stað. Samkvæmt reglugerð væri endingartími þeirra þrjú ár. ■

## SVONA ERUM VIÐ


**EINS ÁRS BÖRN Á ÍSLANDI ERU 4.191**
Samkvæmt mannfjöldatölum frá 1.12. 2004

Börn og auglýsingar:

# Tölum saman og finnum mörkin

Börn og auglýsingar hafa verið til umræðu, nú síðast vegna einnar slíkrar, sem birtist í fjölmiðlum, þar sem barn var vafið inn í ljósaseríu sem kveikt var á. Sú auglýsing var dregin til baka að tilmælum Samkeppnisstofnunar sem taldi hana stangast á við ákvæði í samkeppnislögum. En þetta er vissulega ekki eina auglýsingin sem gæti komið ímyndunaraflinu á flug hjá börnum og unglingum. Bent hefur verið á ýmsar aðrar, þar sem höfð eru frammi glæfraleg atriði af margvíslegum toga.


ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR

„Það er í mannlegu eðli að ganga of langt,“ sagði Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur. „Við þurfum alltaf að vera að passa okkur, hvort sem fullorðnir, börn eða unglingar eiga í hlut. Þess vegna þurfum við alltaf að vera að tala saman og finna mörkin.“

Elísabet rifjaði upp þegar hún var með ung ömmubörn og barnaauglýsingum var skotið inn á milli teiknimynda sem þau voru að horfa á.

„Þetta voru eins og dvergaauglýsingar og maður hugleiddi hvort þær væru fyrir börn eða fullorðna. Ég held að krakkar líti kannski á þetta sem eina teiknimyndina í viðbót. Það var eins og verið væri að gera börn að litlum, fullorðnum manneskjum. Það fer í taugarnar á mér.

En hin hliðin á málinu er sú, að það getur verið ákveðin virðing fyrir börnum að láta þau vita að tilteknir hlutir séu til fyrir þau.“ ■


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**GÓÐIR VINIR**
Ljóns- og tígrisdýraungar búa saman í sátt og samlyndi í dýragarði í Kína.

# Styttri vinnutími mikilverðastur

**Áramótaávörp biskups og forsætisráðherra vöktu athygli en báðir fjölluðu um stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu. Á meðan sumir fagna að þeir skuli vekja máls á stöðu fjölskyldunnar telja aðrir þá tvímenninga vera á villigötum.**


**BAKSVIÐS**
FJÖLSKYLDAN OG ÁRAMÓTAÁVÖRPIN

**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**
BLAÐAMAÐUR

Íslenskt samfélag hefur breyst frá þeim tíma er jafnaldrarnir Halldór Ásgrímsson og Karl Sigurbjörnsson voru ungir drengir. Þeir, eins og flest börn á þeim tíma, ólust upp í faðmi heimavinnandi húsmæðra enda fátítt að konur ynnu utan heimilanna. Veruleiki dagsins í dag er annar. Þeir vinna sem vettlingi geta valdið.

Á þetta hafa margir bent í umræðum um orð biskupsins og forsætisráðherrans síðustu daga. Ekki sé hægt að bera saman aðstæður barna nú og þá, einfaldlega vegna þess að íslenskt þjóðfélag er gjörbreytt frá því sem var fyrir hálfri öld.

Því fer hins vegar fjarri að þeir tvímenningar séu fyrstir til að benda á að margt megi betur fara í samskiptum barna og foreldra. Í tíu ára gamalli fjölskyldustefnu Barnaheilla segir til dæmis: „Það er útbreidd skoðun að fjölskyldan sé hornreka í íslensku samfélagi. Þjóðfélagsbreytingar taka mið af þörfum atvinnuvega og efnahagslífs og fjölskyldan, hornsteinn þjóðfélagsins, hefur af veikum mætti mátt laga sig að þessum breytingum.“ Skuldinni er að hluta til skellt á stjórnvöld og þau sögð hafa tekið ákvarðanir án þess að huga að afleiðingunum. Breytingar á skattakerfi, barnabótum og húsnæðislánum eru nefndar til sögunnar og sagðar hafa skert afkomu fjölskyldna verulega.

Segja má að Halldór Ásgrímsson hafi svarað þessari tíu ára gömlu gagnrýni þegar hann í ávarpi sínu nú sagði Alþingi hafa samþykkt að létta undir með heimilunum með skattalækkunum og hærri barnabótum.

„Það er ekki að ástæðulausu því ýmis teikn eru á lofti um að gömul og gróin fjölskyldugildi séu á undanhaldi með óæskilegum afleiðingum,“ bætti hann við.

Athyglisvert er að Halldór gefur í skyn að aðgerðunum sé ætlað að bæta fyrir það sem miður hefur farið en þar með talar hann í mótsögn við fjármálaráðherra ríkisstjórnar sinnar. Geir Haarde sagði nefnilega í aðdraganda skattabreytinganna að þeim væri ekki síst ætlað að hvetja fólk til að vinna meira.

**Líf án yfir-, eftir- og aukavinnu**

Það sést glögglega á leikskólum höfuðborgarsvæðisins hvað foreldrar vinna mikið. Börnin dvelja að öllu jöfnu lengur á leikskólunum en áður auk þess sem leikskólabörnum hefur fjölgað frá því sem var. Leikskólakennurum, sem rætt var við, ber saman um að hraðinn og álagið í samfélaginu hafi aukist stórum og merktu það vel í leikskólunum. Allir létu þeir þó vel af foreldrunum og sögðu þá almennt rækta hlutverk sitt eins vel og þeir gætu. Hins vegar kostaði tíma og streð að koma sér upp húsnæði og öðru því sem nútímalífinu fylgir þannig að tíminn með börnunum væri ekki jafn langur og best væri. Mismunandi skoðanir eru uppi um hvort heppilegt sé að börn séu allt að níu klukkustundir á leikskólum en flestum bar þó saman um að börnunum væri betur borgið þar heldur að hætta fyrr á daginn og lenda hugsanlega á þvælingi milli skyldmenna eftir það.

Þess má raunar geta að til er fólk sem telur þjónustu leikskólanna alls ekki nægja og vill hafa þá opna fram á kvöld.

Leikskólakennararnir sem rætt var við eru ekki sammála biskupi um að foreldrar hafi falið öðrum uppeldi barna sinna. Þeir sögðust líta á sig sem viðbót – ennþá að minnsta kosti.

Hins vegar varð þeim tíðrætt um agaleysið sem almennt ríkir í samfélaginu og sögðu það bæði einkenna börn og fullorðna. Miklar breytingar hefðu orðið í þeim efnum á um tuttugu árum og mikilvægt að eitthvað yrði gert til að snúa þróuninni við.


**GLEÐIN SKÍN ÚR HVERJU ANDLITI**
Borgarstjórinn í Reykjavík ásamt hópi skólabarna í Melaskóla. Myndin var tekin þegar börnin afhentu borgarstjóra jólakort á aðventunni.

Aragrúi skýrslna hefur verið unninn um fjölskylduna og stöðu hennar á umliðnum árum og til nokkurra þeirra hefur verið vitnað í umræðum um málið síðustu daga. Víst er að þeir, sem forsætisráðherra felur að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar, hafa úr talsverðu að moða og spennandi að sjá hvaða niðurstaða fæst og til hvaða aðgerða gripið verður í framhaldinu. Almannnarómur segir hins vegar að mikilverðast sé að stytta vinnudaginn og gera fólki bært að lifa góðu lífi án yfir-, eftir- og aukavinnu. ■

Úr áramótaávarpi biskups:

## Ábyrgðarsviðum foreldra er „átsorsað“

„Nú á dögum erum við mitt í stórfenglegri tilraun sem á sér enga hliðstæðu í sögu mannkyns. Það er heimur þar sem skuldbindingar hjúskapar og foreldrahlutverksins virðast álitnar valkvæðar, og þar sem æ fleiri ábyrgðarsvið foreldra gagnvart börnum sínum eru fengin öðrum – „átsorsað“ – eins og það heitir á viðskiptamálinu! Uppeldi og agi, menntun og fræðsla og umhyggja er falin dagmæðrum, leikskólum og skólum og sérfræðingum. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim mikilvægu stofnunum og því góða fólki sem mannar þær. En án atbeina og þátttöku foreldra dugar jafnvel hinn besti skóli og frábærasti kennari skammt. Æ fleiri foreldrar finna sig vanmáttuga í foreldrahlutverkinu og finnst sem þeir ráði ekki við verkefnið. Sjónvarpið og vídeóið og tölvan verða sífellt mikilvægari gæslu- og uppeldisaðilar á heimilum, samtöl milli foreldra og barna verða æ fátíðari. Aldrei nokkru sinni hefur foreldrahlutverkið verið í meira uppnámi en einmitt nú, og aldrei hefur uppeldishlutverk foreldra verið minna metið en nú. Aldrei fyrr hafa eins margir foreldrar yfirgefið börn sín og nú, á mesta velmegunarskeiði Íslandssögunnar.“ ■


KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP

Úr áramótaávarpi forsætisráðherra:

## Fjölskyldugildin eru á undanhaldi

„Alþingi hefur samþykkt að létta undir með heimilunum í landinu með því að lækka skatta og hækka um leið bætur til barnafólks. Með þeim breytingum er lögð sérstök áhersla á barnafjölskyldur. Það er ekki að ástæðulausu því ýmis teikn eru á lofti um að gömul og gróin fjölskyldugildi séu á undanhaldi með óæskilegum afleiðingum. Samheldni fjölskyldna virðist minni. Við vitum að börn þarfnast umhyggju foreldra sinna og tíma fyrir leik og samræðu. Nútímaþjóðfélagið hefur breytt lífsmynstrinu og í kjölfarið hafa samverustundir fjölskyldunnar tekið breytingum. Hverju er um að kenna? Langur vinnudagur margra er auðvitað nærtæk ástæða, en örugglega ekki eina skýringin. Er mögulegt að ýmis konar afþreying tefji svo fyrir börnum og fullorðnum að heimanám, elskulegur agi og uppeldi líði fyrir? Er ástæða til að sjá fjölskyldugerð fyrri tíma í hillingum? Hefur stórfjölskyldan gefið um of eftir? Látum við aðra um uppeldi barna okkar - dýrmætustu eignina í lífinu? Það er bjargföst trú mín að samheldin og ástrík fjölskylda sé kjarninn í hverju þjóðfélagi. Þann kjarna þarf að styrkja og treysta og við höfum komið til móts við breyttar kröfur með fæðingarorlofi fyrir báða foreldra, sem var mikið jafnréttismál. Að sama skapi höfum við lagt áherslu á að allir geti eignast sitt eigið húsnæði. En betur má ef duga skal. Ég hef því ákveðið að setja af stað vinnu við að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar.“ ■


HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA

TILBOÐ Á EGLA BRÉFABINDUM - VERÐ 339 KR / STK. Tilboðið gildir til 31. janúar 2005


BIC Atlantis penni
Verð 90 kr/stk

MÚLALUNDUR


Geisladiskar:
100 stk. hólkur 5.530 kr
50 stk. hólkur 2.963 kr
10 stk í þunnum hulstrum 995 kr/pakkning


egla


Gatapokar
100 stk í pakka 486 kr/pk

Ljósritunarpappír 397 kr/pakkningin


Teygjumöppur
af mörgum gerðum
og þykktum

PILOT SUPER GRIP
Verð 75 kt/stk


STABILO BOSS
Verð 78 kr/stk

Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is

tmhusgogn.is

# ! ÚTSALA



## Verðdæmi:

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 1. **Vestergaard sjónvarpsskápur** spónlaður, hlynur, kirsuber, 210x115x60 cm | 92.500 kr. | 57.500 kr. |
| 2. **Sófar New Line** 3+2, svart leður | 329.000 kr. | 229.000 kr. |
| 3. **Sófi Lind 237** tau áklæði, brúnt, drappað | 131.000 kr. | 79.000 kr. |
| 4. **„Tungu“ sófi Megara** tau áklæði, grátt, drappað | 98.000 kr. | 59.000 kr. |
| 5. **Náttborð m/ 1 skúffu** hlynur, kirsuber melamin | 6.000 kr. | 3.500 kr. |
| 6. **Fataskápur 41090** beyki, hlynur, kisruber melamin, 145x60x200 | | 18.000 kr. |
| 7. **Skrifborð 80231/2 m/yfirhillu** hlynur/grátt melamin, 155x70x150 | | 19.500 kr. |
| 8. **Eldhús- og borðstofustólar** | | frá 1.500 kr. |

9. Jensen rúm, Ambassador og Comfort á 30% afslætti, afgr.frestur um.þ.b. 3 vikur

**10% afsláttur** af öllum vörum sem ekki eru sérmerktar sem útsöluvörur

**Opið**

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00

**TM - HÚSGÖGN**

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

- *ævintýri líkust*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Sauðfjárbændur búa almennt við lakari kjör en kúabændur.

## Landbúnaðar-háskólinn

Stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri í Borgarfirði markar viss þáttaskil í landbúnaði og skóla- og rannsóknarstarfsemi hér á landi. Skólinn varð til með sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Markmiðið með stofnun skólans er að sameina í einni stofnun rannsóknir og kennslu á sviði hagnýtrar náttúrufræði. Skólinn mun sinna rannsóknum á búfénaði og náttúru Íslands, auk þess að annast háskólamenntun á sviði landbúnaðar og sinna menntun fyrir bændur og búalið á ýmsum sviðum landbúnaðar og tengdra greina.

**„Landbúnaðarráðherra þarf að notfæra sér þekkingu, rannsóknir og reynslu þeirra sem starfa við hinn nýja skóla til að bæta kjör bænda, án þess að auka framlög úr ríkissjóði, þannig að hægt sé að gera eðlilegar arðsemiskröfur til greinarinnar.**

Með sameiningu þessara þriggja stofnana hefur Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra tekist að koma undir einn hatt á landsbyggðinni öflugri rannsóknar- og menntastofnun sem á ekki aðeins að koma íslenskum landbúnaði til góða heldur hlýtur starfsemi Landbúnaðarháskólans líka að sinna ýmiskonar áhuga- og atvinnumálum þéttbýlisbúa, sem í auknum mæli sækja út á land til tímabundinnar eða varanlegrar búsetu.

Nú þegar Landbúnaðarháskóli Íslands hefur formlega tekið til starfa er ekki úr vegi að staldra aðeins við og huga að stöðu íslensks landbúnaðar. Bændum hefur fækkað jafnt og þétt á síðustu árum og þar með hefur landið orðið strjálbýlla. Hörð gagnrýni hefur oft á tíðum verið á landbúnaðarstefnuna. Gagnrýni á landbúnaðarstefnu er ekkert sérmál okkar Íslendinga. Þvert á móti. Heitar umræður fara oft fram innan Evrópusambandsins um landbúnaðarmál – niðurgreiðslur, styrki og byggðamál. Bandaríkin eru talin vera mesta landbúnaðarland heims, og þar hefur löngum verið mikil offramleiðsla innan landbúnaðarins. Bandaríkjastjórn hefur þurft að kaupa umframkornbirgðir, sem síðan hefur verið dreift sem þróunarhjálp til vanþróaðra ríkja, eða landa þar sem náttúruhamfarir hafa orðið.

Hér á landi hafa orðið miklar framfarir í landbúnaði á síðustu árum, en þrátt fyrir það búa margir bændur við mjög kröpp kjör. Landbúnaðurinn skiptist í tvær höfuðgreinar, sauðfjárrækt og kúabúskap. Síðan koma aðrar greinar eins og garðyrkja og skógrækt, og á allra síðustu árum hefur kornrækt orðið sífellt útbreiddari. Hún er kannski gott dæmi um hverju rannsóknir í landbúnaði geta skilað okkur. En það er ekki aðeins að landbúnaður skiptist í tvær höfuðgreinar, heldur virðist sem himinn og haf sé á milli bænda hvað afkomu varðar, og skiptir þá ekki höfuðmáli hvar á landinu bændur búa. Sauðfjárbændur búa almennt við lakari kjör en kúabændur, og á ljósa kjötið þar stóran þátt. Kjötmarkaðurinn virðist þó vera að ná jafnvægi, en það dugar þó varla til að bæta kjör sauðfjárbænda að ráði.

Landbúnaðarráðherra þarf að notfæra sér þekkingu, rannsóknir og reynslu þeirra sem starfa við hinn nýja skóla til að bæta kjör bænda, án þess að auka framlög úr ríkissjóði, þannig að hægt sé að gera eðlilegar arðsemiskröfur til greinarinnar. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mannekla hrjáir VG

Í pistli í vefriti Framsóknar, Tímanum, ræðir Pétur Gunnarson ástandið í R-listanum. Segir hann að VG eigi orðið í mesta basli með að axla ábyrgð sína á þeim vettvangi. „Þegar rúmt ár er eftir af kjörtímabilinu er flokkurinn búinn að missa þrjá af fulltrúum sínum í borgarstjórnarflokknum fyrir borð og á nú aðeins eftir einn varamann til þess að hlaupa í skarðið fyrir borgarfulltrúa sína", skrifar Pétur. Hann rifjar upp söguna: „Fyrsti varamaðurinn hljópst á brott í byrjun síðasta árs vegna áforma um að rífa Austurbæjarbíó, sá næsti hætti um líkt leyti af persónulegum ástæðum og nú um áramótinn fór leiðtogi flokksins í Reykjavík, Árni Þór, til starfa í Brussel. Þar með á VG aðeins eftir þrjá fulltrúa af þeim sem stillt var upp á vegum flokksins í aðalsæti við síðustu borgarstjórnarkosningar og má bókstaflega ekkert út af bregða til þess að flokkurinn geti ekki axlað ábyrgð í samstarfinu og verði að fá samstarfsflokkana til þess að draga sig að landi."



### Gegn rétthugsun

Ekki er hægt að segja að skoðunum Ragnars Árnasonar prófessors um fánýti aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sem sagt var frá hér í gær, sé vel tekið. „Hugmyndin er fráleit og algjörlega andstæð íslenskum hagsmunum", hafði Útvarpið eftir Eiríki Bergmann Einarssyni aðjúnkt í stjórnmálafræði við Háskólann. Fleiri hafa tekið í sama streng. Ragnar heldur væntanlega sínu striki enda ekki óvanur því að halda fram sjónarmiðum sem lítt eru til vinsælda fallin. Rifjast upp í því sambandi að þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp 1988 andmælti Ragnar kerfisbreytingunni af miklum þunga og spáði illa fyrir henni í greinum í vikuritinu Vísbendingu. Ríkjandi skoðun er hins vegar að staðgreiðslan hafi átt drjúgan þátt í að koma á jafnvægi í efnahagskerfi okkar. En jafnvel þótt telji megi að Ragnar hafi rangt fyrir sér bæði um EES og staðgreiðsluna – og kannski fleiri málefni – er rétt að hafa í huga að mikil verðmæti eru fólgin í mönnum sem þora að rísa gegn pólitískri rétthugsun hvers tíma. Það skyldi ekki vanmetið.

gm@frettabladid.is

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

## Réttar skoðanir – og rangar

Á sextíu ára afmæli íslenska lýðveldisins á nýliðnu ári byrjuðu menn að tala um lýðræði. Það var svo sem tími til kominn. Vissulega er þroski þjóða misjafnlega hraður – eins og gengur og gerist hjá manninum sjálfum – en sextíu ár eru nátturlega nokkuð langur tími til að ná áttum.

Og menn byrjuðu sumsé að tala um virkt lýðræði; hvernig þjóðin getur á stundum fengið að njóta sín í stað þess að láta fulltrúaveldið segja sér fyrir verkum. Sýknt og heilagt.

Það virðist nefnilega ekki vera sjálfgefið að lýðurinn fái notið sín í lýðræðisríki. Og fulltrúaveldið eins og við þekkjum það á Íslandi – þar sem framkvæmdavaldinu er blandað óhóflega saman við löggjafavaldið – er oft á tíðum úr slíkum takti við blessaða þjóðarsálina að heilu og hálfu úthöfin skilja þar að. Svo og himingeimarnir.

Altént himinn og haf.

Stundum hefur læðst að mér sá grunur að íslenska fulltrúaveldið sé svo að segja skíthrætt við skrílinn sem skundar niður Laugaveginn í amstri sinna daga. Og eiga það þó að heita kjósendur. Og æ oftar hef ég fengið það á tilfinninguna að ráðherrar landsins, svokallaðir ráðamenn, hvaðan sem þeir svo sem koma, óttist það mest af öllu að fólkið taki af þeim völdin; þetta fólk sem er eini raunverulegi mælikvarðinn á vilja og visku þjóðarinnar.

Síðasta sumar tók þessi hópsál völdin af íslenskum ráðamönnum. Og sömu ráðamönnum fannst erfitt að viðurkenna það. Ef til vill er það vegna þess að þeir hræðast hið raunverulega lýðræði; þróttmikla og vakandi skoðun samtímamanna sinna sem vita jafnlangt nefi sínu og hafa þar fyrir utan fullan skilning á málefnum líðandi stundar – fréttaþyrstir og fastir fyrir.

Fólk er ekki fífl. Og allra síst á það við um endilangan þverskurð þjóðar sem er reiðubúinn að vísa leiðina þegar á þarf að halda. Hið raunverulega og virka lýðræði er fólgið í vilja þjóðarinnar á hverjum tíma – og því ekki að nota það sem oftast? Er eitthvað að hræðast? Ert eitthvað einfaldara, sjálfsagðara?

Auðvitað hefðu Íslendingar aldrei samþykkt stríðsförina til

**„Kannski sjáum við fram á tímabundið ástand þess að stjórnmálamenn reyni að verja völd sín. Kannski verða komandi tímar því marki brenndir að ráðherravaldið verði afbrýðisamt út í alþjóðavæðingu samtímans. Kannski er kynslóðum sem vaxið hafa upp undir valdi, alltaf nauðsynlegt að sýna svipað vald og þær þurftu sjálfar að þola.**

Íraks ef þeir hefðu einhverju ráðið. En það var ekki íslenska þjóðin sem réð því; aðeins tveir fulltrúar hennar – vanir því að velja og hafna, vanir gömlu valdsbrölti.

Og kannski er þjóðin að taka völdin af þessum mönnum, öðru sinni.




TEIKNING/HELGI SIGURÐSSON

Kannski.

Enda þótt virkt lýðræði sé tískuorð síðustu mánaða – og hafi svolítið fundið til máttars síns – er ekki þar með sagt að það nái fótfestu hér á landi. Alla síðustu öld var Íslendingum skammtað frelsi úr köldum lófa valdsmanna og embættismanna sem höfðu ótrúlega mikið vægi í lífi venjulegs fólks. Þá ríkti eiginlega ráðstjórn hér á landi. Íslendingar uppgötvuðu ekki möguleika frelsisins til fullnustu fyrr en útlendingar bentu þeim á þá við undirritun samningsins um evrópska efnahagssvæðið fyrir góðum áratug, sem líklega er merkasta sjálfstæðisyfirlýsingin í sögu Íslendinga og þar fyrir utan merkasta framfaraskref í hagsögu þeirra. Blessað fjórfrelsið hefur hrifsað íslenska þjóð aftan úr fornaldarkreddum fimbulstjórnmála til annarra og nýrra tíma þar sem í ljós kemur að þörfin fyrir stjórnmálamenn fer óðum minnkandi.

Vitaskuld eiga stöku stjórnmálamenn erfitt með að taka þessu.

Stöku stjórnmálaflokkar.

Og stöku fjölmiðlar.

Það er náttúlega óttalega vond tilfinning að finna þverrandi mátt sinna valdsmannslegu tilburða. Og efalítið er það ennþá verri tilfinning að finna frelsið leysast úr læðingi sakir eigin lögmála en ekki skammtaðra, boðaðra, bannaðra, bölvaðra.

Kannski sjáum við fram á tímabundið ástand þess að stjórnmálamenn reyni að verja völd sín. Kannski verða komandi tímar því marki brenndir að ráðherravaldið verði afbrýðisamt út í alþjóðavæðingu samtímans. Kannski er þeim kynslóðum sem vaxið hafa upp undir valdi, alltaf nauðsynlegt að sýna svipað vald og þær þurftu sjálfar að þola.

Kannski.

Hitt er jafn augljóst og munur birtu og myrkurs að lýðræðisskilningurinn hefur lítið skánað. Hann er fólginn í því að tveir menn rífist og á milli þeirra sitji þurrbrjósta þáttastjórnandi. Og menn eru ýmist blindir eða bullukjaftar. Lygarar eða lúserar. Þetta eru ekki samræður; miklu fremur einræður – pípandi niðurgangur njörvaðra skoðana sem ekkert fær haggað þar til foringinn fer. Umburðarlyndið er náttúrlega óþekkt stærð; sömuleiðis samviskan, sjálfstæðið. Hvað þá viðurkenning þess að orka allrar opinnar umræðu er fengin úr ólíkum skoðunum. Og þess þá heldur að fagna því að eins ólíkar skoðanir þrífist í einu og sama landinu og nokkur kostur er. Nei; það hentar ekki flokksræðinu – skiptum okkur áfram í rétt og rangt, rím og rugl.

Við lifum enn á þeim tímum að ein skoðun virðist öðrum réttari.

Og birtum þær enn í miðopnunni. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

*Opnaðu nýjar dyr*

## Starfsnám

### Tölvu- og skrifstofunám

Þrautreynt og vandað 200 stunda starfsnám sem skilar strax árangri. Þetta nám hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Sjá námskrá á heimasíðu skólans.
Hefst 26. janúar. Morgun- og kvöldhópar
Verð kr. 136.000,- Allt námsefni innifalið.

### I Bókhald

Hagnýtt og hnitmiðað grunnnám í bókhaldi sem samanstendur af verslunarreikningi, almennu bókhaldsnámi, vsk lögum og reglum og tölvubókhaldi í Navision.
Sjá námskrá á heimasíðu skólans.
Hefst 11. janúar. Morgun og kvöldhópar.
Lengd: 100 kennslustundir
Verð kr. 86.000,-



### II Bókhald

Framhaldsnámskeið í Navision tölvubókhaldi
Sjá námskrá á heimasíðu skólans.
Hefst 22. febrúar. Morgun og kvöldhópar.
Lengd: 63 kennslustundir
Verð kr. 59.000,-



## Tölvunám

### Byrjendanámskeið

60 stunda námskeið ætlað þeim sem enga tölvukunnáttu hafa. Á þessu námskeiði er allt sem byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi á sérlega hagstæðu verði.
Verð kr. 36.000-

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt 60 stunda námskeið ætlað þeim sem einhvern tölvugrunn hafa til að byggja á en þurfa að auka færni sína í allri meðhöndlun skjala í tölvu og mest notuðu skrifstofuforritunum Word, Excel og Outlook.
Verð kr. 38.000,-

### TÖK tölvunám

90 stunda námskeið til undirbúnings alþjóðlegum „TÖK" prófum sem votta almenna tölvufærni í öllum helstu skrifstofuforritum. Hentar sérstaklega þeim sem vilja eða þurfa á alþjóðlegri vottun á tölvukunnáttu sinni.
Verð kr. 59.800,-

### Margmiðlun fyrir almenning

Nýtt námskeið fyrir þá fjölmörgu sem eru komnir með öflugar heimilistölvur en hafa takmarkaða þekkingu eða færni á þeim ótalmörgu möguleikum sem tölvan hefur uppá að bjóða.
Sjá ítarlega lýsingu á heimasíðu skólans.
Verð kr. 44.000,-

### Stök námskeið

Access grunnur og framhald, Word grunnur og framhald, Excel grunnur, Excel í skipulagi og stjórnun, Outlook, PowerPoint, Flash, Freehand, FrontPage, Photoshop og InDesign.

## Grafík og hönnun



### Stafrænar myndavélar og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni

Vinsælt námskeið um öll helstu grundvallaratriði þessarar nýju tækni. Þátttakendur æfa meðferð og helstu stillingar stafrænu myndavélanna. Að því loknu eru myndirnar færðar inní tölvu og æfð meðferð þeirra og grundvallarlagfæringar.
Verð kr. 15.000, og er ný kennslubók á íslensku innifalin.

### Vefsíðugerð

**I** Námskeið ætlað byrjendum í vefsíðugerð. Nemendur læra myndvinnslu í Photoshop og búa til sína eigin heimasíðu í Frontpage. Nánari lýsing á heimasíðu skólans.
Verð kr. 36.000,-

**II** Stutt en markvisst námskeið fyrir lengra komna í gerð þróaðra vefsíðna. Helstu viðfangsefni námskeiðsins: HTML, CSS og Dreamweaver.
Verð kr. 39.000,-

### Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt námskeið fyrir byrjendur í grafískri vinnslu hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Kennd er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.
Verð kr. 65.000,-



### Umbrotstækni

Nýtt námskeið sem mikið hefur verið spurt eftir. Þetta námskeið veitir góða undirstöðu í hinum vinsælu umbrotsforritum InDesign og QuarkXPress en bæði þessi forrit eru í útbreiddri notkun. Einnig er veitt innsýn í meðhöndlun á Acrobat skrám bæði fyrir vefinn og prentiðnaðinn.
Verð kr. 44.000,-

## Eldri borgarar



### I Byrjendur

30 kennslustunda vinsælt námskeið fyrir byrjendur 60 ára og eldri.
Kennsla hefst 26. janúar og lýkur 16. febrúar. Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 13 – 16
Verð kr. 19.500,-

### II Framhald

30 kennslustunda námskeið sem hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Kennsla hefst 27. janúar og lýkur 17. febrúar. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13 – 16
Verð kr. 19.500,-



*Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

*Miklar væntingar eru þegar bundnar í hlutabréfaverð. Það þýðir að svigrúm til mistaka er ekki mikið. Ef hin stóru verkefni gefa lítið af sér, eða ef langan tíma tekur að hemja þann rekstur sem íslensk fyrirtæki hafa tekið yfir, getur það orðið mjög kostnaðarsamt bæði fyrir íslensku fyrirtækin og íslenska fjárfesta.*

# Óvíst hvort ævintýrið haldi áfram

**Árið 2004 skilaði fjárfestum í hlutabréfum gríðarlegum hagnaði. Úrvalsvísitalan hækkaði um sextíu prósent. Enginn hafði spáð slíkum hækkunum og enginn spáir því að annað eins gerist nú í ár.**

Árið 2004 var ævintýri líkast á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Úrvalsvísitalan hækkaði um tæp sextíu prósent á árinu og allt fram á haust virtist fátt ætla að koma í veg fyrir að vísitalan tvöfaldaðist að gildi.

Í byrjun október snérist þróunin hins vegar við og á aðeins þremur vikum lækkaði Úrvalsvísitalan um tæp tuttugu prósent en á síðustu tveimur mánuðum ársins réttu hlutabréfin aðeins úr kútnum og virðist sem ákveðið jafnvægi hafi komist á stemninguna á markaðnum.

**Tvær hækkunarhrinur**

Hækkanirnar árið 2004 komu í tveimur hrinum. Í upphafi árs urðu miklar hækkanir sem meðal annars tengdust uppskiptingu á eignum gamla Eimskipafélagsins. Hækkanir voru litlar frá mars og fram undir mitt ár. Þá hófst hins vegar mikil hækkunarhrina sem tengdist útrás fyrirtækja, átökum um eignarhald í fyrirtækjum og mikilli bjartsýni um þróun efnahagsmála.

Á fjórum mánuðum hækkaði Úrvalsvísitalan um næstum fimmtíu prósent og þegar Úrvalsvísitalan var við það að rjúfa fjögur þúsund stiga múrinn tóku við dagar mikillar taugaveiklunar í Kauphöllinni. Hlutabréf hrundu í verði á nokkrum dögum.

**Stressdagar í Kauphöll**

Taugaveiklunin á markaðnum varð svo mikil að suma dagana lækkaði vísitalan um meira en fimm prósent áður en skyndilegar hækkanir afstýrðu hruni á síðustu mínútunum áður en markaðir lokuðu. Þann 2. nóvember námu sveiflur innan dagsins rúmlega sjö prósent af markaðsverðmæti fyrirtækjanna í Úrvalsvísitölunni og fór vísitalan niður í 3.087 stig innan dagsins.

Verðbréfamiðlarar og fjárfestar um land allt rifjuðu upp fyrir sér myndir af örvæntingarfullu fólki í upphafi heimskreppunnar á þriðja áratugi síðustu aldar og menn hringdu hver í annan og spurðu hvort einhver vissi „hvað væri eiginlega að gerast“. Það sem var að gerast var sennilega að fjárfestar voru orðnir ánægðir með ávöxtun sína og ákváðu að leysa út hagnaðinn.

Mjög hefur dregið úr sveiflum á markaði síðan og má gera ráð fyrir að blóðþrýstingur fjárfesta hafi einnig orðið stöðugri.

**Skiptar skoðanir um horfurnar**

Skömmu fyrir fall hlutabréfa í október höfðu raddir efasemdarmanna orðið háværari og greiningardeildir bankanna sögðu að sífellt fleiri einkenni verðbólu væru í verði íslenskra hltuabréfa. Þetta kann að hafa haft einhver áhrif á fjárfesta en þessu til viðbótar nýttu mörg fyrirtæki sér hátt hlutabréfaverð til að styrkja sjóði sína með að bjóða út nýtt hlutafé. Þessi hlutabréfaútboð hafa ákveðin ruðningsáhrif í för með sér. Þeir sem ætla að taka þátt í þeim eiga ekki endilega næga innistæðu á tékkheftinu sínu og þurfa því að selja hlutabréf í öðrum fyrirtækjum til að eiga fyrir nýju hlutafé.




**Fleiri útboð líkleg**

Það er talið eitt af merkjum um hátt hlutabréfaverð þegar stjórnendur fyrirtækja vilja ná í fjármagn með því að bjóða út nýtt hlutafé og svo virðist sem þær aðstæður séu enn uppi því nokkur stór hlutafjárútboð eru yfirvofandi auk einkavæðingar Símans. Þá gæti flugrekstrarfélagið Avion haft í hyggju að bjóða út nýtt hlutafé samhliða boðaðri skráningu í Kauphöll Íslands. Þessi áform ættu að öðru jöfnu að halda aftur af hækkunum á hlutabréfamarkaði enda er það mat flestra sérfræðinga að hækkun á hlutabréfum verði miklum mun minni nú í ár heldur en á síðasta ári.

**Íslandsbanki bjartsýnn**

Greiningardeild Íslandsbanka kynnti skýrslu sína um horfur á hlutabréfamarkaði á föstudaginn og samkvæmt mati sérfræðinga deildarinnar má búast við að hækkun Úrvalsvísitölunnar á þessu ári verði um fimmtán prósent.

Þegar Úrvalsvísitalan fór sem hæst í októberbyrjun létu hagfræðingarnir Ágúst Einarsson og Gylfi Magnússon hafa eftir sér að lækkunin sem slík væri ekki fréttnæm heldur hinar gríðarlegu hækkanir sem átt hafa sér stað á síðustu árum. Fræðimenn telja þróunina á hlutabréfamarkaði ekki vera í tengslum við raunveruleikann og samkvæmt hefðbundnum mælikvörðum eru íslensk hlutabréf ennþá í dýrari katninum. Fræðimenn benda á að það sé ekki eðlilegt ef verðmæti hlutabréfa hækkar langt umfram aðrar efnahagsstærðir í samfélaginu. Slík hækkun hafi aldrei verið varanleg.

**Útrásin er málið**

Sérfræðingar á markaði eru hins vegar ekki sammála fræðimönnunum að öllu leyti og benda á að raunverulegur árangur sé á bak við hækkunina á verðmæti íslenskra fyrirtækja. Þar er helst nefnd til sögunnar útrás íslenskra fyrirtækja sem hefur aldrei verið meiri en nú. Íslensk fyrirtæki á borð við stóru bankana, Actavis, Bakkavör og Össur starfa á alþjóðlegum markaði sem gefur mikinn möguleika á áframhaldandi vexti. Ef sá vöxtur lukkast er eðlilegt að verðmæti hlutabréfa í þessum fyrirtækjum hækki verulega í verði.

Útrásin er því forsenda þess að hlutabréfaverð geti hækkað langt umfram vöxt íslenska efnahagslífsins. Ef íslensk fyrirtæki stækka markaðssvæði sín stórlega á hverju ári þýðir það einfaldlega að stærð og vöxtur íslenska efnahagslífsins eru þeim enginn fjötur um fót.

**Hættur á markaði**

Í afkomuspá sinni tiltekur greiningardeild Íslandsbanka nokkra þætti sem hafa munu áhrif á hlutabréfaverð bæði í lengd og bráð. Eins og á síðasta ári verður útrás íslenskra fyrirtækja einn helsti áhrifaþátturinn. Sérstaklega verður litið til þess hvort fyrirtæki sem sett hafa sér markmið um vöxt erlendis nái þeim. Bakkavör mun á næstu mánuðum gera atlögu að yfirtöku á breska matvælafyrirtækinu Geest og er útlit fyrir að þær fyrirætlanir gangi eftir. Landsbankinn leitar enn að heppilegum tækifærum erlendis og Burðarás hefur styrkt stöðu sína í Carnegie bankanum auk þess sem líklegt er að önnur fyrirtæki tengd Björgólfi Thor Björgólfssyni láti til sín taka í erlendum fjárfestingum. Að hve miklu leyti íslensk fyrirtæki taka þátt í þeim verkefnum er þó óvíst þótt áframhaldandi aukning umsvifa Björgólfs skapi vafalaust töluverð tækifæri fyrir þau félög sem tengjast honum hér á landi.

Íslandsbanki nefnir einnig að útlit er fyrir áframhaldandi sókn fyrirtækja í fé frá fjárfestum í gegnum hlutafjárútboð og að sterkt gengi íslensku krónunnar, og hætta á snöggri gengislækkun í kjölfarið, hafi áhrif bæði á framlegð fyrirtækja og stemninguna á markaðnum.

**Stóru félögin áfram í sviðsljósinu**

Smæð íslenska markaðarins gerir það að verkum að stærstu félögin á markaði hafa mjög verulegg áhrif á þróun Úrvalsvísitölunnar. Stóru bankarnir þrír eru allir taldir standa fremur sterkir um þessar mundir þótt minni hagnaður af viðskiptum með hlutabréf hafi töluverð áhrif á afkomu Íslandsbanka og sérstaklega Landsbankans.

Þeir hafa hins vegar allir styrkt tekjugrunni sína bæði með fjárfestingum erlendis og með því að taka þátt í stórum fjárfestingarverkefnum erlendis. Slíkum verkefnum fylgja háar þóknunartekjur og ef íslensk fyrirtæki halda áfram uppteknum hætti á árinu þá mun hagur bankanna halda áfram að vænkast.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FARIÐ YFIR STÖÐUNA** Á fundi greiningardeildar Íslandsbanka á föstudag kom fram að bankinn telur ekki að íslensk félög séu almennt of dýr. Íslandsbanki telur að Úrvalsvísitalan hækki um 15 prósent í ár.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
9,3%*
Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.
*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 31.12.2004 á ársgrundvelli



### Actavis til Lundúna

Lyfjafyrirtækið Actavis naut þeirrar sérstöðu meðal stórra íslenskra fyrirtækja í fyrra að hlutabréfaverð í félaginu lækkuðu á árinu. Þetta er þó ekki til marks um vantrú fjárfesta á félaginu heldur endurspeglar það annars vegar þá staðreynd að félagið tók út gríðarlega hækkun árið 2003 og hins vegar óvissu um skráningu félagsins á kauphöll í Lundúnum.

Actavis hefur um langa hríð unnið að undirbúningi skráningar í Lundúnum og gera má ráð fyrir að skref í þá átt verði stigin fljótlega. Fjárfestar í Bretlandi eru hins vegar varkárari en þeir íslensku og verð hlutabréfa þar er töluvert lægra en hér á landi. Þetta þýðir að nokkur hætta er á því að hlutabréfaverð í Actavis lækki þegar félagið verður skráð í Lundúnum.

### Verður 2005 líka ævintýraár?

Þótt ekki gæti neinnar svartsýni hjá sérfræðingum um árið sem nú er að hefjast þorir enginn að spá því að hlutabréfamarkaðurinn verði jafngjöfull í ár og á síðasta ári. Reyndar gat enginn spáð fyrir um þær miklu hækkanir sem áttu sér stað í fyrra en ljóst er að varkárnin er miklum mun meiri nú.

Miklar væntingar eru þegar bundnar í hlutabréfaverð. Það þýðir að svigrúm til mistaka er ekki mikið. Ef hin stóru verkefni gefa lítið af sér, eða ef langan tíma tekur að hemja þann rekstur sem íslensk fyrirtæki hafa tekið yfir, getur það orðið mjög kostnaðarsamt bæði fyrir íslensku fyrirtækin og íslenska fjárfesta. Spár Landsbanka og Íslandsbanka gera ráð fyrir miklum hagnaði í rekstri fyrirtækja á þessu ári en ef þær spár ganga ekki eftir er ljóst að forsendur núverandi verðlagningar á hlutabréfum eru brostnar.

thkjart@frettabladid.is

## HVAÐ SEGJA SÉRFRÆÐINGARNIR?

## *Á ekki von á hækkunum*



Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka, á ekki von á hækkunum á hlutabréfaverði á þessu ári.

„Hvað varðar þau fyrirtæki sem við spáum sérstaklega um teljum við að hlutabréfamarkaður standi meira og minna í stað,“ segir hann. Hann segir að efnahagsástand sé gott um þessar mundir og því gerir hann heldur ekki ráð fyrir að félög lækki í verði jafnvel þótt sum þeirra séu að hans mati ofmetin.

„Það eru byggðar miklar væntingar í verð hlutabréfa og lítið svigrúm til mistaka eftir í þeirri verðlagningu og það þarf að ráðast hvernig fyrirtækjunum vegnar í útrás sinni og rekstri. Til þess að það verði meira svigrúm fyrir hækkanir þurfa fyrirtækin að skila mjög verulegum rekstrarárangri,“ segir hann.

Hann segir að teikn séu á lofti um að fyrirtæki þurfi að fara gætilega í áframhaldandi útrás. „Þegar vel hefur gengið og hlutabréfaverðið hefur hækkað um langan tíma sýnir sagan að það er hætt við að menn telji sig ósæranlega,“ segir hann.

## *Staðan betri en við héldum*



Atli B. Guðmundsson hjá greiningardeild Íslandsbanka segir að horfur fyrir árið séu betri en greiningardeildin hafi búist við áður en hafist var handa við að greina stöðuna á markaðnum nú fyrir áramótin.

„Þrátt fyrir hækanir í fyrra eru kennitölurnar ekki að versna mikið. Það er enginn stórkostlegur munur,“ segir hann. Kennitölur í rekstri fyrirtækja eru notaðar til að meta verð fyrirtækja. Sem dæmi gefur hátt hlutfall markaðsverðmætis miðað við hagnað til kynna að verð á fyrirtæki sé hátt.

Atli segir að Íslandsbankamenn séu ekki svartsýnir en í nýrri skýrslu sinni bendir bankinn þó á nokkra þætti sem fjárfestar ættu að hafa hugfasta. „Það þarf að hafa í huga hvort menn fái vott af fífldirfsku og ráðist í næstu verkefni af of mikilli bjartsýni og vanmeti áhættuna. Þegar það hefur gengið vel þá er hætta á því að menn missi tilfinningu fyrir áhættunni,“ segir hann.

## *Tækifæri í stöðunni*



Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að bankinn sé bjartsýnn á árið sem nú er að hefjast.

„Það er mikið að gerast hjá þeim fyrirtækjum sem eru skráð. Tvö félög standa í yfirtökum á félögum sem eru stærri en þau sjálf. Velta Kögunar fjórfaldast við kaupin á Opnum kerfum og veltan hjá Og Vodafone tvöfaldast [við yfirtöku á Íslenska útvarpsfélaginu og Frétt]. Svo eru bankarnir ennþá í mikilli útrás,“ segir hún.

Hún bendir einnig á að hér á landi séu starfræktir öflugir fjárfestingarsjóðir sem um þessar mundir hafa fullar hendur fjár. „Þeir geta breytt sviðsmyndinni mikið og það skiptir máli hvað þau gera. Þar eru bæði skráð félög, eins og Burðarás, og eins óskráð félög eins og Meiður sem er risi sem gæti vaknað,“ segir hún.

„Það eru því miklir möguleikar í stöðunni og þó að við höfum lifað spennandi ár í fyrra þá held ég að þetta ár verði ekki minna spennandi. Ég er hins vegar ekki að gera ráð fyrir eins miklum hækkunum nema eitthvað mjög sérstakt gerist,“ segir Edda Rós.


# Háskólanám í stofunni heima.

## Fjarnám til BS gráðu í viðskiptafræði

Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður upp á 30 eininga fjarnám til BS gráðu í viðskiptafræði fyrir þá sem hafa lokið 60 einingum í viðskipta- eða rekstrarfræðum frá íslenskum eða erlendum háskólum.

Námið er skipulagt sem nám með vinnu. Kennsla fer fram á gagnvirkum námsvef Viðskiptaháskólans. Á hverju misseri eru tvær vinnuhelgar á Bifröst þar sem nemendur koma saman ásamt kennurum til verkefna og hópavinnu.

**Umsóknarfrestur er til 21. janúar 2005.**

**Nánari upplýsingar** veitir verkefnastjóri fjarnáms
Ása Björk Stefánsdóttir (asabjork@bifrost.is) eða á www.bifrost.is

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST
311 Borgarnes | Sími 433 3000 | www.bifrost.is

**NELSON FLOTAFORINGI (1758-1805)**
var borinn til grafar þennan dag.



*„England væntir þess að allir menn geri skyldu sína.“*

***Þetta eru orð hans við upphaf orrustunnar við Trafalgar. þar gjörsigruðu Englendingar flota Spánverja og Frakka og komu þar með í veg fyrir innrás Napóleons í England. Foringinn gerði skyldu sína í orrustunni, kúla leyniskyttu felldi hann. Minningarsúla hans stendur á Trafalgar-torgi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Queen Elizabeth brennur

Þennan dag árið 1972 braust út eldur í hinu fræga skipi „Queen Elizabeth“. Elísabet drottning hóf siglingar 1946, sem farþegaskip, en sagan var í raun lengri. Seint á fjórða áratugnum hófst vinna við þetta skip fyrir Cunard-skipafélagið í skipasmíðastöð í Skotlandi. Skipið átti að verða glæsilegra en önnur sem sigldu um heimshöfin. En þegar heimsstyrjöldin braust út í september 1939 var skipið tekið í brúk í öðru skyni en að flytja prúðbúið fyrirfólk yfir Atlantshafið. Ekki var lögð áhersla á að ljúka við innréttingarnar því skipsins var þörf til liðsflutninga. Allt stríðið gegndi þessi drottning úthafsins þessu hlutverki en þegar stríðinu lauk var hafist handa við að ljúka því verki sem hafið var fyrir stríð. 1946 hljóp hún á ný af stokkunum í Southampton, nú glæsilega innréttuð í „art deco“-stíl. Skipið var í siglingum fyrir Cunard-félagið til 1968 og þótt farþegaflutningum á sjó færi hrakandi með tilkomu farþegaflugsins skorti ekkert þægindi og aðbúnað fyrir þá sem vildu eyða nokkrum dögum í að komast milli heimsálfa. 1968 var skipið selt hæstbjóðanda. Kaupandinn, skipakóngur frá Taívan, ætlaði að breyta skipinu í siglandi háskóla og vinna var á lokastigi þegar eldurinn batt enda á fyrirætlanirnar. Hin fræga drottning úthafanna sökk.



HMS Queen Elizabeth brann þennan dag 1972

## MERKISATBURÐIR

1799 Básendaflóðið. Mesta sjávarflóð sem sögur fara af við Ísland. Kaupstaðinn Básenda tók af með öllu.

1924 Skáldkonan Virginia Woolf festir kaup á húsi í Bloomsbury í Englandi.

1935 Lög um aldurshámark opinberra starfsmanna staðfest.

1945 Bandarískur her ræðst inn í Luzon á Filippseyjum.

1958 Japanskir bílar, Toyota og Datsun (Nissan), sýndir í fyrsta sinn í Bandaríkjunum.

1964 Tunnuverksmiðjan á Siglufirði brennur til kaldra kola.

1982 Íslenska óperan vígir hús sitt við Ingólfsstræti með frumsýningu á Sígaunabaróninum.

1990 Gríðarlegt sjávarflóð á Suðurlandi, hið mesta á tuttugustu öld. Sjóvarnargarðar skemmast á Stokkseyri. Fiskur kastast á land í Vestmannaeyjum í hundraðatali.

## AFMÆLI

**Baltasar Samper** listmálari er 67 ára í dag.



**Ólafur Proppé** , rektor KHÍ, er 63 ára.



**Björn Marteinsson**, arkitekt og verkfræðingur, er 55 ára.



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lovísa Júlíusdóttir**

frá Hítarnesi,

lést á Landspítala í Fossvogi miðvikudaginn 29. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Magnúsdóttir, Valþór Sigurðsson, Kristín Magnúsdóttir, Magnús Valþórsson, Sigríður Svanborgardóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Valdimar Þorsteinsson, Eyrún Valþórsdóttir, Gestur Ákason, Margrét Rán, Bjarni Valur og Valþór Viggó.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Þórðarson**

Reykjahlíð 10,

sem lést 28. desember, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 11. janúar kl. 15.

**Ólöf Stefánsdóttir, Hannes Þór Ragnarsson, Þóra María Stefánsdóttir, Kristinn Stefánsson, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eiríkur Bjarnason**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 3. janúar. Jarðsett verður miðvikudaginn 12. janúar kl. 13.00 frá Kópavogskirkju.

**Sveinþór Eiríksson, Jóhann Ásberg Eiríksson, Hrönn Pétursdóttir, Snorri Eiríksson, Kristín Ólafsdóttir, Jón Eiríkur Eiríksson, Anna Lísa Geirsdóttir, barnabörn og barnabarnabarn.**


15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is


BÖÐVAR GUÐMUNDSSON: ER 66 ÁRA Í DAG

# Ætli þeir hafi ekki skorið úr mér skáldæðina

Á föstudagskvöldið frumsýndi Leikfélag Reykjavíkur Híbýli vindanna eftir Böðvar Guðmundsson. Leikritið er gert eftir vesturfarasögu Böðvars, „Híbýli vindanna“. Böðvar á líka afmæli í dag. Hann er 66 ára. Af þessu hringdum við í skáldið þar sem hann býr í Danmörku. Við spurðum hann fyrst hvernig hugmyndin að Híbýlum vindanna hefði kviknað.

„Hún kviknaði nú eiginlega hægt og hægt. Ég kenndi einu sinni á sumarnámskeiði í Victoria í Kanada. Þar er legat, myndað af gjöf Richards Beck til þess að styrkja sambandið við Ísland. Vinkona mín Kirsten Wolf, prófessor við Manitoba-háskóla, bauð mér að koma til sín og ég gerði það. Þar hitti ég gamla Vestur-Íslendinga, fólk af 3. og 4. kynslóð en sumt talaði ennþá íslensku og það gamla íslensku, sem ekki var lengur til á Íslandi. Nú svo kom það líka til að langafi minn fór á sínum tíma til Ameríku og frá honum eru til bréf til afa míns og svo frá afkomendum hans til pabba. Ég fór að lesa þessi bréf og þá má segja að hugmyndin hafi kviknað. Það er reyndar sérkennileg reynsla að lesa bréf til annarra, dálítið eins og að liggja á hleri. En það er skemmtilegt og ég stend í mikilli þakkarskuld við þessa bréfritara.“



Böðvar Guðmundsson rithöfundur.

Böðvar komst ekki til þess að vera viðstaddur frumsýninguna en kemur í næsta mánuði. Við spurðum hann hvað hann hefði fyrir stafni.

„Ja, ég keppist nú við að ná heilsu. Safna mér saman. En svo er ég að sýsla við þetta sama. Annars er helsta áhyggja mín þessa dagana að fá útgefanda. Íslenskir útgefendur segja að ég skrifi ekki um rétt fólk. Svo er vitaskuld ekkert um morð eða samfarir í mínum bókum. Útgefendur trúa á morð og samfarir.“

Umsjónarmaður tímamóta minnist fyrstu ljóðabókar Böðvars, „Burtreið Alexanders“ með mikilli aðdáun og telur að hún hafi ekki verið metin að verðleikum. Ertu að yrkja eitthvað Böðvar?

„Æi, nei ég get ekki sagt það. Þeir tóku nú eitthvað af æðum úr löppunum á mér og notuðu annars staðar. Ætli ein þeirra hafi ekki verið skáldæðin.“

Lauk svo okkar tali. Lesendum til huggunar skal þess getið að æðarnar úr fótum Böðvars voru notaðar til viðgerða á hjartaæðum. Kannske ekkert verra að hafa skáldæðina þar! ■



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Maríus Sigurjónsson**

Háteig 2b, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 11. janúar kl. 14.00.

**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Sigtryggur Maríusson, Drífa Maríusdóttir, Erlingur Jónsson, Sigurjón Maríusson, Alba Lucia Alvarez, Jóhann Maríusson, Þyrí Magnúsdóttir, Jón Þór Maríusson, Alda Hafsteinsdóttir, Jón Þór Harðarson, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Jóhannes Ragnarsson**

Gyðufelli 12, Reykjavík, áður Skálum á Langanesi

andaðist á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss, Fossvogi, 6. janúar 2005.

Reynir Ö. Ólason, Jóhanna Stígsdóttir, Þórunn R. Óladóttir, Ernst Berndsen, Anna G. Óladóttir, Gústaf A. Ólafsson, Hörður H. Ólason, Hafdís Y. Ólason, Laufey Ólason, Sigurjón Gunnarsson, Hólmfríður Óladóttir, Randver Elísson, Helgi S. Ólason, Guðrún R. Valgeirsdóttir, Sölvi S. Ólason, Margrét Pálsdóttir, Linda B. Óladóttir, Bryan Baker og fjölskyldur þeirra.

Jarðarförin auglýst síðar.

## ANDLÁT

**Edda Ingólfsdóttir** lést mánudaginn 27. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigríður Sigurðardóttir** frá Görðum, Ægisíðu 52, Reykjavík, lést fimmtudaginn 6. janúar.

**Ástvaldur Stefán Stefánsson** málarameistari, Lautasmára 1, Kópavogi, lést fimmtudaginn 6. janúar.

**Jón Sigurðsson**, fyrrv. bifreiðaeftirlitsmaður, Austurvegi 31, lést fimmtudaginn 6. janúar.

**Óli Jóhannes Ragnarsson**, Gyðufelli 12, Reykjavík, lést fimmtudaginn 6. janúar.

# ÚTSALA

- Stærsta raftækjaverslun landsins -

**expert**

Skútuvogi 2 • sími: 522 9000 • www.expert.is





## ALLT AÐ

# 80%



## AFSLÁTTUR

# SKÚTUVOGI 2

# Stórmeistari á tímamótum

**Það er sérstaklega bjart yfir alþjóðlega stórmeistaranum og lögfræðingnum Friðriki Ólafssyni. Hann er yfirvegaður hugsuður; eldklár og glæsilegur; fágætur heimsmaður og herramaður í senn. Seinna í janúar ætlar hann í afmælissiglingu um heimshöfin í tilefni sjötugsafmælisins. Hann stendur á tímamótum í mörgum skilningi; er hættur sem skrifstofustjóri Alþingis og stefnir allt eins á endurkomu í skákheiminum. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir naut samvista við Friðrik á síðasta degi jóla.**

Hann situr við veglegt taflborð – sem hann fékk í kveðjugjöf eftir stórmót á Kúbu – á kóngsvængnum, eins og hann kallar húsbóndaherbergið með stórfenglegu útsýni yfir Esjuna og flóann. Á öðrum stað heimilisins er drottningarvængurinn þar sem eiginkonan nýtur fagurs samspils borgar og náttúru. Í loftinu dansa klassískir tónar og alls staðar má sjá forvitnilega gripi úr veröldinni og skákverðlaun í formi útskorinna kistla, risatréhróka og alls hins óhefðbundna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**AFTUR VIÐ TAFLBORÐIÐ** Friðrik hefur lítið teflt hin síðari ár en fær nú hvatningu víða að um að tefla á ný og taka þátt í skákmótum. Hann segir allt eins líklegt að hann taki þeirri áskorun, og auðvitað tæki hann skák við Bobby Fischer ef Japanar sleppa honum einhvern tímann úr prísundinni til Íslands.

### Óskabarn þjóðarinnar

Friðrik Ólafsson stórmeistari sýndi barnungur undraverða takta við taflborðið. Hann varð Norðurlandameistari aðeins sautján ára gamall og sigraði á hverju stórmótinu á fætur öðru í kjölfarið.

„Þá fór eiginlega allt á hvolf og áhugi á skák reis upp úr öllu valdi," segir hann og hlær við. „Ég efast um að meiri skákáhugi hafi vaknað síðar; jafnvel ekki eftir heimsmeistaraeinvígi Spasskís og Fischers 1972."

Hann viðurkennir að hafa orðið stjarna á þeirra ára mælikvarða. „Það var svosem ekki mikið að gerast og þótti merkilegt að strákur frá lítilli eyju skytist upp á stjörnuhimininn með þessum árangri. Ég fékk heillaóskaskeyti frá Íslendingum alls staðar að og fannst það mikill styrkur; mér þótti gott að finna stuðninginn og fékk byr undir báða vængi. Sem dæmi voru þetta skeyti frá áhöfnum togara, saumaklúbbum, húsmæðraskólum og kvennaskólum," minnist Friðrik eilítið feimnislega og játar að trúlega hefði ekki verið vandkvæðum bundið að finna kvonfang á þeim tíma, þótt hann hafi síst mælt velgengni í kvenhylli og rómantískri athygli.

### Sókndjarfur og aggressívur

Árið 1958 hlaut Friðrik fyrstur Íslendinga nafnbótina stórmeistari, en næsti íslenski stórmeistarinn varð Guðmundur Sigurjónsson 1975. Síðan hefur þeim fjölgað um átta. Af ótal viðurkenningum og verðlaunum; sem og riddarakrossi og stórriddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu, segir Friðrik stórmeistaratitilinn hafa snortið sig mest.

„Ég var hreykinn af því að verða stórmeistari enda gífurlegt stökk upp á við. Þetta var svo mikil viðurkenning á þeim tíma og stór áfangi í skákheiminum. Ég hef sjaldan lifað ánægjulegri dag en þegar ég vissi að ég var kominn í hóp stórmeistara svo tilfinningalega stendur sú viðurkenning upp úr."

Þegar Friðrik er spurður hverjum var skemmtilegast að mæta á taflborðinu nefnir hann heimsmeistarann M. Tal.

„Hann var geysilega skemmtilegur skákmaður sem sjaldan gat setið á sér og setti allt upp í loft. Djarfur og ótrúlega hugkvæmur. Það var alltaf eins og maður sæti á eldjalli en maður gat ekki annað en tekið þátt í leiknum. Ég bæði tapaði fyrir honum og vann. Var sjálfur sókndjarfur og aggressívur skákmaður því lognmolla er ekki minn stíll. Maður hefur þannig gengið of langt í sókndirfskunni á stundum og tapað, en þá er bara að vinna næstu skák í staðinn."

### Sönn vinátta sjaldgæf í skákheimi

Friðrik kynntist vel fyrrverandi heimsmeistara Bobby Fisher gegnum skákina, en þeir urðu jafnir að vinningum þegar þeir tefldu á millisvæðamótinu í Portoroz 1958 og fengu réttinn til að taka þátt í áskorendamótinu í skák, sem haldið var í Júgóslavíu ári síðar. Sigurvegarinn í því móti öðlaðist rétt til að tefla við heimsmeistarann um heimsmeistaratitilinn, en Tal varð efstur í Portoroz og einnig á áskorendamótinu 1959. Varð svo heimsmeistari 1960.

„Sami hópurinn keppti á þessum stórmótum og yfirleitt gott samband okkar á milli. Fischer opnaði sig ef hann fann að maður var ekki með neinn derring. Vitaskuld vorum við allir keppinautar og fágætt að maður hleypti öðrum inn á sig, nema treysta þeim fullkomnlega. Slík vinátta er sjaldgæf innan skákheimsins."

Hann segir nokkra einhæfni einkenna líf skákmanna. „Þannig er með alla afreksmenn sem ná langt. Maður er vakinn og sofinn að hugsa um skákina, og dreymir stundum lausnirnar ef maður er ekki búinn að finna þær áður en maður sofnar. Utanaðkomandi finnast þeir kannski vera fagídjótar en menn verða nánast að vera það ef þeir ætla að ná árangri. Mönnum tekst svo misvel að leyna því. Þá er alltaf hætta á að menn einangrist inni í sjálfum sér því þeir eru svo agaðir og gera lítið í því að útvíkka sjóndeildarhringinn að öðru leyti. Maður verður að treysta á sig sjálfan og engan annan. Berja í sjálfan sig stálinu og sannfæra sig um að maður geti komist alla leið og borið sigur úr býtum. Það hlýtur að skína í gegn að miklir skákmenn hafa mikið sjálfstraust en fyrir bragðið verða þeir kannski eitthvað hrjúfari og þola síður að þeim sé mótmælt."

### Hamingjan valin

Friðrik hætti að tefla þegar hann tók við starfi forseta Alþjóðaskáksambandsins FIDE, sem hann gengdi frá árinu 1978 til 1982. Áður hafði hann lagt skákina á hilluna þegar hann gerðist fjölskyldumaður og nam lögfræði við Háskóla Íslands.

„Ég vildi ekki gera skákina að lifibrauði. Það kostar óhemju sjálfsaga og maður verður að gefa sig allan í það – af lífi og sál. Ég velti fyrir mér hamingjunni; hvort ég fyndi hana í skákinni. Ég er ekki viss um að afreksmenn í íþróttum, seldir og keyptir milli félaga séu endilega hamingjusamir í því rótleysi sem því fylgir og oft án fjölskyldu. Þeir sem ná langt verða oft einrænir og skortir fyllingu, og því jákvætt að hafa eitthvað annað með. Að kvænast hafði sínar breytingar í för með sér. Ég gerði upp við mig að kjósa fjölskyldulífið, sem þýddi að skákin hafði engan sérstakan forgang lengur."

Þegar Friðrik hugsar um kostnaðinn í persónulegum fórnum segist hann ekki sjá eftir því að taka þessa ákvörðun.

„Hefði ég brotið allar brýr að baki mér hefði ég trúlega komist langleiðina á toppinn. Það var líka veruleg forsenda fyrir þessari ákvörðun að litlir peningar voru í skákinni á þessum tíma. Hefðu þeir verið í líkingu við þær upphæðir sem sjást í skákheiminum í dag hefði maður kannski hugsað sig svolítið um og verið sæmilega öruggur um að hafa ofan í sig og sína. Sovétmenn höfðu mikla yfirburði á skáksviðinu á þessu tímabili en héldu í rauninni atvinnumennsku í skákinni niðri. Skákin var þjóðaríþrótt hjá þeim – og er reyndar enn – og allir sovéskir skákmeistarar sem eitthvað kvað að þáðu laun hjá ríkinu – voru í rauninni opinberir starfsmenn. Það mætti því kalla þetta dulbúna atvinnumennsku. Sovétmenn lögðust gegn því leynt og ljóst að miklir peningar kæmu í skákina og há verðlaun – og þóknun til skákmeistara fyrir þátttöku í skákmótum var þeim lítið áhugamál. Skákin var víst of göfug fyrir slíkt. Þegar sovéskir skák-

## Friðrik Ólafsson stórmeistari í skák

Fæddur í Reykjavík 26. janúar 1935
Maki: Auður Júlíusdóttir skrifstofumaður
Börn: Bergljót (fædd 1962) og Áslaug (fædd 1969).
Stúdentspróf frá MR 1955
Cand.jur. frá Háskóla Íslands 1968
Fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1968 til 1974
Forseti Alþjóðaskáksambandsins FIDE 1978 til 1982
Skrifstofustjóri Alþingis 1984 til 2005
Veitti forstöðu Skákskóla Friðriks Ólafssonar 1982 til 1984
Alþjóðlegur stórmeistari í skák 1958
Riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu 1972
Stórriddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu 1980
Ritstörf: Lærið að tefla, ásamt Ingvari Ásmundssyni 1958.
Heimsmeistaraeinvígið í skák 1972, ásamt Freysteini Jóhannssyni 1972. Við skákborðið í aldarfjórðung 1976

meistarar tefldu utan landssteinanna var engin áhersla lögð á það af þeirra hálfu að há verðlaun væru í boði. Þetta hét að þeir væru að útbreiða gospelið um yfirburði kommúnismans. Þeir voru góðir í skák vegna þess að það var kommúnisminn sem ól upp þessa snillinga.“

**Fischer breytti skákinni**

Atvinnumennska og peningaflæði í skákheiminum gerbreyttist eftir að Bandaríkjamaðurinn Bobby Fischer rauf einokun Sovétríkjanna og vann Rússann Boris Spasskí í heimsmeistaraeinvíginu á Íslandi 1972.

„Fischer gerði kröfur um stórar fjárupphæðir í verðlaun og þátttökuþóknun og fékk. Við þetta dofnuðu áhrif Sovétríkjanna, en því miður fékkst Fischer ekki til að tefla meira þó miklar fjárfúlgur væru í boði. Í einvíginu við Karpov 1975 um heimsmeistaratitilinn gerði hann kröfu um að áskorandinn yrði að sanna yfirburði sína með tveggja vinninga mun í stað eins. Auðvitað er réttlátt að heimsmeistari njóti vissra forréttinda þegar hann ver titil sinn en Alþjóðaskáksambandið féllst ekki á þessar kröfur. Karpov varð því heimsmeistari án þess að tefla við Fischer og við það dró heldur úr peningaflæðinu í skákheiminum. Margar tilraunir voru gerðar til að fá Fischer til að tefla á nýjan leik en allt kom fyrir ekki þótt milljónir dala væru í boði og smám saman festist hann í þessu fari. Þegar maður er kominn á toppinn kemst maður ekki lengra, nema reyna að ná sambandi við Guð. Fischer gekk í sértrúarsöfnuð sem mér skilst að hafi tekið drjúga prósentu af tekjum hans.“

Þeim Fischer og Friðrik varð vel til vina en Friðrik er átta árum eldri. „Ég hitti hann fyrst þegar hann var fimmtán ára í Portoroz og fannst hann nokkuð ungæðislegur. Hjá honum eru hlutirnir annað hvort hvítir eða svartir. Annað hvort ertu góður eða slæmur, eins og hann talar nú um gyðinga og síonista, en sjálfur er hann gyðingur. Þetta er einhver sjálfseyðingarhvöt. Ég varð þess var að Fischer var haldinn djúpum ótta við að tapa og það virtist oft valda honum miklum kvíða.

Ég man að ég sagði einhvern tímann við hann: „Bobby, það getur nú varla verið svona slæmt þótt þér yrði á að tapa einni skák!“

En þá sagði Fischer: „Ja, þú getur talað svona, en ég get ekki leyft mér það!“

**Fischer í nauðum staddur**

Í aðdraganda þess að íslensk stjórnvöld hafa boðið Bobby Fischer landvistarleyfi á Íslandi, segist Friðrik ekki hafa beitt sér sérstaklega í því máli.

„Það varð einhver að brjóta ísinn og mér fannst það mjög gott hjá Davíð Oddssyni að bjóða honum dvalarleyfi hér, enda Fischer hluti af okkar sögu. Hann varð heimsmeistari hérna á Íslandi og segja má að hann hafi komið Íslandi á heimskortið. Maðurinn er í nauðum staddur og honum virðast allar bjargir bannaðar. Af mannúðarástæðum er þetta fyllilega réttlætanlegt og vonandi tekst að koma honum úr þessum vanda.“

Aðspurður segir Friðrik vel koma til greina að taka skák við Fischer ef Japanar sleppa honum einhvern tímann úr prísundinni.

„Fischer er reyndar orðinn leiður á venjulegri skák og talar mest handahófsskák eða random chess. Þá er taflmönnum í aftari röð raðað upp af handahófi og skákin teflist þá með nokkuð öðrum hætti en venjuleg skák þótt manngangurinn sé sá sami. Hins vegar kemur þetta í veg fyrir að menn geti fært sér í nyt alla teoríuþekkinguna sem er að verða nánast yfirþyrmandi, og þar er helsti kosturinn við þessa nýju tegund skákar. Ég er lítt spenntur fyrir þessari skák, enda skákin mjög gamalt fyrirbæri sem hefur verið að þróast í um 1500 ár. Mönnum eftir líka stundum þótt skákin vera orðin of einföld fyrir sig og frægt dæmi um það er þegar Capablanca, sem var heimsmeistari á árunum 1921 til 1927, stakk upp á að mönnunum yrði fjölgað upp í 40 í stað 32 og reitunum upp í hundrað í stað 64. Ári eftir tapaði hann heimsmeistaratitli sínum í hinni hefðbundnu skák, og eftir það heyrðist ekkert meira af tillögum hans um að breyta taflinu.“

**FIDE míní-útgáfa Sameinuðu þjóðanna**

Eftir lögfræðipróf hóf Friðrik störf í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en síðan gerðist hann forseti Alþjóðaskáksambandsins (FIDE), sem var gott meira en fullt starf.

„Það var vissulega tvíbent að takast þetta starf á hendur. Það þýddi að ég varð að hætta að tefla en þá var ég kominn á talsvert flug í skákinni og átti ágætis tímabil sem ég kalla annan kapítula, frá 1975 til 1978. Sá fyrri var milli tvítugs og þrítugs. En ég sé ekki eftir neinu og starf forsetans víkkaði sjóndeildarhringinn. Hins vegar var erfitt að hætta og auðvitað alltaf spurning hvort ég átti að fallast á að gegna þessu embætti, sem ég þó gerði. Það var gaman en líka erfitt. Þetta var eins og míní-útgáfa af Sameinuðu þjóðunum; alveg sömu blokkirnar og mikil pólitík.“

Haustið 1984 tók Friðrik við starfi skrifstofustjóra Alþingis, en um þessar mundir lýkur starfsdögum hans þar. Sjálfur segist hann ekki hafa íhugað þann möguleika að setjast á þing.

„Ég tel ekki að það sé starf sem ég sé beinlínis lagaður fyrir. Ég hef auðvitað verið í góðri aðstöðu til að fylgjast með störfum þingmanna og geri mér ljósa grein fyrir hvað það útheimtir. Þetta er mjög krefjandi starf og ég held að almennt geri menn sér ekki fulla grein fyrir því að vera þingmaður. Þeir eru undir smásjánni og geta sjaldnast ráðið sínum tíma á þann hátt sem þeir helst kysu sjálfir.“

Þegar hann er spurður hvar hann er staddur í pólitík, segist hann lítt hafa flíkað því enda Alþingi ekki heppilegur starfsvettvangur til að flíka slíku af augljósum ástæðum.

**EES og fjölmiðlalögin eftirminnilegust**

Eftirminnilegast frá Alþingisárunum segir Friðrik vera ýmsar snarpar innanhússorrustur eins og til dæmis EES-málið og fjölmiðlafrumvarpið.

„EES-málið var mikill bardagi á sínum tíma og gekk svo langt að forseti Íslands stóð frammi fyrir áskorunum um það að skrifa ekki undir lögin. Og núna síðastliðið sumar gerðist það, sem er líka mjög eftirminnilegt, að forsetinn hafnaði því að staðfesta fjölmiðlalögin, sem auðvitað skapa alveg nýjar aðstæður á vettvangi stjórnmálanna.

Það er yfirleitt alltaf eitthvað að gerast á Alþingi og þar finnast virkilega mælskir og skemmtilegir menn sem gaman er að hlusta á,“ segir Friðrik og bætir við að margir séu glettilega góðir skákmenn líka.

**Gæfumaður á tímamótum**

Stórmeistarinn stendur á tímamótum. Hann verður sjötugur 26. janúar og ætlar í tilefni afmælisins í skemmtisiglingu um heimshöfin.

„Ég hef yndi af ferðalögum, sem og af lestri góðra bóka, klassískri tónlist og mýmörgu öðru. Ég verð ekki í neinum vandræðum að finna eitthvað að dútla við. Þar verður af nógu að taka. Ég er mikið hvattur til að koma aftur í skákina og tefla á mótum. Það væri nokkurt átak en gæti vel farið svo að ég tefldi opinberlega á ný. Þá er á prjónunum bók um skákferil minn, en Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands, ætlar að rekja úr mér garnirnar og vera ritstjóri verksins. Nú svo er það náttúrlega fjölskyldan; barnabörnin eru orðin fimm. Og lögfræðin mun halda áfram að verða mér uppspretta fróðleiks og ánægju.

Friðrik telur sig hafa verið gæfusaman í lífinu. „Þegar á heildina er litið get ég vel við unað, en maður má ekki vera heimtufrekur. Maður getur alltaf sagt að maður hefði átt að haga sér öðruvísi eða taka á málum á annan hátt, því auðvitað er maður alltaf að þroskast. Ég hef lifað tiltölulega viðburðaríku lífi; á yndislega fjölskyldu og marga góða vini. Meira verður ekki farið fram á.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STÓRMEISTARINN FRIÐRIK ÓLAFSSON** Hefur kvatt starf sitt sem skrifstofustjóri Alþingis eftir tuttugu ár í eldlínu lýðveldisns. Hann segist ekki hafa íhugað að fara á þing sjálfur þar sem hann sé ekki lagaður fyrir það krefjandi starf. Hann styður eindregið að Bobby Fischer fái dvalarleyfi á Íslandi, en þeir meistararnir kynntust vel í gegnum skákheiminn á árum áður.


**RSK Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2005***

**Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirtöldum gögnum vegna ársins 2004 skuli skilað til skattstjóra eigi síðar en**

**27. janúar 2005.**

**Sé gögnunum skilað á rafrænu formi framlengist fresturinn til**

**7. febrúar 2005.**

**Launamiðar og verktakamiðar** (RSK 2.01). Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu), eða aðrar framtalsskyldar greiðslur.

**Bifreiðahlunnindamiðar** (RSK 2.035). Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar og ekki fylla út RSK 4.03 vegna hennar.

**Hlutafjármiðar** (RSK 2.045) **ásamt samtalningsblaði** (RSK 2.04). Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög og sparisjóðir.

**Stofnsjóðsmiðar** (RSK 2.065) **ásamt samtalningsblaði** (RSK 2.06). Skilaskyld eru öll samvinnufélög þ.m.t. kaupfélög.

**Launaframtal** (RSK 1.05). Skilaskyldir eru þeir einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki skila skattframtali á rafrænu formi, og lögaðilar sem undanþegnir eru skattskyldu og skila ekki skattframtali RSK 1.04, hafi þeir greitt laun eða viðbótarframlag í lífeyrissjóð á árinu 2004.

**Skýrsla um viðskipti með hlutabréf** (RSK 2.08). Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.

**Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit** (RSK 2.025). Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi hér á landi og greiðslur fyrir leigu, afnot eða hagnýtingu leyfa og hvers konar réttinda o.fl.

**Greiðslumiðar - leiga eða afnot** (RSK 2.02). Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, aflaheimildum, einkaleyfum eða sérþekkingu.

**Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi** (RSK 2.085). Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun.

* Útdráttur úr auglýsingu í Stjórnartíðindum um skilaskyldu og skilafresti á árinu 2005 fyrir launaskýrslur o.fl. sem birt er skv. heimild í 92. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

**Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu sem finna má á vefsíðu ríkisskattstjóra undir www.rsk.is/vefskil/vefskil.asp en annars á hinum tilgreindu eyðublöðum sem einnig er þar að finna.**

# Tóti kominn á Toppinn

**Þórarinn Hávarðsson og fjölskylda keyptu gamalt fiskvinnsluhús á Eskifirði og breyttu í skemmtistað. Húsið og framkvæmdirnar kostuðu vel á þriðja tug milljóna. Þórarinn er bjartsýnn eins og vanalega.**

VEITINGAREKSTUR Þórarinn Hávarðsson er dugmikill Eskfirðingur á miðjum aldri sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna og er óragur við að feta ókunn spor. Í gegnum tíðina hefur hann tekið sér eitt og annað fyrir hendur til að framfleyta sér og sínum, s.s. sjómennsku, sjoppurekstur, byggingavinnu, fiskvinnslu, löndun og myndbandagerð en hann á um 1.500 klukkustundir af myndefni frá Austurlandi. Þá hefur hann starfað sem öryggisvörður, barþjónn og var lengi vel tökumaður fyrir sjónvarp. Þórarinn á þessa sjálfsbjargarviðleitni ekki langt að sækja því faðir hans heitinn, Hávarður Bergþórsson, var með puttana í flestu sem leitt gat til tekjuöflunar þó hans aðalstörf hafi tengst sjósókn og búskap. Eitt af hans aukastörfum var að hreinsa skorsteina í Neskaupstað og var hann einn af síðustu, ef ekki síðasti, sóturum á Austurlandi.

Þórarinn er vakinn og sofinn í þeim verkum sem hann tekur sér fyrir hendur og enginn mun saka hann um að sitja með hendur í skauti. Í eitt skipti var hann hins vegar sakaður um ólöglega fjölföldun myndbanda, og sakfelldur! Það gerðist á síðasta áratug þegar mikið var um að kvikmyndir og sjónvarpsefni væri fjölfaldað fyrir áhafnir skipa. Segir Þórarinn að þetta viðgangist víða enn í dag. „Þetta tíðkast vítt og breitt um landið enn þá, þrátt fyrir að ég hafi verið hengdur öðrum til viðvörunar. Yfirvöldum þótti ég kannski helst til stórtækur í þessu en þegar ég var staðinn að verki þá var ég með 33 vídeótæki í gangi. Á þessu ævintýri tapaði ég 1,3 milljónum króna en þetta er nú allt liðin tíð.“

**Þensla vegna álvers**

Eftir að hafa rekið söluturn á Reyðarfirði um hríð ákváðu Þórarinn og eiginkona hans, Lára Thorarensen, að söðla um á liðnu vori og opna skemmti- og veitingastað á Eskifirði. „Hvatinn að þessari ákvörðun okkar var sá að sl. vor áttu verktakar sem komu til Austurlands í vandræðum með að fá mat fyrir starfsmenn sína en mikil þensla er á svæðinu vegna álversins í Reyðarfirði. Við ákváðum því að grípa tækifærið og keyptum gamalt fiskvinnsluhús við Strandgötu á Eskifirði og breyttum því í veitinga- og skemmtistað. Reyndar hefur þetta hús, sem byggt var upp úr 1960, hýst margvíslega starfsemi og upphaflega var það byggt undir rörasteypu. Síðar var trésmíðaverkstæði í húsinu, hárgreiðslustofa og skrifstofur en þekktast er það fyrir að þar var harðfiskvinnsla Eskfirðings,“ segir Þórarinn.

Hárgreiðslustofan sem í húsinu var hét Toppurinn, sem er í senn eðlilegt og ágætt nafn á þannig starfsemi. Þórarni og Láru fannst nafnið geta átt vel við veitinga- og skemmtistað og því heitir nýi staðurinn þeirra Toppurinn. „Þegar við vorum að hugsa um hvað staðurinn ætti að heita fannst okkur setningar eins og „KK á Toppnum í kvöld“ hljóma vel og því var það niðurstaðan.“

**Fáir höfðu trú á hugmyndinni**

Eftir að Þórarinn og Lára höfðu fundið húsnæði, sem þeim leist vel á, var fjármögnun næsta skrefið. „Það gekk illa framan af að finna bankastofnun til að koma að fjármögnun en þegar við snerum okkur til Íslandsbanka fóru hjólin að snúast. Við keyptum húsið á 8,3 milljónir króna en eftir gagngerar breytingar var kostnaðurinn við húsnæði, tól og tæki kominn í rúmar 27 milljónir. Sjálf lögðum við til um 6 milljónir króna en Íslandsbanki fjármagnaði afganginn með láni til 20 ára. Það voru reyndar ekki bara sumar bankastofnanir sem höfðu litla trú á að hugmyndin gæti gengið upp því ég held að flestir Eskfirðingar hafi talið að við værum endanlega búin að tapa okkur þegar við réðumst í þetta verkefni. Nú er rúmur mánuður síðan við opnuðum og ég verð ekki var við annað í dag en flestir séu mjög ánægðir með staðinn og þokkalega bjartsýnir á rekstur hans. Ég finn fyrir miklum velvilja hjá bæjarbúum, mun meiri en ég átti von á, og það þykir mér mjög vænt um,“ segir Þórarinn.

> **„Ég finn fyrir miklum velvilja hjá bæjarbúum, mun meiri en ég átti von á, og það þykir mér mjög vænt um.“**

**Rifu allt út**

Það fyrsta sem Þórarinn og Lára gerðu eftir að þau keyptu húsið var að ráðast í miklar endurbætur innandyra. Að því verki komu um 20 iðnaðarmenn, auk þeirra hjóna og tveggja sona þeirra. „Við byrjuðum 10. maí á að brjóta niður veggi og henda út nánast öllu því sem fyrir var í húsinu. Við eigum tvo syni, 16 ára og 20 ára, og þeir hjálpuðu okkur mikið við breytingarnar enda í raun um fjölskyldufyrirtæki að ræða. Í húsinu voru frysti- og þurrktæki frá harðfiskvinnslunni og seldum við þann búnað en margt fékk að fjúka.“

Endurbæturnar tóku lengri tíma en þau hjón reiknuðu með í fyrstu, m.a. vegna þess hversu iðnaðarmenn eru umsetnir á Austurlandi um þessar mundir. Þegar liðlega hálft ár var liðið frá því að þau byrjuðu að brjóta niður og henda út var staðurinn loks tilbúinn og þau opnuðu nýjan og glæsilegan skemmti- og veitingastað 19. nóvember síðastliðinn.

**Viðtökur framar vonum**

Þórarinn segir að þau hafi farið rólega af stað og ekkert auglýst fyrstu vikuna. „Við vildum vera viss um að allt gengi eins og smurð vél og því þótti okkur betra að fara rólega í gang. Það breyttist þó fljótt og strax helgina eftir vorum við með jólahlaðborð og gestafjöldinn var rúmlega 120. Agnes Karen Sigurðardóttir, meistarakokkur frá Reykjavík, kom austur til okkar og töfraði fram tæplega 30 rétti og að hlaðborði loknu var dansað fram á nótt. Viðtökur gesta fóru langt fram úr okkar björtustu vonum og margir trúðu ekki að húsnæðið hefði áður verið notað undir fiskvinnslu.“

Þann tíma sem liðinn er frá opnun hefur staðurinn verið mjög vel sóttur að sögn Þórarins. „Hingað koma ekki bara Eskfirðingar heldur líka Reyðfirðingar, Norðfirðingar og fólk frá fleiri stöðum á Austurlandi. Framundan er þétt dagskrá enda stefnan að hafa einhverja áhugaverða uppákomu um hverja helgi, allt árið um kring. Staðurinn er þó alls ekki bara „djammstaður“ því við munum leggjum ríka áherslu á dagskrá af menningarlegum toga. Markmið okkar er að skapa lifandi stemningu í notalegu og vinalegu umhverfi,“ segir Þórarinn Hávarðsson. kk@frettabladid.is



**TÓTI Á TOPPNUM** Þórarinn Hávarðsson, eigandi Toppsins á Eskifirði.



**FISKVINNSLUSALURINN** Svona leit húsnæðið út þegar Þórarinn og Lára keyptu það.



**SALURINN TILBÚINN** Húsnæðið hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum mánuðum.


Gítarskólinn í Reykjavík kynnir

**Gítarnámskeið**

www.gitarskolinn.is

**Námskeið fyrir börn (frá 5 ára) og fullorðna í hóp- og einkatímum á þjóðlaga- og klassískan gítar (nótur).**

*Ummæli nokkurra nemenda á haustönn:*

**Garðar Ingi Ólafsson byggingameistari:**
„Alltaf verið draumur minn að spila á gítar. Ég lét það rætast og sé ekki eftir því. Frábær kennsla, enda ætla ég að halda áfram.“

**Kristín Júlíusdóttir húsmóðir og amma:**
„Ég kunni nokkuð áður en ég fór í Gítarskólann, en var svona hálf stöðnuð. Á þessum 2 mánuðum fyrir jól var aldeilis hrist upp í tækni og hljómagangi. Ég hef bætt mig mikið og mæli hiklaust með þessum skóla.“

**Aron Sigurþórsson nemi:**
„Alveg frábært. Gaman að læra á gítar. Var búinn að læra smá á gítar en kennarinn minn í Gítarskólanum í Reykjavík hefur m.a. farið í skiptingu hljóma sem var ekki góð hjá mér. Lærði ekki rétta tækni í upphafi.
Mæli með að þeir sem ekkert kunna byrji á því að læra í Gítarskóla Reykjavíkur.“

**Innritun er hafin á vorönn.**
**Upplýsingar í síma 581 1880 og 899 6081**

Gítarskólinn í Reykjavík Ármúla 38

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| Reykjavík 11.07 | 13.35 | 16.04 |
| Akureyri 11.05 | 13.20 | 15.25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Bloggið bakar vandræði

BLS. 3

## Góðan dag!

Í dag er sunnudagurinn 9. jan., 9. dagur ársins 2005.




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

## Smáauglýsingar

*byrja í dag á bls. 8*

### Flokkar & fjöldi

**Bílar & farartæki** 75 stk.
**Keypt & selt** 19 stk.
**Þjónusta** 15 stk.
**Heilsa** 11 stk.
**Skólar & námskeið** 5 stk.
**Heimilið** 21 stk.
**Tómstundir & ferðir** 5 stk.
**Húsnæði** 16 stk.
**Atvinna** 25 stk.
**Tilkynningar** 7 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þóra og Einar segja fiskinn hafa vaxið í áliti sem fæðu á undanförnum árum, enda sé hann hollustuvara.

# Á kafi í ísnum en aldrei kalt

***Fisksalarnir á Freyjugötu 1 eru samhent hjón sem viðhalda þorpsstemningu í sinni jákvæðustu mynd í Þingholtunum.***

Hjónin Einar Steindórsson og Þóra Egilsdóttir stunda fisksölu á Freyjugötu 1 í Reykjavík. Þar hafa þau staðið vaktina í þrettán og hálft ár og eru þekkt fyrir þægilega og persónulega þjónustu. „Þetta er dálítið eins og í þorpi,“ segir Þóra brosandi. „Fastakúnnarnir verða kunningjar manns og maður fylgist með heilsufari og öðru í lífi þeirra.“ Sjálf er hún Eyrbekkingur að uppruna og þekkir þorpslíf af eigin raun. Kveðst allt að því fædd í slorinu og kunna vel við stemninguna kringum fiskinn. Einar er líka ánægður með starfið enda þótt vinnudagurinn sé oft langur. „Maður er sjálfs síns herra og þetta er ágætt í alla staði,“ segir hann. „Ég var sendiferðabílstjóri áður en ég byrjaði í þessu. Annars var ég á Stokkseyri fyrstu 40 æviárin og þá lengst af á sjó.“ En skyldi fiskbúðabransinn hafa breyst frá því að þau byrjuðu árið 1992?

„Það eru engar stórbreytingar nema hvað áherslan hefur verið að færast meira yfir á tilbúna rétti sem fólk getur gripið með sér og þarf lítið að hafa fyrir, ofnrétti, bollur, plokkfisk og fisk í raspi. Þannig eru kröfur tímans og maður verður að fylgja þeim,“ segir Einar og þakkar konu sinni vinsældir tilbúnu réttanna þeirra. „Við höfum þetta bara eins og það sé heimatilbúið og eins og maður lærði af mömmu og tengdamömmu. Þannig vill fólk hafa það,“ segir Þóra. Einar kaupir fiskinn á mörkuðunum í gegnum tölvuna, mest á Faxamarkaði. „Ef ég kaupi fisk til dæmis austan af Hornafirði þá næ ég bara í hann niður á Faxamarkað morguninn eftir. Bílarnir eru á ferðinni allan sólarhringinn,“ segir hann.

Meðan Einar sér um að kaupa fiskinn sér Þóra um að selja hann og í lokin er hún spurð hvort þetta sé ekki kuldalegt starf. „Nei,“ svarar hún og hlær. „Oftast er ég berfætt í stígvélunum, þannig líður mér best. Svo er ég alltaf berhent. Þó að ég sé á kafi í ísnum þá er mér aldrei kalt.“

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

### *í atvinnu*

**Atvinnuleysisbætur** hækkuðu um þrjú prósent 1. janúar síðastliðinn. Dagpeningar bótaþega sem eru með fullar bætur hækkuðu úr 4.096 krónum í 4.219 krónur eins og kemur fram á vef Vinnumálastofnunar. Fullar atvinnuleysisbætur á mánuði hækka þar með úr 88.760 krónum í 91.426 krónur. Dagpeningaskrá má nálgast á vefsíðunni vinnumalastofnun.is.



**Ný rannsókn** hefur leitt það í ljós að mismunandi kröfur eru gerðar til starfsmanna og fer það eftir hjúskaparstöðu þeirra og hvort þeir séu barnlausir eða ekki. Vísindamenn í Ohio State háskólanum framkvæmdu könnunina og er greint frá henni á fréttavef Yahoo. Strangari kröfur eru gerðar til barnlausra kvenna á vinnustað. Það sem kemur hins vegar á óvart er að þátttakendur í rannsókninni setja minni starfskröfur á feður en á mæður og menn sem eiga engin börn. Ennfremur kom fram að háskólanemendur vildu frekar ráða einstæða konu til vinnu en konu með tvö börn og sömu starfshæfni.

*atvinna@frettabladid.is*

VESTURGARÐUR

## Félagsleg heimaþjónusta.

Félags- og þjónustumiðstöðin Árskógum 4 óskar eftir að ráða starfsmenn nú þegar við félagslega heimaþjónustu. Starfið felur í sér ýmsa aðstoð við almenn þrif, heimilishald og félagslegan stuðning. Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að gera fólki kleift að búa á eigin heimili,eins lengi og mögulegt er. Starfið krefst færni í mannlegum samskiptum og áreiðanleika. Starfshlutfall eftir samkomulagi. Við veitum starfsfólki góðan stuðning og leggjum áherslu á símenntun og þróun í starfi.

Laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Allar nánari upplýsingar veita Elísabet E Jónsdóttir, deildarstjóri, netfang:elisabet.eyglo.jonsdottir@reykjavik.is og Pála Jakobsdóttir, deildarstjóri, netfang: pala jakobsdottir@reykjavik.is , í síma 535-2700.

Sjá einnig almennar upplýsingar um laus störf og starfsmannastefnu Félagsþjónustunnar á vefsíðunni: www.felagsthjonustan.is

BECHTEL

HRV ENGINEERING

Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

## Bechtel leitar að starfsfólki í byggingavinnu við álver á Reyðarfirði

Með vorinu verður hafist handa við byggingaframkvæmdir þar sem áætlaður fjöldi starfsmanna næsta ár mun verða yfir eitt þúsund. Þessi fjöldi iðnaðar- og verkamanna telur fleiri en við reiknum með að finna hér á landi. Það er því ákaflega mikilvægt að fólk sem hefur áhuga á vinnu hjá Bechtel skrái sig sem allra fyrst. Fljótlega eftir áramót verður farið í að leita út fyrir landsteinanna að starfsmönnum í þær stöður sem við sjáum ekki möguleika á að fylla.

**Okkur mun vanta tækjastjórnendur og vörubílstjóra, handlangara, verkamenn og byggingaiðnaðarmenn. Á byggingatímanum sem nær til ársloka 2007 verður þörf fyrir smiði, járnsmiði, málmsuðumenn, mótasmiði, plötusmiði, stálvirkjasmiði, uppsetningarmenn, vírsplæsingarmenn, vélvirkja, múrara og málara.**

Þeir sem áhuga hafa á störfum við byggingu álvers á Reyðarfirði eru vinsamlega beðnir um að leggja inn umsókn sem fyrst. Umsóknir verða teknar til athugunar samfara framvindu byggingaframkvæmdanna.

Á skrifstofunum eru veittar upplýsingar um störfin og annað sem að þeim lýtur. Þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublöð, sem og á heimasíðunni.

Ráðningarstofan á Reyðarfirði
Búðareyri 2
730 Reyðarfirði
Sími 470 7599

Ráðningarstofan í Reykjavík
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími 470 7400

Eyðublöð og upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Fjarðaáls, www.fjardaalproject.com

**YFIRVINNA** Þótt 40 stunda vinnuvika sé ákjósanleg koma það fyrir að sá tími dugi ekki til. Þegar slíkt álag er getur verið betra að mæta fyrr á morgnana þegar hugurinn er vel hvíldur og ferskur í stað þess að vinna fram á kvöld. Ef þú vinnur mikla yfirvinnu skaltu gæta þess að hvílast vel þegar þú ert ekki í vinnunni.



# Bloggið bakar vandræði

***Þeir sem „blogga" um vinnuna gætu misst hana.***

Á þessu ári komst orðið Blog sem er stytting á ensku orðunum Web Log í Merriam-Webster orðabókina. Orðið fékk sinn sess í Oxford orðabókinni í fyrra en það stendur fyrir dagbók á netinu.

Meira en fimm milljón „blogg-síðna" eru á netinu og er fjöldinn sífellt að aukast eins og kemur fram á fréttavef BBC. Þeim tilvikum



fjölgar því miður líka að fólk lendir í vandræðum vegna „bloggs" um vinnuna. Og því hefur nýtt orðasamband verið búið til. Sögnin „Dooced" þýðir að einhver hafi misst vinnuna út af einhverju sem hann eða hún skrifaði á „bloggið" sitt.

Breski lögfræðingurinn Nick Lockett heldur því fram að margir munu missa vinnuna sökum „bloggsins" á þessu ári því vinnuveitendur eru að gera sér grein fyrir þessari nýju tækni. Ummæli á „blogginu" er erfitt að túlka segir hann og sum ummæli gætu beinlínis brotið í bága við starfssamning og starfsviðmiðanir. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ægir Ólafsson og Gísli Páll Davíðsson hjá fyrirtækinu Dropi í hafið þar sem skrautfiskar eru ræktaðir.

# Byrjaði skrautfiskeldi í geymslunni heima

***Fyrritækið Dropi í hafi sérhæfir sig í fiskeldi á skrautfiskum og selur til gæludýraverslana.***

„Sem pjakkur hafði ég mikinn áhuga á þessu en svo dó það bara með barnæskunni. Áhuginn kviknaði aftur á fullorðinsárum og þá fór ég með delluna lengra og endaði bara þarna. Ekki alveg það sem ég ætlaði að gera," segir Ægir Ólafsson sem er annar eigandi Dropa.

„Verkefnið hófst árið 2002 og hef ég verið að byggja þetta upp og þróa síðan," segir Ægir sem byrjaði í eldinu í geymslunni heima.

„Fljótlega var öll geymslan farin í þetta þannig að ég fór í annað húsnæði þar sem ég ætlaði mér að vera í nokkur ár," segir Ægir, en það húsnæði sprengdi fyrirtækið fljótt utan af sér og var að lokum flutt á núverandi stað sem er 170 fermetra húsnæði.

„Ég hef ekki tölu á hversu mörg búr ég er með en það eru um 60 tonn af vatni þarna inni. Eins og stendur er ég að rækta 20 til 30 tegundir í rækt-



Í húsnæðinu eru um 60 tonn af vatni.

un og allt ferskvatnsfiska," segir Ægir en eitt af því sem til stendur í framtíðinni er að rækta einnig sjávarskrautfiska.

Hann segir mikla sölu vera í skrautfiskum og hann stefni á útflutning þar sem honum hafi verið sýndur áhugi erlendis frá.

„Það sem við höfum hérna umfram aðrar þjóðir er gott vatn og lágt orkuverð, gallinn er kannski helst sá að við erum á eyju og dýrt að koma vörunni frá sér," segir Ægir.

*kristineva@frettabladid.is*

Álftanes
www.alftanes.is

Álftanesskóli
http://www.alftanesskoli.is

## Óskum að ráða frá 1. febrúar 2005:

**Laghentan og lipran starfsmann í sérverkefni (gangavarsla, umsjón búnaðar, eftirlit með skólahúsi og lóð, umsjón með ræstingu og aðstoð á skrifstofu skólans) 100% starf.**

**Skólaliða í Frístund (lengd viðvera nemenda), 62,5% starf (vinnutími frá 12:00 - 17:00).**

Upplýsingar veita Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 565-3662 og 8215007,
netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is
og Ragnhildur Konráðsdóttir deildarstjóri, í síma 565-3662, netfang:
ragnhildur.konradsdottir@alftanesskoli.is

Sjá einnig vef Álftanesskóla og sveitarfélagsins Álftaness.

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Álftanesskóla.
Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Skólastjóri.**

FRAMTAK
GÓÐ ÞJÓNUSTA VEGUR ÞUNGT

óskar að ráða eftirtalda starfsmenn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Reykjanesvirkjun:

- **Rafsuðumenn**
- **Stálsmiði**
- **Tækjamenn**
- **Vélvirkja**
- **Verkamenn**

Skriflegar umsóknir með ferilskýrslu þar sem fagréttindi umsækjanda koma fram sendist fyrir 20. janúar 2005 til:

Framtak, véla- og skipaþjónusta
Drangahraun 1-1b
220 Hafnarfjörður

**Merkt: Reykjanesvirkjun – Umsókn um atvinnu**

Eða sendist á: info@framtak.is

Öllum umsóknum og fyrirspurnum verður svarað

FRAMTAK
VÉLA- OG SKIPAÞJÓNUSTA ehf
Drangahrauni 1-1b Hafnarfjörður
Sími: 565 2556 • Fax: 565 2956
Netfang: info@framtak.is
Heimasíða: http://www.framtak.is

## INNKAUPA-STJÓRI

Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. óskar eftir vönum manni til að sjá um innkaupamál fyrirtækisins.

Við leitum að metnaðarfullum manni með þekkingu á byggingamarkaðinum sem er í stakk búinn til að móta innkaupastefnu fyrirtækisins.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 16. janúar nk.
Umsóknum skal skila á skrifstofu Bygg ehf, með faxi, 562 2175, eða með tölvupósti á gunnar@bygg.is

BYGGINGAFÉLAG GYLFA OG GUNNARS EHF.
BORGARTÚNI 31 • Sími 562 2991 • bygg.is

BYGG

## Prentari óskast

Okkur hjá Vörumerkingu vantar að ráða góðan prentara.
Við erum framsækið fyrirtæki í prentiðnaði og leitum að reglusömum fagmanni sem er tilbúinn að slást í hópinn með okkur.

Umsókninni skulu fylgja meðmæli og þar tilgreind menntun og starfsreynsla.
Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. janúar nk.
Farið verður með þær sem trúnaðamál og öllum umsóknum svarað bréflega.

vörumerking
BÆJARHRAUNI 24 - 220 HAFNARFIRÐI

Laust er starf rekstrarstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar á Egilsstöðum sem er deild í Heilbrigðisstofnun Austurlands.

# Rekstrarstjóri

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur
- Starfsmannahald
- Fjármál og fjárreiður
- Áætlanagerð
- Önnur verkefni sem framkvæmdastjóri kann að fela viðkomandi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun
- Reynsla af starfsmannahaldi og rekstri skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Færni til að leiða fólk til starfa
- Trúmennska og trúnaður
- Glaðlyndi og gott starfsþrek

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. mars 2005 eða fyrr. Laun eru samkvæmt stofnanasamningi HSA og FOSA.

**Umsjón með starfinu hefur Eva Hrund Einarsdóttir (eva@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka Akureyri. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG Mannafl Liðsauki

Laugavegi 170 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

# Byggingatæknifræðingur

**JB Byggingafélag óskar að ráða byggingatæknifræðing til starfa.**

JB Byggingafélag

*JB Byggingafélag ehf var stofnað 1984 og eru höfuðstöðvar fyrirtækisins í nýju og glæsilegu húsnæði að Bæjarlind 4 í Kópavogi. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í framleiðslu íbúðarhúsnæðis ásamt því að sinna annarri mannvirkjagerð. Hjá fyrirtækinu starfa 130 manns. JB hefur yfir að ráða mjög hæfu starfsfólki á öllum sviðum sem býr yfir mikilli þekkingu ásamt reynslu til þess að mæta kröfum viðskiptavina um vandaðar íbúðir. Þá gerir nýlegur og góður tækjakostur fyrirtækinu kleift að takast á við öll þau verkefni sem því eru falin. Fyrirtækið hefur öfluga starfsmannastefnu og starfsandi er mjög góður.*

*www.jbb.is*

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með útboðum
- Gerð útboðsgagna
- Eftirlit með framkvæmdum
- Eftirlit með vinnu hönnuða
- Ýmis önnur störf á framkvæmdasviði

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði byggingatæknifræði
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð samskiptafærni
- Ákveðin og öguð vinnubrögð

**Í boði er** áhugavert starf hjá traustu og framsækni fyrirtæki þar sem starfar samhentur hópur starfsmanna. Lögð er áhersla á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 17. janúar nk.
Númer starfs er **4217**.
Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir. Netfang: katrin@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík**
**Sími 520 4700 • Fax 520 4701**
**www.hagvangur.is**

GEÐHJÁLP

# Ráðgjöf og fræðsla

Geðhjálp óskar eftir að ráða erindreka til ráðgjafar og fræðslustarfa um málefni geðsjúkra. Um er að ræða tveggja ára átaksverkefni til að rjúfa einangrun geðsjúkra á landsbyggðinni. Leitað er eftir einstaklingi með háskólamenntun og reynslu af málefnum geðsjúkra. Jafnframt þarf viðkomandi að sýna mikla hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, samstarfs- og skipulagshæfileika. Viðkomandi þarf að hafa tök á því að ferðast um landið.

Verkefnið byggir á landssöfnun Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi sem fram fór s.l. haust.

Óskað er eftir skriflegum umsóknum, sem skila skal til Geðhjálpar, Túngötu 7, 101 Reykjavík eigi síðar en mánudaginn, 17. janúar n.k.

Geðhjálp er félag þeirra, sem hafa þurft eða þurfa aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra er láta sig geðheilbrigðismál varða á landsvísu. Tilgangur félagsins er að bæta hag þeirra, sem eiga við geðræn vandamál að stríða svo og aðstandenda þeirra.

FRUMHERJI HF

**Frumherji hf. óskar eftir að ráða skoðunarmenn á eftirtöldum sviðum.**

**Matvælasvið**

Óskað er eftir skoðunarmanni með aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.
Eftirfarandi kröfur eru gerðar til menntunar og starfsreynslu skoðunarmanna.

* Starfsréttindi fisktæknis eða sambærileg menntun.
* Reynsla af störfum við fiskvinnslu eða matvælaiðnað.
* Þekking á gæðakerfum og reynsla af eftirlitsstörfum æskileg.
* Góð enskukunnátta.
* Færni í notkun helstu tölvuforrita.

Matvælasvið Frumherja annast skoðanir á aðstöðu, hreinlæti, og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi í umboði Fiskistofu. Viðkomandi þarf að hefja störf eigi síðar en 1. mars n.k.

**Ökutækjasvið**

Óskað er eftir skoðunarmanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Starf skoðunarmanns er fjölbreytt, felst m.a. í framkvæmd ýmissa skoðana á öllum stærðum og gerðum ökutækja, afgreiðslustörfum, skráningarstarfsemi vegna ökutækja, upplýsingagjöf og fleiru. Gerð er krafa um bifvélavirkjamenntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja starfsreynslu í faginu. Gerð er krafa um almenn ökuréttindi, en aukin ökuréttindi og bifhjólaréttindi eru einnig æskileg.

*Frumherji hf. er leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sviði skoðana og prófana. Starfsemi fyrirtækisins er faggilt samkv. evrópskum gæðastöðlum og starfar á 5 faggiltum sviðum á 30 stöðum á landinu þ.e. ökutækjasvið, rafmagnssvið, lögmælisvið, skipaskoðunarsvið og matvælasvið. Hjá Frumherja hf. er lögð áhersla á góða framkomu, þjónustulund, samskiptalipurð, skipulögð vinnubrögð og fagmennsku í starfi. Boðið er uppá störf hjá traustu fyrirtæki þar sem aðbúnaður er til fyrirmyndar.*

*Umsækjendum er bent á að sækja um á umsóknareyðublaði á vefsíðu Ísgens www.isgen.is eða senda ferilsskrár og aðrar upplýsingar til isgen@isgen.is Fyllsta trúnaðar er gætt í meðferð umsókna. Frekari upplýsingar um störfin eru veittar hjá Ísgen í síma 616 6570.*

ÍSGEN ráðningarþjónusta

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

# Kíktu á vinna.is

STOCKHOLMS STAD
KULTUR-FÖRVALTNINGEN

# Menningarmáladeild Stokkhólmsborgar

**býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan, sem staðsettur er í miðborg Stokkhólms.**

Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld. Fólk sem starfar að sköpun á sviði menningarmála og er frá einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni, án endurgjalds, í eina eða tvær vikur á tímabilinu 4. apríl til 30. október 2005.
Sjá einnig www.kultur.stockholm.se/nordiska stipendier

Umsóknareyðublöð fást á netinu reykjavik.is og í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Umsóknir sendist í síðasta lagi 1. febrúar 2005 til:

Stockholms kulturförvaltning,
Nordiskt kultursamarbete,
Yvonne Lindqvist,
Box 16113
SE 103 22 Stockholm.

Nánari upplýsingar veitir Unnur Birgisdóttir á skrifstofu menningarmála Reykjavíkurborgar, sími 563-6615, netf. unnur.birgisdottir@reykjavik.is

# Vegna mikilla verkefna vantar okkur smiði, smíðahópa og undirverktaka í smíðavinnu

ÍAV

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og býr yfir áratugareynslu í mannvirkjagerð. Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, mannvirkjagerð eða opinberar byggingar. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 500 manns.

**Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu ÍAV, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.**

**Nánari upplýsingar fást í síma 530 4200.**

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is.

**Hjúkrunarheimilið Fellsendi í Miðdölum í Dalasýslu auglýsir hér með eftir:**

# Hjúkrunarforstjóra

Eftir um það bil eitt ár verður tekið í notkun nýtt hjúkrunarheimili að Fellsenda í Dalasýslu. Verður hlutverk hjúkrunarforstjóra m.a. að vinna að skipulagi nýs heimilis og undirbúa starfsemi þess.
Staða hjúkrunarforstjóra er laus nú þegar. Húsnæði er til staðar í Búðardal.

Hjúkrunarheimilið Fellsendi er sjálfseignastofnun og er öldrunarstofnun fyrir geðfatlaða einstaklinga. Heimilið hefur verið starfrækt frá árinu 1968, staðsett í fallegu umhverfi og býr yfir góðum heimilisbrag.

Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri í síma 896 2818 og einnig er hægt að senda fyrirspurnir til tsh@fellsendi.is.




## Vaktstjórar og hlutastörf

Ef þú ert einstaklingur sem hefur áhuga á að starfa með samhentum hópi starfsmanna við sölu-og þjónustustörf viljum við gjarnan fá þig til starfa með okkur á Select- og Shellstöðvum félagsins á Reykjavíkursvæðinu.

Um er að ræða vaktstjórastarf á Selectstöðinni Suðurfelli og er starfið unnið á vöktum.
Einnig viljum við ráða starfsmenn í hlutastörf á kvöldin og um helgar á Shellstöðina Laugavegi og Selectstöðina Vesturlandsvegi.

Upplýsingar um störfin veitir Drífa Sigurðardóttir í starfsmannahaldi Skeljungs, sími 444 3000.
Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is og í móttöku Skeljungs að Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík.

Skeljungur hf.

Sýslumaðurinn í Keflavík

## Hjá Sýslumanninumí Keflavík er laust starf skrifstofumanns.

Um er að ræða 100% starf. Umsækjandi þarf að hafa góða tölvuþekkingu. Launakjör eru samkv. kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Hægt að nálgast umsóknareyðublöð www.syslumadurinn.is
Reyklaus vinnustaður.
Upplýsingar um starfið veitir Börkur Eiríksson.skrifst.stj. í síma 4202422 eða 8990573. Umsóknarfrestur er til 23.janúar 2005. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Keflavík, 30. desember 2004.

SÝSLUMAÐURINN Í KEFLAVÍK. / VATNSNESVEGI 33 / 230 KEFLAVÍK

# VERKEFNA-STJÓRI

Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. óskar eftir vönum manni til verkefnastjórnunar.

**Verksvið**
- Samræming á teikningum
- Efnisöflun og samskipti við kaupendur
- Yfirstjórn á nýbyggingum

**Menntun og hæfniskröfur**
Við leitum að dugmiklum manni með tækni- eða verkfræðimenntun og eða aðra framhaldsmenntun á byggingasviði.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 16. janúar nk.
Umsóknum skal skila á skrifstofu BYGG ehf, með faxi, 562 2175, eða með tölvupósti á gunnar@bygg.is

**BYGGINGAFÉLAG GYLFA OG GUNNARS EHF.**
**BORGARTÚNI 31 • Sími 562 2991 • bygg.is**

BYGG

SEAFOOD BUREAU
- Fisksöluskrifstofan ehf -

*Fisksöluskrifstofan er 20 manna fyrirtæki í framleiðslu og sölu á sjávarafurðum. Þar af starfa 17 manns við fiskvinnslu.*

Við óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf:

## VERKSTJÓRI Í FISKVINNSLU

**Verksvið:**
- Móttaka hráefnis og ráðstöfun til vinnslu.
- Umsjón með vinnslu í harðfisk, salt, frost og ferskt.
- Umsjón með pökkun og afskipunum.

Umsækjendur verða að hafa þekkingu og reynslu af ofangreindum verkþáttum, ríka ábyrgðartilfinningu og góða samstarfshæfileika.

**Umsóknir sendist til:**
Fisksöluskrifstofan, Eyrartröð 11, 220 Hafnarfirði eða á netfang: gullfiskur@gullfiskur.is

**Umsókarfrestur er til 22. janúar 2005**

Nánari upplýsingar í síma 693 0203

# Hjúkrunarforstjóri

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til að gegna stöðu hjúkrunarforstjóra við stofnunina.**

Hjúkrunarforstjóri er yfirmaður hjúkrunar á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsi heilbrigðisstofnunarinnar. Hjúkrunarforstjóri á setu í framkvæmdastjórn hennar. Gerð er krafa um reynslu af stjórnun. Um er að ræða 100 % starf. Gert er ráð fyrir, að hjúkrunarforstjóri sinni jafnframt klínískri vinnu á stofnuninni.

Laun samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Fjármálaráðuneytis.

Gert er ráð fyrir að hjúkrunarforstjórinn hefji störf eigi síðar en 1. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Skúlason, framkvæmdastjóri, s. 482 1300.

Umsóknum, ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun, starfs- og stjórnunarreynslu, ritstörf og vísindarannsóknir skal skilað til framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, v/ Árveg, 800 Selfoss, fyrir 25. janúar nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

Heilbrigðisstofnun var stofnuð 1. sept. sl. við sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi og Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Þjónustusvæði hinnar nýju stofnunar nær til um 17.000 íbúa á Suðurlandsundirlendinu. Um er að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi með 55 sjúkrarúm, auk þess sem stofnunin rekur Réttargeðdeildina á Sogni í Ölfusi. Alls eru um 200 stöðugildi hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

# RAFVIRKJAR

Vegna aukinna umsvifa óskar Johan Rönning eftir að ráða öfluga sölumenn í Reykjavík og á Akureyri

Umsóknir um störf í **Reykjavík** óskast sendar til Johan Rönning hf., Sundaborg 15, 104 Reykjavík. Umsóknir um starf á **Akureyri** óskast sendar til Birgis Tómassonar, rekstrarstjóra, Óseyri 2.
**Umsóknir berist fyrir 24. janúar 2005.**

*Johan Rönning hf. er leiðandi þjónustufyrirtæki á rafvörumarkaði og rekur jafnframt heimilistækjaverslun. Fyrirtækið er framsækið og starfar á vaxandi markaði. Johan Rönning hf. vill vera þekkt sem góður og eftirsóttur vinnustaður.*

**Starfið:**
sala og þjónusta
tilboðsgerð og tækniráðgjöf

**Hæfniskröfur:**
reynsla af störfum í rafiðnaði
þjónustulund
reynsla af sölustörfum æskileg
markaðshugsun
frumkvæði
samskiptahæfni

**Menntun:**
sveinspróf í rafvirkjun

hausverk

JOHAN RÖNNING

Sundaborg 15 • Sími 5 200 800 \ Óseyri 2 • Sími 4 600 800 \ www.ronning.is



Leikskólar Reykjavíkur

## Spennandi störf
### hjá Leikskólum Reykjavíkur

**Laus eru til umsóknar störf leikskólakennara/leiðbeinenda.**

Leikskólar Reykjavíkur starfrækja 77 leikskóla og þar starfa um 1800 einstaklingar með leikskólakennaramenntun eða aðra háskólamenntun og/eða reynslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og eða kennslustörfum með börnum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, nákvæmni, áreiðanleiki og frumkvæði í starfi

Fáist ekki leikskólakennarar til starfa eru ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

**Njóttu þín!**
**Hjá Leikskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Liður í því er meðal annars öflug símenntun og handleiðsla.**

**Nánari upplýsingar veitir Borgar Ævar Axelsson starfsráðgjafi, borgar.axelsson@reykjavik.is, í síma 563 5800. Einnig er hægt að skoða lausar stöður á heimasíðu okkar www.leikskolar.is**

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

# Matreiðslumaður

## Framtíðarstarf á Nordica hoteli

Óskum eftir að ráða góðann matreiðslumann í metnaðarfullt starf við veislueldhús hótelsins. Leitað er eftir ábyrgum, samstarfsfúsum og duglegum aðila. Hæfniskröfur við matreiðslu veislurétta gerðar til viðkomandi.
Unnið er samkvæmt hefðbundinni vaktavinnu matreiðslumanna.

## Framtíðarstarf við morgunverðarhlaðborð á Nordica hoteli

Óskum eftir að ráða jákvæðan, samstarfsfúsan og duglegan starfsmann í metnaðarfullt starf við daglega uppsetningu á morgunverðarhlaðborði innan eldhús hótelsins.
Unnið er 15 daga í mánuði á vöktum frá kl. 04:00-11:00
Starfsreynsla á matvælasviði æskileg og/eða menntun úr matsveinanámi

Í starfinu felst meðal annars :

- Framsetning og umsjón á allri matvöru
- Bakstur
- Eldamennska
- Almenn Þrif og frágangur
- Hitastigseftirlit
- Skráning við gámes kerfi

**Störfin eru laus nú þegar og er óskað eftir umsóknum á tölvupósti til yfirmatreiðslumanns (hakon@icehotel.is )**

**Nánari upplýsingar í síma 444 5054 / 840 0111**

aktu taktu

**OKKUR VANTAR GOTT FÓLK**

Vilt þú vera hluti af öflugri liðsheild, vinna með góðu fólki í vaxandi fyrirtæki? Við gerum miklar kröfur til starfsmanna okkar og leggjum okkur jafnframt fram um að verðlauna þá sem standa sig vel. Við leitum að fólki sem er 20 ára og eldra og getur unnið reglubundnar skiptivaktir.

Umsóknareyðublöð á Aktu Taktu, Skúlagötu og www.aktutaktu.is

**AKTU TAKTU ehf. • Skúlagötu 15 • 101 Reykjavík • www.aktutaktu.is**



**Ert þú ferskur starfskraftur?**

Subway auglýsir eftir jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á lifandi og skemmtilegum vinnustað. Um er að ræða vaktavinnu, bæði í fullt starf og hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

SUBWAY™

Hægt er að sækja um á www.subway.is eða eyglo@subway.is
Nánari upplýsingar í síma 530 7004.


**allt - sem þig vantar**
✓ **Smáauglýsingasíminn er 550 5000**
✓ **auglysingar@frettabladid.is**
FRÉTTABLAÐIÐ


# Rafvirkjar

**Rafkraft ehf óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa.**

Hafið samband við Guðjón Gunnar í s. 699 7756 eða sendið tölvupóst á rafkraft@simnet.is.

# Góð störf í boði



Vegna aukinna verkefna eru eftirfarandi störf í boði við ræstingar og mötuneytisumsjón:

**Morgunvinna á svæði 200 - vinnuhlutfall 38%.** Starf þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 11:00.

**Dagvinna á svæði 104 - vinnuhlutfall 37,5%.** Starf við mötuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 11:00 - 14:00. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

**Morgunvinna á svæði 101 - vinnuhlutfall 50%.** Starf á heilbrigðisstofnun þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 12:00.

**Morgunvinna á svæði 200 - vinnuhlutfall 38%.** Starf þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 11:00.

**Dagvinna á svæði 210 - vinnuhlutfall 62,50%.** Starf á hjúkrunarheimili þar sem vinnutími er frá klukkan 08:30 - 13:30.

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 25 - 100%.** Dagvinna og seinniparts vinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar felst m.a. í því að koma til starfa þegar forföll verða á fastráðnu starfsfólki eða vegna aukinna verkefna. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að* ***Ármúla 40, 3.hæð*** *og á heimasíðu* ***www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS ÍSLAND

**Fagmennska í áratugi**

***Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 23 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 600 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.***

---

# NÝ STÖRF VEGNA STÆKKUNAR NORÐURÁLS

Vegna stækkunar álvers Norðuráls ehf. á Grundartanga óskar fyrirtækið að ráða starfsfólk til ýmissa starfa. Þau störf sem nú eru laus til umsóknar eru í ker- og steypuskála álversins og eru þau unnin í vaktavinnu. Gert er ráð fyrir að nýir starfsmenn hefji störf annars vegar í mars og apríl 2005 og hins vegar í nóvember og desember 2005. Fyrstu tveimur til þremur mánuðunum í starfi er varið til starfsþjálfunar.

Æskilegt er að umsækjendur séu búsettir á Vesturlandi. Skipulegar ferðir eru á milli Grundartanga annars vegar og Akraness og Borgarness hins vegar.

Upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Norðuráls www.nordural.is.
Hjá Norðuráli eru laun að hluta árangurstengd. Fyrirtækið greiðir viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð og einnig er hluti árangurstengdra launa greiddur í slíkan sjóð.

*Umsóknir þurfa að berast Norðuráli fyrir 20. janúar næstkomandi. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Norðuráls en einnig er unnt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins, www.nordural.is, eða senda umsóknir í tölvupósti á netfangið umsokn@nordural.is. Þeir sem hafa á síðustu sex mánuðum sent inn umsóknir til Norðuráls þurfa ekki að endurnýja umsóknir sínar.*

*Öllum umsóknum verður svarað.*

Norðurál hóf starfsemi sína í júní 1998. Fyrirtækið hefur á að skipa öflugu liði um 200 starfsmanna sem verða orðnir 260 talsins í apríl og 340 í lok ársins 2005. Framleiðslugeta álversins er 90.000 tonn af áli á ári og verður 212.000 tonn í lok árs 2006. Eigendur Norðuráls, Century Aluminum Company í Bandaríkjunum, hafa hug á frekari stækkun álversins ef orka og aðrar forsendur verða fyrir hendi.

Norðurál leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi eiginleika starfsmanna sinna: Jákvætt viðhorf, lipurð í samskiptum, frumkvæði, fagmennsku, sveigjanleika og vilja til að axla nýja ábyrgð. Starfsþjálfun og þróun skipa veigamikinn sess innan fyrirtækisins. Áhersla er lögð á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

NORÐURÁL

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001

---

VESTURGARÐUR

# Verkefnisstjóri

**Vesturgarður, fjölskyldu- og skólaþjónusta auglýsir laust til umsóknar starf verkefnisstjóra.**

## Ábyrgðarsvið

- Starf verkefnisstjóra felst einkum í samstarfi innan og utan hverfis. Einnig er um að ræða yfirumsjón með frístundatilboðum í Vesturbæ og umsjón heimasíðu. Þróun úrræða fyrir börn og ungmenni í Vesturbæ í samræmi við markmið Vesturgarðs.

**Menntunar og/eða hæfniskröfur:**

- Uppeldismenntun eða önnur sambærileg háskóla menntun á félags og uppeldissviði æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum/unglingum.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum í Vesturgarð, Hjarðarhaga 45-7, 107 Reykjavík fyrir 19. janúar 2005, merkt: ìUmsókn um starf verkefnisstjóraî.

Nánari upplýsingar veitir Ella Kristín Karlsdóttir, forstöðumaður í síma 535-6100.
Netfang:ellak@vesturgarður.is

---

## Garðyrkjufræðingur óskast

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) óska eftir að ráða garðyrkjufræðing til starfa. Viðkomandi þarf að hafa lokið námi frá garðyrkjuskóla, helst af skrúðgarðyrkjubraut. Verkefnin felast í almennum garðyrkjustörfum og verkstjórn.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. mars n.k., eða eftir samkomulagi. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KGRP og Samiðnar f.h. aðildarfélaga þess.

Skriflegar umsóknir skal senda til KGRP, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík, fyrir 21. janúar n.k.merktar „Garðyrkjufræðingur".

Nánari upplýsingar um starfið veitir garðyrkjustjóri KGRP í síma 585-2700 eða 897-2472 næstu daga.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

---

# Leikskólastjóri

**Snæfellsbær óskar eftir að ráða tímabundið leikskólastjóra við leikskólann Kríuból á Hellissandi frá og með febrúar n.k. til og með apríl 2006. Um er að ræða spennandi uppbyggingarstarf í stöðugri þróun í góðu umhverfi. Kjörið tækifæri fyrir þá sem langar til að prófa eitthvað nýtt. Umsóknarfrestur er til 21. janúar næstkomandi.**

Leikskólar Snæfellsbæjar eru tveir, Krílakot sem staðsettur er í Ólafsvík og Kríuból sem staðsettur er á Hellissandi.
Upplýsingar gefur Steinunn leikskólastjóri í síma 436-6723 kriubol@snb.is

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Hellissandur í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík ñ og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli.
Í Snæfellsbæ býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna. Hér er líka sérstaklega fallegt umhverfi enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.




RE/MAX

# Fasteignablað

13. tölublað • 3. árgangur • 9. janúar 2005

Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga

STAÐREYNDIR UM RE/MAX

# ENGINN Í HEIMI SELUR FLEIRI FASTEIGNIR EN RE/MAX

HÉR VERÐUR RE/MAX



RE/MAX FASTEIGNASÖLUR

## RE/MAX OG ET EHF. HJÁLPA ÞÉR AÐ FLYTJA




RE/MAX FASTEIGNASÖLUR



**RE/MAX BÚI**
Stórhöfða 17,
Reykjavík
s. 520 9400
Sigurður Guðmundsson
lögg. fasteignasali



**REMAX KÓPAVOGUR**
Bæjarlind 12
Kópavogi
S. 520 9500
Björg Rúnarsdóttir
Lögg. fasteignasali



**RE/MAX STJARNAN**
Garðatorgi.



**RE/MAX MJÓDD**
Þönglabakka 1,
Reykjavík
s. 520 9550
Guðmundur Þórðarson
lögg. fasteignasali



**RE/MAX ÍSLAND**
Stórhöfði 17,
Reykjavík
s. 5171300

RE/MAX
Fasteignasalan Búi

www.bui.is

# RAÐHÚS Í HVERAGERÐI

**Byggingaraðili: 5X ehf.**

Glæsilegar 163 fm íbúðir sem skilast fullbúnar. Vandaðar innréttingar, marmari og parket á gólfum. Eldhústæki og amerískur ískápur fylgja. Heiturpottur úti í garði.

**Verð: 23.900.000kr**






Hilmar Þór Sævarsson
S. 822-5055
hilmar@remax.is

Sigurður Guðmundsson hdl. löggiltur fasteignasali

www.remax.is

## Ásdís Ósk Valsdóttir

Sölufulltrúi • **Sími: 863 0402**

*Enginn í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX*

RE/MAX Mjódd

## 3ja herbergja íbúð á annari hæð með sérinngangi

# Opið hús í Laufengi 76, 112 Rvk, í dag kl. 15–16

**3ja herbergja íbúð með sérinngangi**



**Íbúðin:** 3ja herbergja með sérinngangi. 2 rúmgóð svefnherbergi, opin stofa, útgengt út á svalir. Stór sameiginlegur pallur í garði.

*Verð: 14.900.000.-*

**Rúmgott baðherbergi**



**Baðherbergi:** Er með dúk á gólfi, flísalagt meðfram baðkari, tengi fyrir þvottavél og þurrkara.

**Eldhús með ljósri innréttingu**



**Eldhús:** Er opið, innrétting á tveimur veggjum, efri og neðri skápar, tengi fyrir uppþvottavél.

*Ásdís Ósk tekur á móti gestum í dag kl. 15:00 – 16:00*

## Eins herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi

# Opið hús í Goðheimum 19, 104 Rvk, í dag kl. 13:30–14:30

**Eins herbergja íbúð með sérinngangi**



**Íbúðin:** Eins herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi, séreldhús, svefnherbergi og stofa í einu rými. Sameiginlegt þvottahús. Plastparkett á flestum gólfum.

*Verð: 8.900.000.-*

**Eldhús með L-laga innréttingu**



**Eldhús:** Er með L-laga innréttingu, plast-parkett á gólfi og borðkrók.

**Baðherbergi með sturtu**



**Baðherbergi:** Er með dúk á gólfi og sturtuklefa inn í vegg.

*Ásdís Ósk tekur á móti gestum í dag kl. 13:30 – 14:30*

## Er að leita að...

**Mjög stór kaupendalisti að eignum í Seljahverfi, sérstaklega stærri eignir.**

Stórt einbýlishús í Seljahverfi með a.m.k 5 svefnherbergjum og bílskúr, skipti möguleg á minna einbýlishúsi í Seljahverfi.

Stórt húsnæði með möguleika á a.m.k. 10 svefnherbergjum eða minna húsnæði í mikilli nálægð við hvert annað, skipti möguleg á minni eignum miðsvæðis.

Húsnæði sem þarfnast endurbóta, staðsetning opin.

Einbýli eða raðhús í Hafnarfirði (Hlíðahverfi eða Ásland), a.m.k. 3 svefnherbergi á bilinu 20-26 milljónir. Skipti möguleg á 3ja herbergja íbúð í Hlíðahverfi í Hafnarfirði.

Lítið endaraðhús/einbýli, 100-140 fm með bílskúr, staðsetning opin, helst lengra komið en fokhelt.

Íbúð nálægt Melaskóla, 20-25 milljónir, skipti möguleg á minni íbúð á Melunum.

2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði og sérinngangi í Grafarvogi, helst með bílskúr, skipti möguleg á 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði í Foldahverfi.

**Ef þú þarft að selja þína fasteign, hafðu þá samband við mig og við munum sjá um að selja hana fyrir þig**

- Frítt verðmat vegna íbúðasölu
- Fagljósmyndari tekur myndir af eigninni
- Ítarleg eignamappa fyrir hverja eign
- Ég held opið hús í upphafi sölumeðferðar
- Ég sýni allar eignir
- Enginn kostnaður nema eignin seljist
- Virk eftirfylgni vegna allra fyrirspurna varðandi eignina
- Fullur aðgangur að kaupendaþjónustunni

*Ásdís Ósk er styrktaraðili SOS barnaþorpa www.sos.is*



**Ásdís Ósk Valsdóttir** • Sölufulltrúi Remax í Mjódd • **Sími: 863 0402** • **Netfang: asdis@remax.is**

**Guðmundur Þórðarson**, löggiltur fasteignasali • RE/MAX Mjódd • Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9550 • Fax: 520 9551

RE/MAX

Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga

# Gleðilegt ár

Þökkum viðskiptin á liðnu ári.

## Ársalir 1

Með bílskýli

opið hús á milli 15.00 og 16.00

Verð 26.500.000
Stærð 123.4 fm
Íbúð 10-03




Stórglæsileg íbúð með stórkostlegu útsýni yfir borgina. 3ja herbergja íbúð á 10. hæð í tveggja lyftu húsi. Í íbúðinni eru vandaðar maghony innréttingar og hurðir. Eldhús með fallegri maghony innréttingu og vönduðum tækjum, eyja með eldavél og háfi, flísar á gólfi. Inn af eldhúsi er þvottahús. Glæsilegt baðherbergi flísalagt með baðkari og sturtu. Herbergi og stofa parketlögð með maghony parketi. Sér bílastæði í bílageymslu. Virkilega glæsileg eign á

## Skaftahlíð

Reykjavík

Verð 16.500.000
Stærð 88.4 fm
3ja herbergja




**Eign sem vert er að skoða.**
Einstaklega falleg íbúð í góðu hverfi. Íbúðin hefur verið gerð upp á smekklegan hátt. Eldhús með nýlegri hvítri innréttingu. Rúmgott svefnherbergi, barnaherbergi, Stofa björt og rúmgóð. Fallegt flíslagt baðherbergi með hleðslugleri í sturtu. Íbúðin er öll parketlögð utan baðherbergis sem er flísalagt. Afar björt og skemmtileg íbúð á jarðhæð í einu eftirsóttasta hverfi Reykjavíkur. Nýlegt dren og þakkantur. Gróinn sameiginlegur garður í kringum húsið.

## Selvogsgata 8

Hafnarfirði

opið hús á milli 16.00 og 17.00



Nýuppgerð neðri sérhæð á einstaklega fallegum stað í Hafnarfirði. Rúmgóð stofa með stórum gluggum sem vísa út í gróinn garð. Þrjú parketlögð herbergi. Eldhús með snyrtilegri innréttingu. Baðherbergi með sturtu. Borðplata í eldhúsi og sólbekkir úr graníti. Á allri íbúðinni er eikar smelluparket, utan baðherbergis. Sér upphituð geymsla stendur við húsið. Fallegt hús í góðu ásigkomulagi. Grunnskóli og framhaldsskóli í göngufæri. Stutt í alla aðra þjónustu. Góð eign sem vert er að skoða.

Verð 15.300.000
Stærð 89,3 fm
4ra herbergja

Erum með langan kaupendalista !!
Ekki hika við að hafa samband og láttu okkur verðmeta þína eign.
**Einstök þjónustu alla leið**



Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
699 5680
johanna@remax.is



Sigríður
Sölufulltrúi
663 3219
sigga@remax.is

**www.remax.is**

RE/MAX
Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga



# Naustabryggja 54



„Alca torda vs. rest“ nefnist sýning sem Heimir Björgvinsson opnaði í Gallerí Kling og Bang í gær. Alca torda er latneska orðið yfir álkuna, sjófugl sem á sér yfirleitt heimkynni í fuglabjörgum. Á sýningu Heimis er hins vegar búið að setja hana í umhverfi sem verður að teljast henni ákaflega framandi.

„Þetta er uppstoppuð álka, kannski hefðbundinn skúlptúr en samt óhefðbundinn. Ég hef eiginlega verið að sérhæfa mig í álkunni,“ segir Heimir.

„Hún er sett þarna fram í samhengi sem er ekki til í náttúrunni. Oft setur maður sjálfan sig í einhver spor sem maður ætlar sér ekki beint að vera í, en áttar sig svo stundum á því eftir á að þau voru ekkert verri en annað sem maður gerir. Þau virðast kannski fáránleg en eru það samt ekki.“

Álkan er miðpunktur sýningarinnar, en aðrir munir á sýningu Heimis tengjast henni allir með beinum eða óbeinum hætti.

„Álkan er í raun og veru á toppi píramídans án þess þó að nokkur píramídi sé til staðar. Hin verkin eiga öll rætur sínar að rekja til hennar, sum eftir mjög beinni leið en aðrar eftir krókaleiðum.“

Heimir er búinn að veggfóðra aðasýningarrými gallerísins, einnig sýnir hann ljósmyndir, teikningar og vídeóverk þar sem hann sjálfur er í aðalhlutverki.

Heimir býr og starfar í Amsterdam, er með aðalbækistöð þar en hefur sýnt víða, bæði hér á landi og í Evrópulöndum. Á þessu ári fer hann til Ameríku til að sýna verk sín þar.

Fyrsta einkasýning Heimis var í Gallerí Hlemmi sumarið 2002. Hún nefndist „Allt sem glitrar er ekki illt“, og Heimir segir hana hafa verið svipaða í uppbyggingu og sýninguna í Kling og Bang núna.

„Þar var ég líka með eitt titilverk sem restin af sýningunni tengdist með beinum eða óbeinum hætti.“

Árið eftir sýndi hann á Nýlistasafninu, síðan í Slunkaríki með sænska myndlistarmanninum Jónasi Ohlson, og núna er hann kominn aftur til Reykjavíkur með álkuna í Gallerí Kling og Bang. ■





Námskeið gegn flugfælni

Icelandair efnir til námskeiðs fyrir fólk sem vill takast á við flugfælni. Slík námskeið eru yfirleitt haldin á vegum flugfélaga í löndunum í kringum okkur og hafa flest svipaða uppbygginguna.
Kenndar verða aðferðir til að vinna bug á kvíða og fælni og farið yfir þætti sem tengjast flugvélinni og fluginu sjálfu.
Námskeiðinu lýkur með flugferð til eins af áfangastöðum Icelandair í Evrópu.

Námskeiðið hefst **18. janúar n.k.** Skráning fer fram á netfangi: **flug@icelandair.is**

**Umsóknir þurfa að berast eigi síðar en 14. janúar. Sími: 50 50 300**

Leiðbeinendur:
Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur og Páll Stefánsson flugstjóri

Verð: 30.000 kr. (allt innifalið)

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# Núllstillt neðanjarðar

**Það er sama hver maðurinn er eða hvaða stöðu hann gegnir. Allir þurfa að hlýða kalli náttúrunnar þegar það kemur. Þess vegna urðu almenningsklósettin til. Mishrein og aðlaðandi í verslunarmiðstöðum, á bensínstöðvum og kaffihúsum, en ávallt hlý og nýhreinsuð á Núllinu í Bankastræti og á Vesturgötunni. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir leitaði náða á náðhúsum skattborgaranna og fékk að upplifa hinar mannlegu móttökur sem senn eiga að heyra sögunni til.**

Bak við litla lúgu á hvítmáluðum dyrum sitja þeir tveir saman neðanjarðar. Annar á bekk með rauðu gervileðri. Hinn á stól við fábreytt borð og kíkir annað slagið í spegla sem sýna útsýnið í herberginu fyrir utan hurðina. Talsverður straumur af körlum snarast inn úr dyrunum enda þeim bara leyfður aðgangur, þótt allt sé breytingum háð. Eða eins og Sverrir Lyng Bergþórsson, ekki lengur atvinnuklósettvörður á Núllinu, heldur áhugamaður, segir svo réttilega: „Konur eru alltaf að verða meiri og meiri karlar. Og karlarnir að verða meiri og meiri konur.“

**Klósett á þjóðminjaskrá**

Það er annars eitthvað tignarlegt við handrið og steyptar tröppurnar í Bankastræti núll. Þær eru að vísu bæði þröngar og brattar og kannski eilítið fráhrindandi inngangurinn neðst; en hafa ber í huga að hönnun og bygging Núllsins eru frá því á þriðja áratug síðustu aldar, en þessi frægustu almenningsklósett Reykjavíkur opnuðu með pompi og prakt þann 17. júní 1930; sama dag og glæsihótelið Hótel Borg.

Þau gleymast stundum í dagsins önn þessi gömlu náðhús þegar allir ætla að troðast inn á kaffihús til að komast á klósettið, en það er óneitanlega eitthvað stórborgarlegt við þessi haganlegu jarðhýsi sem bjóða sprengfullum blöðrum hlý húsakynni og hreinar setur. Þegar ég snarast inn kvennamegin á Núllinu blasa við snjáðir pappírsmiðar, upphengdir með gulnuðu límbandi þar sem á tíu tungumálum stendur að notkun salernanna sé ókeypis. Í hugann streyma minningar um innlit með ömmu í bernskunni þegar vörðurinn sat við hannyrðir og seldi pottaleppa og klukkustrengi til að drýgja launin. Þegar ég banka á lúguna mætir mér þögnin ein. Það er enginn við. Ekki í augnablikinu að minnsta kosti.

Hinum megin götunnar; undir túni Stjórnarráðsins er Núllið karlanna. Mér finnst ég boðflenna í gættinni innan um mígildin, eins og vörðurinn Einar Jóelsson kallar það, þar sem þeir Sverri Lyng ræða trúmál, enda Einar aðventisti og vanur að prédika svolítið yfir vinum sínum. En líkt og sannir herramenn bjóða þeir til sætis í afdrepi varðarins þar sem örmjór gluggi liggur uppi með loftinu. Fyrir augum eru klósettrúllur, hreinsivökvar, kaffikanna, sími, plástralaus sjúkrakassi og dagblöð.

**Innvortis mengun**

Áfram streyma inn karlar á öllum aldri og af öllum þjóðfélagsstigum. Líka rokkarar, jakkalakkar og leikarar. En sjaldan þingmenn. Renna niður buxnaklaufinni, ná í skinnsokkinn og miða eftir bestu getu í skálar sem eru allmiklu breiðari en miðið. Hitta samt næstum ekki allir og innihald blöðrunnar slettist á veggi og gólf. Þessa stuttu stund sem ég sit með þeim Einari og Sverri er tuttugu körlum sprengmál að pissa. Einstaka maður lætur opna fyrir sér luktar dyr, enda mál að gera stærri hluti.

Við hliðina á glugganum örmjóa er smávaxin úthreinsivifta. Einar segir koma fyrir að hana þurfi að setja á fullt.

„Ef daunninn er mikill setur maður viftuna í gang. Sumir eru svo illa haldnir og skilja eftir sig svo mikla lykt að mann slær fyrir brjóst. Þá lætur maður dæluna ganga til að soga þetta út til þeirra hérna hinum megin,“ segir hann hláturmildur og á við Stjórnarráðið.



**HEIMSMÁLIN RÆDD Á NÚLLINU** Sverrir Lyng Bergþórsson, sá sem stendur lengst til vinstri, segist nú áhugaklósettvörður en áður var hann í atvinnumennskunni og gætti almenningsalerna borgarinnar í Hljómskálagarðinum, í göngunum við Lönguhlíð, á Vesturgötunni og á Núllinu. Hann kemur iðulega við í kaffi til þeirra Helga og Einars á vaktinni.

## Náðhús framtíðar

Þetta er svokallað AFA-almenningsklósett sem nú stendur við Ingólfstorg, en tvö önnur fyrirfinnast á Klapparstíg og í Hafnarstræti. Þau munu í framtíðinni leysa af almenningssalerni borgarinnar og þann mannskap sem tekur á móti gestum og gangandi. Þessa tegund salerna má finna í flestum stórborgum heimsins, en til að komast inn í þau þarf að borga tíu krónur. Þá opnast hurðin og gesturinn hefur fjórtán mínútur til að gera þarfir sínar áður en hurðin opnast aftur. Eftir hverja heimsókn í turninn fer sjálfhreinsandi búnaður í gang og smúlar gólfið og klósettið. Inni fyrri er vaskur, spegill, klósett, pappír og öskubakki og þar er bjart og hlýtt. Fyrsta AFA-klósettið var tekið í notkun fyrir sex árum en síðan hafa tólf þúsund manns notfært sér aðstöðuna. Klósettin hafa þótt vinsæl til kynlífsiðkana skemmtanalýðsins um helgar en heimilislausir fundu fljótt út að staðurinn var óhentugt skjól á köldum nóttum þar sem mínúturnar fjórtán eru fljótar að líða. ■



**KLÓSETT Í SÍVALNINGSTURNI** Þetta AFA-klósett er það sem koma skal fyrir skattborgara Reykjavíkur. Þau eru sjálfhreinsandi og gefa fjórtán mínútur með luktar dyr.

## Almenningsklósett fortíðar

Til stendur að loka almenningsklósettum Reykjavíkurborgar, nema Núllinu í Bankastræti. Nú um áramótin var almenningsklósettinu í undirgöngunum við Lönguhlíð undir Miklubraut lokað, en þangað komu fáir ef undanskilinn er sumartíminn þegar fleiri eyða frítíma á Klambratúni og skólabörn eru í vettvangsferðum. Undirgöngin hafa tíðum verið vettvangur fyrir graffiti-listamenn en jafnan verið málað yfir listaverkin jafnóðum. Jóhann Jónmundsson, flokkstjóri almenningsalerna borgarinnar, tók ávallt myndir af listaverkum unga fólksins og á af þeim full albúm til minninga.

Baldur Einarsson hjá Gatna-

**ALMENNINGS-SALERNI VIÐ LÖNGUHLÍÐ** Fáir komu orðið á klósettin í undirgöngunum undir Miklubrautinni og því hefur þeim verið lokað.









Opið hús
í dag, sunnudag

Heilsurækt Hreyfigreiningar verður með opið hús í dag, sunnudag, frá kl. 13.00 til 17.00.

Komið og skoðið það sem í boði er:

- Háls- og bakvernd
- Golffimi
- Kraftfimi og Liðfimi
- Bakleikfimi Hörpu
- Hreyfiland
- Slökun
- Í formi til framtíðar
  - Karlahópur
  - Kvennahópar
  - Konur + 25 kg

Hjá Hreyfigreiningu er boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu til heilsuræktar fyrir alla.

Eingöngu sjúkraþjálfarar leiðbeina viðskiptavinum í heilsuræktinni. Boðið er upp á persónulega og faglega þjónustu þar sem hver einstaklingur fær æfingar við hæfi. Sjúkraþjálfari kennir þér á tækin og setur upp æfingaáætlun með hliðsjón af þínum markmiðum og þörfum.

Í stöðinni er jafnframt boðið upp á sjúkraþjálfun.

Frábær tilboð, aðeins í dag!

HREYFIGREINING HEILSURÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



**GAMALDAGS OG SNYRTILEGT** Erna Héðinsdóttir er klósettvörður kvennamegin á Núllinu. Áður fyrr voru þar seldar hannyrðir sem verðirnir sköpuðu á vaktinni og einnig dömubindi, en sú þjónusta er ekki lengur fyrir hendi einhverra hluta vegna. Smokkar fást hins vegar á Núllinu, enda kannski meiri nauðsyn?



**RÓTGRÓNAR STOFNANIR OG NÁGRANNAR** Núllið er næstum í framgarði Stjórnarráðsins, en eitthvað yngri í árum. Klósettverðirnir Erna Héðinsdóttir, Helgi B. Kárason og Einar Jóelsson segja þingmenn þó sjaldan nýta sér þessi sögulegu almenningssalerni Bankastrætisins.

### Handfylli af saurgerlum

Það vekur athygli að ekki einn einasti þeirra sem hlýða kalli náttúrunnar þessa stund sem ég staldra við hefur fyrir því að þvo sér um hendurnar. Sama hve veigamikil athöfnin var. Hins vegar fara margir þeirra að speglinum og laga hárgreiðsluna með hlandstorknuðum puttunum. Vilja vera snyrtilegir áður en þeir halda út í dagsins önn.

„Nei, það heyrir alveg til undantekninga að mennirnir þvoi sér um hendurnar eftir klósettferðina. Sama hvort þeir eru að vinna í sjálfum sér að framan eða aftan. Það er viðburður ef maður heyrir skrúfað frá krana,“ segir Einar en hvað skyldi það vera há prósenta? Tíu? Jafnvel fimm? „Nei, blessuð vertu, það nær engri prósentu.“

Undir þetta tekur Arna Jóhannsdóttir klósettvörður á Vesturgötunni. „Karlmenn þvo sér almennt ekki um hendurnar þótt þeir eyði drjúgum tíma í „aðgerð númer tvö“ á klósettinu. Það liggur við að maður hrökkvi í kút ef maður heyrir skrúfað frá krana á karlaklósettinu og verður beinlínis forvitinn að sjá hvaða snyrtimenni er þar að verki. En konurnar; sama hvort þar fara fínar frúr, gamlar konur, litlar stelpur, eða heimilislausar ógæfumanneskjur; þær þvo sér allar vel og vandlega eftir klósettferðirnar.“

### Kynlíf á almenningsklósettum

Núllið er opið frá átta á morgnana til sex á kvöldin, nema um helgar þegar það er opið til fjögur á nóttunni. Þá ku stundum vera æði skrautlegt ástand á Núllinu enda verðirnir sammála um að drykkjulæti og ómenning, auk mikillar dópneyslu sé orðið ofvaxið vandamál. Reyndar vilja ekki allir taka næturvaktina, en allir ganga verðirnir með öryggishnapp á sér ef ske kynni að eitthvað færi úr böndunum. Einar er hættur að taka næturvaktina en þarf að vinna aðra hvora helgi samt sem áður. Fyrir helgarvinnuna og tíu stunda vinnudag á virkum dögum fær hann útborgað 110 þúsund krónur. Hann segir tímann stundum lengi að líða, en vinir og kunningjar komi og kíki á hann til að spjalla. Það skipti svo mestu að hafa þjónustulund til að vinna starfið, vera liðlegur og bjóða góðan daginn, þótt starfið felist mest í því að þrífa gólfið og klósettin.

„Þetta er nú ekki mikið líkamlegt erfiði enda má ég ekki við því, allur hálfslappur innvortis eftir slys og af því er ég hérna núna. Ég var áður umsjónarmaður á Hlemmi, en þar var klósettunum lokað vegna hroðalegrar umgengni. Menn ganga svo sem ekki alltaf vel um hér heldur; skyrpa á veggina og gólfið og sýna oft ótrúlegan sóðaskap; kúka á gólfið, æla allt út og annað. Hingað kemur stundum fólk í annarlegu ástandi og víst hafa fundist sprautur eftir dópista. Þá draga kallar með sér stelpur hingað niður eða frúna til að stunda kynlíf á almenningsklósetti, en sjálfsvirðingin virðist engin á þessu stigi málsins. Við reynum af fremsta megni að koma í veg fyrir þetta en konurnar koma með þeim niður og stundum tekst að smygla þeim inn án þess að við sjáum til. Þá hafa komið allt niður í tólf ára krakkar sem freista þess að stunda kynlíf inni á klósettunum og stundum hafa fundist smokkar á gólfum eftir þær uppákomur.“ ■




málastofu segir lokun salerna við Vesturgötu vera fyrirhugaða á næstunni. Fáir virðast annars vita um þau snyrtilegu salerni og nota þau takmarkað. Áður var almenningsklósettum í Hljómskálagarði lokað, en þau sóttu fáir. Núllið stendur því bráðum eitt eftir, en ákvörðun um áframhaldandi opnun þess liggur ekki fyrir.



**ALMENNINGSSALERNI VIÐ VESTURGÖTU** Kannski best geymda leyndarmál borgarinnar því þetta snyrtilega klósett virðast fæstir vita um og nota. Því stendur til að loka því til frambúðar.

FMR

# TIL FASTEIGNAEIGENDA

***Fasteignamat ríkisins sendir um þessar mundir tilkynningu um n‡tt fasteignamat og brunabótamat sem gildir frá og með 31. desember 2004.***

**FASTEIGNAMAT** skal endurspegla staðgreiðsluverð fasteignar miðað við verðlag fasteigna í nóvembermánuði 2004. Fasteignamat skiptist í húsmat og lóðarmat. Upplýsingar um söluverð fasteigna má finna á vef Fasteignamats ríkisins www.fmr.is/verðsjá fasteigna.

Samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 ákveður yfirfasteignamatsnefnd í nóvembermánuði ár hvert framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá nóvembermánuði fyrra árs. Skráðu matsverði fasteigna er síðan breytt í fasteignaskrá í samræmi við þá stuðla, sem og breytingu á byggingarkostnaði og afskriftir, sbr. reglugerð nr. 406/1978, og það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember til jafnlengdar næsta árs nema sérstakt endurmat komi til.

Aðili, sem hefur verulega hagsmuni af matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat, getur krafist úrskurðar Fasteignamats ríkisins um matið. Frestur er til **1. apríl 2005** til að óska breytinga á fasteignamati frá 31. desember 2004. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Kæra má úrskurð Fasteignamats ríkisins til yfirfasteignamatsnefndar.

**BRUNABÓTAMAT** er vátryggingarfjárhæð brunatryggingar og skal það taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Brunabótamati skal breytt árlega skv. þeim breytingum sem orðið hafa á byggingarkostnaði hinna ýmsu tegunda húseigna næstliðið ár að teknu tilliti til útreiknaðra eða áætlaðra afskrifta vegna sama tímabils. Brunabótamat breytist jafnframt mánaðarlega í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Húseiganda er skylt að óska nýs brunabótamats á húseign ef ætla má að verðmæti eignarinnar hafi aukist vegna endurbyggingar eða endurbóta.

*Á heimasíðu Fasteignamats ríkisins* ***www.fmr.is*** *má fletta eftir heimilisfangi, fastanúmeri eða landnúmeri upp á fasteignamati og brunabótamati fasteigna.*

515 5300 FASTEIGNAMAT RÍKISINS www.fmr.is

Borgartúni 21
105 Reykjavík
Fax 515 5310
Netfang fmr@fmr.is

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Fax 515 5480
Netfang fmrvest@fmr.is

Hafnarstræti 95
600 Akureyri
Fax 515 5420
Netfang fmrnord@fmr.is

Kaupvangi 6
700 Egilsstaðir
Fax 515 5450
Netfang fmraust@fmr.is

Austurvegi 4
800 Selfoss
Fax 515 5460
Netfang fmrsud@fmr.is

## VERÐLAUNAKROSSGÁTAN


**Philips**
**HD5405**
**Kaffikannan sívinsæla sem sýður vatnið**
**Ein vinsælasta kaffikanna landsmanna í áraraðir**




# Úrvals sjálfvirk kaffikanna í verðlaun


Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is


Verðlaunin þessa vikuna eru ekki af verri endanum, glæsileg kaffikanna frá Heimilstækjum.

Vinningshafi í verðlaunakrossgátunni í síðustu viku var **Jóhann Þ Björgvinsson**, og hlaut hann að launum glæsilega kaffikönnu frá Heimilistækjum. Fréttablaðið óskar Jóhanni til hamingju. Lausnarorðið var **Rúnar**.

### Fyrirkomulagið

Skrifaðu lausnarorðið á krossgátunni í SMS-skilaboðin ***„GAMAN KROSS LAUSNARORÐ“*** og sendu í þjónustunúmerið 1900.

Dæmi: ef lausnarorðið er Hallgrímur sendir þú skeytið GAMAN KROSS HALLGRIMUR í þjónustunúmerið 1900.

Dregið úr réttum lausnum fimmtudaginn 13. janúar. Frestur til að senda lausnir rennur út á hádegi þann dag.

**Hvert skeyti kostar 99 krónur.**

### Lausnarorð gátunnar...

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |




## VERÐLAUNA MYNDAGÁTAN


**UNITED**




# Nett ferðatæki með geislaspilara

Sigurvegari í myndagátunni fær í verðlaun lítið og nett United ferðatæki með útvarpi og geislaspilara


Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is


Vinningshafinn í síðustu gátu var **Bylgja Dröfn Jónsdóttir** og hlýtur hún ferðaspilara frá Sjónvarpsmiðstöðinni í verðlaun. Lausnarorðið var **latir**.




Fyrirkomulag gátunnar er að þekkja hvaða nöfn eiga við út frá myndunum og textunum með þeim og skrifa þau í reitina lóðrétt niður af hverri mynd.

Mun þá verða til lausnarorð í gulu reitunum sem þú sendir í SMS sem **gaman mynd lausnarorðið** á númerið 1900.

### UPPLÝSINGAR UM VERÐLAUNIN

Allar upplýsingar um verðlaunin í gátunum fást í síma: 511 8073, milli 9 og 17 virka daga.

icon AUGLÝSINGAHÚS

Dregið úr réttum innsendum lausnum fimmtudaginn 13. janúar.

# Nú er rétti tíminn...

www.midi.is

## Situr beiskjan í þér?

## Finnst þér líkaminn þurfa á hreinsun að halda?

## Vodkakúrinn

**er tveggja tíma brjálað grín Sem hjálpar til með hreinsun líkama og sálar. Kúrinn er 100 % gleðigjafi unnin úr yfir 10 tegundum gamanmála.**

**Tveggja tíma skemmtun:**
**Mælt er með að fólk sitji kyrrt í sætunum og hlægi hressilega**

**Getur stuðlað að þyngdartapi og minna mittismáli.**
**Athugið að einstaklingsárangur getur verið mismunandi. En áhrif vodkakúrsins vara vikum saman.**

**Pantanir í síma 551 4700**

VODKAKÚRINN

hláturslosandi formúla

2 Tímar

skrilljón miðar seldir



15% afsláttur ef komið er með auglýsinguna

www.vodkakurinn.is

# SÝNT Í AUSTURBÆ

**sport**
sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

...Eiði Smára Guðjohnsen sem náði þeim merka áfanga að vera fyrirliði Chelsea gegn Scunthorpe í enska bikarnum í gær. Þetta er enn ein rósin í hnappagat Eiðs Smára og vitnisburður um þá virðingu sem hann nýtur innan raða eins besta félagsliðs í heimi.



**Við hrósum...**

...Stjörnunni í Garðabæ fyrir frábært framtak í handboltanum. Félagið hefur staðið fyrir riðli í Evrópukeppninni í kvennahandbolta og gert það með sóma. Mikil stemning hefur verið á leikjum og frammistaða Stjörnuliðsins hefur verið til sóma.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

6 7 8 **9** 10 11 12

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 14.00 **Eskisehir Osmangazi** og **Spono Nottwill** mætast í Ásgarði í Áskorendakeppni Evrópu í kvennaflokki í handbolta.
- 16.15 **APS Makedonikos** og **Stjarnan** mætast í Ásgarði í Áskorendakeppni Evrópu í kvennaflokki í handbolta.
- 18.15 **Keflavík** og **ÍS** mætast í Keflavík í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í kvennaflokki í körfubolta.
- 19.00 **Breiðablik** og **Grindavík** mætast í Smáranum í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í kvennaflokki í körfubolta.
- 19.15 **Haukar** og **Njarðvík** mætast á Ásvöllum í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í kvennaflokki í körfubolta.
- 19.15 **Fjölnir** og **Skallagrímur** mætast í Grafarvogi í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í karaflokki í körfubolta.
- 19.15 **Hamar/Selfoss** og **Grindavík** mætast í Hveragerði í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í karaflokki í körfubolta.



- 20.15 **Keflavík** og **Njarðvík** mætast í Keflavík í Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar í karaflokki í körfubolta.

### SJÓNVARP

- 09.40 **European PGA Tour** á Sýn. Sýnt frá Deutsche Bank-mótinu á evrópsku mótaröðinni í golfi.
- 10.30 **Spænski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Valencia** og **Levante** í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 12.10 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 12.40 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Bestu mörk **Arsenal** í ensku bikarkeppninni í fótbolta í gegnum tíðina.
- 13.35 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Yeading** og **Newcastle** í ensku bikarkeppninni í fótbolta.
- 14.30 **Áskorendakeppni Evrópu** á RÚV. Bein útsending frá leik **Eskisehir Osmangazi** og **Spono Nottwill** í Áskorendakeppni Evrópu í kvennaflokki í handbolta.
- 15.40 **Enski bikarinn** á Sýn.
- 16.05 Áskorendakeppni Evrópu á RÚV. Bein útsending frá leik **APS Makedonikos** og **Stjarnan** í Áskorendakeppni Evrópu í kvennaflokki í handbolta.
- 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Atletico Madrid** og **Real Madrid** í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 19.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Palermo** og **AC Milan** í ítölsku A-deildinni í fótbolta.



- 21.40 **NFL-deildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Green Bay Packers** og **Minnesota Vikings** í amerísku fótboltanum.
- 21.50 **Helgarsportið** á RÚV.

# Gamlir Valsarar borga brúsann

**Hlutafélagið Valsmenn hf. hefur keypt byggingarétt af Knattspyrnufélaginu Val á lóðum félagsins við Hlíðarenda fyrir 856 milljónir og gert það að verkum að fjármögnun framkvæmda félagsins á svæðinu er borgið.**

**ÍÞRÓTTAMANNVIRKI** Hlutafélagið Valsmenn hf. mun, ef ekkert óvænt kemur upp á, festa kaup á byggingarétti á lóð Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda fyrir 856 milljónir en samkvæmt deiliskipulagi er ráðgert að byggja 170 íbúðir auk atvinnuhúsnæðis þar á næstu árum.

Hluthafafundur félagsins á reyndar eftir að samþykkja kaupin en ekki er talið líklegt að hluthafarnir séu þessu mótfallnir. Það eina sem gæti haft áhrif á kaupin er að ákveðið svæði sem byggingarréttur er á, er á helgunarsvæði flugvallarins í Vatnsmýrinni, nánar tiltekið flugbrautar 06-24 og því er óheimilt að byggja þar eins og stendur. Helguninni mun hins vegar að öllum líkindum verða aflétt á næstunni.



**STÓRGLÆSILEGT ÍÞRÓTTASVÆÐI** Svona mun íþróttavæðið hjá Val líta út haustið 2006. Það er ljóst að svæði annarra íþróttafélaga á Íslandi líta hálf hjákátlega út við hliðina á þessum glæsilegu mannvirkjum.

### Skuldir greiddar upp

Grímur Sæmundsen, formaður Vals, sagði í samtali við Fréttablaðið að með þessari sölu á byggingaréttinum væri fjárhagslegur grundvöllur fyrir uppbyggingu nýrra og glæsilegra mannvirkja á svæði Vals tryggður auk þess sem allar skuldir félagsins yrðu greiddar upp en þær eru um 260 milljónir.

„Það er auðvitað gleðilegt að þetta félag, sem er eingöngu skipað Valsmönnum, skuli sjá sér hag í því að festa kaup á þessum byggingarétti. Það skipti okkur gríðarlegu máli að selja þennan byggingarétt enda fjármögnum við stærstan hluta mannvirkjanna með því,“ sagði Grímur.

Hann sagði aðspurður að kostnaður við byggingu nýs félagsheimilis, íþróttahúss, stúku og knattspyrnuvallar væri rúmlega milljarður. „Þessi framkvæmd er fjármögnuð með framlögum frá Reykjavíkurborg og síðan sölu á byggingaréttinum,“ sagði Grímur en framlög Reykjavíkurborgar til Vals næstu þrjú árin eru samanlagt 515 milljónir.

### Útboð í febrúar

Grímur sagði að stefnan væri að bjóða út framkvæmdir Vals nú í febrúar og að hann ætti ekki von á öðru en að þessi áfangi, sem sést á myndinni hér til hliðar, verði klár haustið 2006. Aðspurður um hvort nýr stórveldistími væri að renna upp hjá Val sagði Grímur að allt stórveldistal væri út í hött. „Við erum félag með sterka hefð og stefnan hefur alltaf verið að geta boðið upp á öflugt unglinga- og æskulýðsstarf í bland við afreksstefnu. Við erum afskaplega ánægðir með okkar svæði sem verður án nokkurs vafa það glæsilegasta á landinu.“



**EINS OG STAÐAN ER Í DAG** Svona lítur félagsheimili Vals út í dag.

### Selt á ákveðnu stigi

Brynjar Harðarson, fasteignasali og stjórnarformaður Valsmanna hf., sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann liti á þessi kaup hlutafélagsins á byggingaréttinum sem tækifæri fyrir sanna Valsmenn til að þróa og hafa áhrif á það hvernig Valssvæðið liti út í framtíðinni. Brynjar sagði jafnframt að Valsmenn hf. myndu selja þetta á ákveðnu stigi en ekki hefði enn verið tekið ákvörðun um hvenær það yrði.

„Það er gífurlega jákvætt fyrir félagið að allur byggingarétturinn sé á einni hendi. Við hyggjumst þróa þetta áfram með þeim arkitektum sem hafa teiknað nýju íþróttamannvirkin þannig að hverfið fær heildstæðan svip,“ sagði Brynjar.

Hluthafafundur Valsmanna hf. hefur ekki enn samþykkt þetta en Brynjar sagðist ekki búast við öðru en að kaupin yrðu samþykkt. Hluti af lóðunum verður byggingarhæfur í september á þessu ári en Brynjar sagðist ekki vera viss um að byrjað yrði strax að byggja.

### Hrein viðskipti

Byggingarétturinn, sem Valsmenn hf. hafa fest kaup á, nær yfir 25 þúsund fermetra svæði. Þar af er gert ráð fyrir 169 íbúðum á 18 þúsund fermetra svæði og sjö þúsund fermetra atvinnuhúsnæði. Brynjar sagði eigið fé félagsins vera um 50 milljónir en allt benti til þess að hlutafé yrði aukið upp í 100 milljónir kjölfar þessara viðskipta sem hlutafélgið vonast til að græða sem mest á.

„Það er auðvitað alveg ljóst að við erum ekki að leika okkur. Þetta eru viðskipti og okkar kappsmál er að byggja upp glæsilegt svæði fyrir Valsmenn, bæði hvað varðar íþróttamannvirki og íbúðarhúsnæði,“ sagði Brynjar.

Fréttablaðið leitaði til þrautreynds fasteignasala til að forvitnast hvort þetta kaupverð, 856 milljónir fyrir byggingaréttinn, væri eðlilegt. Honum reiknaðist til að byggingarétturinn væri metinn á bilinu 830 til 850 milljónir þannig að ljóst er að Valsmenn hf. hafa greitt nálægt markaðsvirði fyrir byggingaréttinn.

oskar@frettabladid.is

Hlutafélagið Valsmenn hf. hefur verið til í fimm ár og skilað sínu til Vals á þeim tíma sem það hefur starfað:

# Hafa borgað 25 milljónir í reksturinn

**HLUTAFÉLÖG** Hlutafélagið Valsmenn hf., sem festi kaup á byggingarétti á svæði Vals að Hlíðarenda fyrir 856 milljónir fyrir skömmu, er fimm ára gamalt. Félagið samanstendur af 438 hluthöfum, sem allir eru Valsmenn, og er eigið fé félagsins um 50 milljónir króna.

Brynjar Harðarson, stjórnarformaður félagsins, sagði í samtali við Fréttablaðið að félagið hefði komið að margvíslegri fjárfestingastarfsemi síðan það var stofnað.

„Markmið félagsins er að styðja við bakið á Knattspyrnufélaginu Val og það hefur gengið vel hjá okkur. Það er samt rétt að taka það fram að við komum á engan hátt nálægt rekstri deildanna hjá Val. Ef það væri raunin þá væri hlutafélagið væntanlega farið á hausinn,“ sagði Brynjar.

Hann sagði aðspurður að hlutafélagið væri búið að láta íþróttafélaginu um 25 milljónir í té á undanförnum fimm árum.

„Ég er ekki með skiptinguna á milli deilda í kollinum en fótboltinn hefur fengið mest og síðan handboltinn þar á eftir,“ sagði Brynjar sem sagðist allt eins búast við því að hlutafélagið myndi á einhvern hátt rétta hjálparhönd í þeirri viðleitni Valsmanna að festa knattspyrnulið sitt í sessi í Landsbankadeild karla en félagið vann sér þátttökurétt í deildinni síðastliðið haust og hefur þeyst á milli deilda undanfarin ár.

Meðal þekktra manna í hluthafahópi Valsmanna hf. eru lögfræðingurinn og fyrrum atvinnumaðurinn Guðni Bergsson, skartgripasalinn Sævar Jónsson, rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson, handboltakapparnir Geir Sveinsson og Valdimar Grímsson og fjölmiðlamaðurinn Hermann Gunnarsson.

- ósk



**GUÐNI BERGSSON** Einn af hluthöfum Valsmanna hf. og er í stjórn hlutafélagsins.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

**Ó**lafur **Þór Guðbjörnsson** hefur verið endurráðinn sem þjálfari U-19 ára landsliðs kvenna í fótbolta. **Ólafur Þór** hefur stýrt liðinu síðan 1999 og verið við stjórnvölinn í 32 leikjum, öllum leikjum þess nema þeim fyrsta sem fram fór 1997. **Ólafur Þór** hefur stjórnað liði Breiðabliks í Landsbankadeild kvenna undanfarin tvö ár en **Úlfar Hinriksson** mun stýra því á komandi tímabili.



Nígeríski miðjumaðurinn **Jay-Jay Okocha**, sem leikur með Bolton í ensku úrvalsdeildinni, var í gær valinn knattspyrnumaður ársins í Afríku árið 2004 af breska ríkissjónvarpinu, BBC. **Okocha** hafði betur eftir harða baráttu við kamerúnska framherjann **Samuel Eto'o** hjá Barcelona. Þetta er annað árið í röð sem **Okocha** hlýtur þessa nafnbót en hann var valinn leikmaður mótsins í Afríkukeppninni á síðasta ári og hefur verið aðalmaðurinn í liði Bolton.



Arsenal hefur fest kaup á varnarmanninnum **Emmanuel Eboue** frá Fílabeinsströndinni en hann hefur leikið með belgíska liðinu Beveren undanfarin ár. Arsenal borgaði 1,5 milljónir punda (um 177 milljónir íslenskra króna) fyrir **Eboue** sem er 21 árs gamall. Hann skrifaði undir fimm ára samning við ensku meistarana og getur spilað sem miðvörður, hægri bakvörður eða miðjumaður.



Stuðningsmenn Manchester United geta andað léttar því nú er komið í ljós að meiðsli **Ryans Giggs** aftan á læri eru ekki eins alvarleg og fyrst var talið. **Giggs** meiddist í leiknum gegn Tottenham á þriðjudaginn og var fyrst talið að hann yrði frá í sex vikur. **Alex Ferguson**, knattspyrnustjóri United, sagði hins vegar við fjölmiðla í gær að batinn væri mun hraðari en gert hefði verið ráð fyrir og að **Giggs** yrði klár í slaginn eftir tvær vikur.



Forráðamenn Manchester City hafa hafnað fimm milljóna punda (um 590 milljóna króna) tilboði Newcastle í franska varnarmanninn **Sylvain Distin**. **Graeme Souness**, knattspyrnustjóri Newcastle, vill fyrir alla muni styrkja vörnina hjá sér en forráðamenn City sögðu **Distin** einfaldlega ekki til sölu þar sem hann ætti tvö og hálft ár eftir af samningi sínum. **Souness** hefur þegar keypt franska miðvörðinn **Jean-Alain Boumsong** frá Rangers og nígeríska bakvörðinn **Celestine Babayaro** frá Chelsea og fregnir herma að hann muni reyna að kaupa **Samuel Osei Kuffour** frá Bayern München fyrst hann fær ekki **Distin**.

Bandaríski hjólreiðakappinn **Lance Armstrong**, sem hefur unnið hina erfiðu Frakklandskeppni (Tour de France) undanfarin sex ár, segist ekki ætla að taka þátt í keppninni þetta árið. **Armstrong** sagðist vilja gera annað en að keppa bara í Frakklandi og ætlar að einbeita sér að því að keppa í eins dags mótum á næsta tímabili. „Ég hef mikla þörf fyrir að einbeita mér að þess háttar keppnum," sagði **Armstrong**.



Allt er að verða klárt fyrir vetrarólympíuleikana í Tórínó sem fara fram á næsta ári. Bygging mannvirkja gengur framar björtustu vonum og er búið að klára sleðabrautina, skíðastökkspallana og allar brautir og brekkur fyrir alpagreinar og skíðagöngur. Aðeins á eftir að klára skautahöllina en þar er rétt lokafrágangurinn sem er eftir. „Í fyrsta sinn í sögu ólympíuleikanna verða öll mannvirki klár ári áður en leikarnir hefjast," sagði **Mario Pescante**, yfirmaður skipulagsmála á leikunum í Tórínó, ánægður.

Knattspyrnumaðurinn Sigþór Júlíusson söðlar um eftir átta ár í Vesturbænum:

# Í raðir Valsmanna á nýjan leik

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Sigþór Júlíusson hefur gert munnlegt samkomulag við Valsmenn um að spila með þeim næstu tvö árin.

Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær og sagði að það yrði skrifað undir samninginn við Sigþór á morgun.

„Koma Sigþórs til liðsins styrkir félagið mikið og liður í þeirri ætlun okkar að festa félagið í sessi á meðal þeirra bestu," sagði Börkur.

Sigþór, sem hefur leikið með KR-ingum síðan árið 1997, spilaði ekki einn einasta leik með KR-ingum á síðasta tímabili vegna meiðsla á hné en er á góðri leið með að ná fullum styrk á nýjan leik.

Sigþór sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði spilað sextán leiki með háskólaliði sínu í Bandaríkjunum síðastliðið haust og þótt hann væri enn í endurhæfingu hefði hann ekki trú á því að meiðslin myndu koma til með að há honum næsta sumar.

Aðspurður um ástæðu þess að hann valdi Val sagði hann félagið einfaldlega hafa sýnt mestan áhuga.

„Þeir vildu ólmir fá mig á meðan mér fannst lítill áhugi vera fyrir hendi hjá KR-ingum," sagði Sigþór sem lék með Valsmönnum í efstu deild tímabilin 1995 og 1996 áður en hann fór til KR.

Hann hefur spilað 144 leiki í efstu deild með KA, Val og KR og skoraði í þeim tólf mörk. Sigþór, sem verður þrítugur á þessu ári, á að baki tvo A-landsleiki.

Hann er fimmti leikmaðurinn sem gengur í raðir Valsmanna frá því að tímabilinu lauk í haust en áður höfðu þeir Atli Sveinn Þórarinsson, Guðmundur Benediktsson, Kjartan Sturluson og Steinþór Gíslason skrifað undir samning við Hlíðarendaliðið auk þess sem nýr þjálfari, Willum Þór Þórsson, stýrir liðinu á komandi tímabili.

**-ósk**



**SIGÞÓR JÚLÍUSSON** Genginn í raðir Valsmanna á nýjan leik.


BIKARKEPPNI

KKÍ & LÝSINGAR

8 - liða úrslit í Lýsingarbikarnum fara fram um helgina

Meistaraflokkur karla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau. 8. jan 2005 | Egilsstaðir | kl. 15:00 | **Höttur - Breiðablik** |
| Sun. 9. jan 2005 | Grafarvogi | kl. 19:15 | **Fjölnir - Skallagrímur** |
| Sun. 9. jan 2005 | Hveragerði | kl. 19:15 | **Hamar/Selfoss - Grindavík** |
| Sun. 9. jan 2005 | Keflavík | kl. 20:15 | **Keflavík - Njarðvík** |

Meistaraflokkur kvenna

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau. 8. jan 2005 | Laugarvatn | kl. 14:00 | **Laugdalir - Tindastóll** |
| Sun. 9. jan 2005 | Ásvellir | kl. 19:15 | **Haukar - Njarðvík** |
| Sun. 9. jan 2005 | Keflavík | kl. 18:15 | **Keflavík - ÍS** |
| Sun. 9. jan 2005 | Smárinn | kl. 19:00 | **Breiðablik - Grindavík** |

Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip



**Mætum öll** og sjáum hágæða körfubolta.

LÝSING

Í takt við þínar þarfir

Lýsing hf. er stolt af stuðningi sínum við bikarkeppnina í körfuknattleik

www.lysing.is

KKÍ

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska bikarkeppnin*

**SHEFF. UTD–ASTON VILLA 3–1**
Andy Liddel 2, Danny Cullip – Gareth Barry.

**WOLVES–MILLWALL 2–0**
Ki-Hyeon Seol, Carl Cort.

**BIRMINGHAM–LEEDS 3–0**
Darren Carter 2, Emile Heskey. ***(Gylfi Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds.)***

**BOURNEMOUTH–CHESTER 2–1**
Shaun Maher, Wade Elliott – Kevin Ellison.

**CARDIFF–BLACKBURN 1–1**
Alan Lee – Morten Pedersen.

**CHARLTON–ROCHDALE 4–1**
Bryan Hughes 2, Jonathan Fortune, Danny Murphy – Grant Holt. ***(Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn fyrir Charlton.)***

**CHELSEA–SCUNTHORPE 3–1**
Mateja Kezman, Andy Crosby (sjm.), Eiður Smári Guðjohnsen. ***(Eiður Smári lék allan leikinn.)***

**COVENTRY–CREWE 3–0**
Gary McSheffrey 2, Stern John.

**DERBY–WIGAN 2–1**
Inigo Idiakez, Junior – Alan Mahon.

**HULL–COLCHESTER 0–2**
– Gareth Williams, Craig Fagan.

**IPSWICH–BOLTON 1–3**
Tommy Miller – Henrik Pedersen 2, Stelios Giannakopoulos.

**LEICESTER–BLACKPOOL 2–2**
Robert Edwards (sjm.), Gareth Williams – Peter Clarke, Keith Southern ***(Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Leicester og lék allan leikinn.)***

**NORTHAMPTON–SOUTHAMPTON 1–3**
Lee Williamson – Kevin Phillips, Peter Crouch, Jamie Redknapp.

**NOTTS COUNTY–MIDDLESBROUGH 1–2**
Tony Scully – Doriva, Joseph-Desire Job.

**OLDHAM–MAN. CITY 1–0**
Scott Vernon.

**PORTSMOUTH–GILLINGHAM 1–0**
Aiyegbini Yakubu.

**PRESTON–WBA 0–2**
– Robert Earnshaw 2.

**QPR–NOTT. FOREST 0–3**
– Andy Reid, Kris Commons, Yoann Folly.

**READING–SWANSEA 1–1**
Ívar Ingimarsson – Paul Connor. ***(Ívar var í byrjunarliði Reading og lék allan leikinn.)***

**ROTHERHAM–YEOVIL 0–3**
– Phil Jevons, Darren Way, Andrejs Stolcers.

**SUNDERLAND–CRYSTAL PALACE 2–1**
Andrew Welsh, Marcus Stewart (víti) – Andy Johnson.

**WATFORD–FULHAM 1–1**
Heiðar Helguson (víti) – Zat Knight. ***(Heiðar og Brynjar Björn Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Watford og léku allan leikinn.)***

**HARTLEPOOL–BOSTON UTD 0–0**

**LUTON–BRENTFORD 0–2**
– Chris Hargreaves, Jay Tabb.

**MAN. UTD–EXETER 0–0**

**MILTON KEYNES DONS–PETERB. 0–2**
– Richard Logan, Mark Arber.

**TOTTENHAM–BRIGHTON 2–1**
Ledley King, Robbie Keane – Richard Carpenter.

**WEST HAM–NORWICH 1–0**
Marlon Harewood.

**PLYMOUTH–EVERTON 1–3**
Bjarni Guðjónsson – Leon Osman, James McFadden, Nick Chadwick.



**GUÐBJÖRG STERK** Guðbjörg Guðmannsdóttir átti ágætan leik fyrir ÍBV gegn Val í gær og skoraði þrjú mörk.

*DHL-deild kvenna:*

**GRÓTTA/KR–FH 22–25**
Mörk Gróttu/KR: Arna Gunnarsdóttir 7, Arndís Erlingsdóttir 4, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 4, Íris Ásta Pétursdóttir 3, Björk Gunnarsdóttir 1, Gerður Einarsdóttir 1, Ragna Karen Sigurðardóttir 1, Eva Margrét Kristinsdóttir 1.
Mörk FH: Gunnur Sveinsdóttir 9, Dröfn Sæmundsdóttir 9, Sigrún Gilsdóttir 3, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 2, Bjarný Þorvarðardóttir 1, Aníta Eyþórsdóttir 1.

**ÍBV–VALUR 27–26**
Mörk ÍBV: Alla Gorkorian 9, Darinka Stefanovic 6, Zsofia Pazstor 3, Tatjana Zukovska 3, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Anastasia Patsion 2, Eva Björk Hlöðversdóttir 1.
Mörk Vals: Ágústa Edda Björnsdóttir 7, Katrín Andrésdóttir 5, Díana Guðjónsdóttir 4, Arna Grímsdóttir 4, Soffía Rut Gísladóttir 3, Anna María Guðmundsdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 1.

*Bikarkeppni KKÍ, karlar:*

**HÖTTUR–BREIÐABLIK 88–94**

*Bikarkeppni KKÍ, konur:*

**LAUGDÆLIR–TINDASTÓLL 67–57**

# Ég biðst afsökunar

**Sir Alex Ferguson bað stuðningsmenn Man. Utd afsökunar eftir að þeim mistókst að leggja utandeildarlið Exeter að velli á Old Trafford. Fjórir Íslendingar voru á skotskónum í ensku bikarkeppninni í gær.**



**MEÐ BÖGGUM HILDAR** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. Utd, var þungur á brún eftir leikinn gegn Exeter. Hann bað stuðningsmenn félagsins afsökunar á knattspyrnunni sem strákarnir hans buðu upp á.

**FÓTBOLTI** Ein óvæntustu úrslitin í sögu ensku bikarkeppninnar litu dagsins ljós á Old Trafford í gær þegar utandeildarlið Exeter helt jöfnu gegn stórliði Man. Utd sem stillti upp varaliði sínu í leiknum. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, skipti þrem sterkum mönnum á völlinn í síðari hálfleik – Paul Scholes, Cristiano Ronaldo og Alan Smith – en allt kom fyrir ekki.

„Ég bið stuðningsmenn félagsins afsökunar. Þeir áttu þetta ekki skilið. Þetta er versti leikur Man. Utd. undir minni stjórn og er þá mikið sagt því ég hef stýrt þessu félagi í átján ár," sagði Ferguson eftir leikinn en leikmenn United voru baulaðir af velli í leikslok en uppselt var á leikinn.

„Ég veit að við stilltum upp mikið af ungum leikmönnum en það er engin afsökun. Við ætlumst til meira af þeim en þeir sýndu hér í dag. Það er ljóst eftir þennan leik að ég mun stilla upp sterkara liði í seinni leiknum," sagði Fergie en annar leikur var það síðasta sem hann hafði óskað sér.

Leikmenn Exeter fögnuðu í leikslok eins og þeir væru orðnir heimsmeistarar og lái þeim hver sem vill.

### Eiður fyrirliði

Eiður Smári Guðjohnsen var fyrirliði hjá Chelsea, lék allan leikinn og skoraði eitt mark er Chelsea lagði Scunthorpe, 3-1. Sigurinn var reyndar ekkert sérstaklega öruggur en Scunthorpe tók forystuna í leiknum. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, hrósaði Scunthorpe í hástert eftir leikinn.



**FYRIRLIÐINN SKORAÐI** Eiður Smári var fyrirliði hjá Chelsea í gær og skoraði eitt mark í leiknum gegn Scunthorpe. Hann fagnar hér markinu með Joe Cole.

„Ég get ekki annað en hrósað þeim. Þeir gáfu sig alla í dæmið, spiluðu vel, skoruðu eitt mark og hefðu getað skorað fleiri. Ég hef fulla trú á því að þeir vinni 2. deildina," sagði Mourinho.

Þetta var góður dagur hjá íslensku strákunum því Ívar Ingimarsson tryggði Reading annan leik gegn Swansea með jöfnunarmarki á lokamínútum leiksins og slíkt hið sama gerði Heiðar Helguson fyrir Watford gegn Fulham en Heiðar skorar í hverjum einasta leik þessa dagana.

Bjarni Guðjónsson lauk síðan góðum degi hjá íslensku strákunum með því að skora gegn Everton og eiga þar að auki stórgóðan leik í 3–1 tapi.

**henry@frettabladid.is**



**RUT SIGURÐARDÓTTIR** Frábært ár að baki hjá þessari snjöllu íþróttakonu.

Íþróttamaður Akureyrar:

## Tvöfaldur titill hjá Rut

**TAEKWONDO** Rut Sigurðardóttir, úr Þór á Akureyri, var kjörin Íþróttamaður Akureyrar fyrir árið 2004. Rut, sem á síðasta ári varð Norðurlandameistari í Taekwondo, var einnig kjörin Taekwondo-kona ársins af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Árni Þór Sigtryggsson, unglingalandsliðsmaður í handknattleik og leikmaður með Þór, varð í öðru sæti í kjörinu um Íþróttamann Akureyrar og i þriðja sæti varð Guðlaugur Már Halldórsson, Bílaklúbbi Akureyrar. Audrey Freyja Clark, listdansari úr Skautafélagi Akureyrar, varð í fjórða sæti og fimmti varð Jónatan Þór Magnússon, fyrirliði bikarmeistara KA í handknattleik. **-kk**

Kristinn Lárusson:

## Framlengir við Val

**FÓTBOLTI** Kristinn Ingi Lárusson, einn af burðarásum Valsliðsins í knattspyrnu, hefur framlengt samning sinn við félagið eftir því sem fram kemur á heimasíðu Vals. Ekki kemur fram á síðunni hversu langur samningur Kristins Inga er en hann spilaði þrettán leiki með Val í 1. deildinni síðasta sumar og skoraði eitt mark. Kristinn Ingi hefur leikið 79 leiki með Val í efstu deild og skorað í þeim sextán mörk. ■

Karlalið Vals ætlar sér stóra hluti í Landsbankadeildinni í fótbolta á komandi tímabili og vill styrkja hópinn:

# Vilja fá Veigar Pál og Tryggva

**FÓTBOLTI** Valsmenn hafa mikinn áhuga á því að fá atvinnumennina Veigar Pál Gunnarsson, sem er samningsbundinn norska liðinu Stabæk, og Tryggva Guðmundsson, sem er samningsbundinn sænska liðinu Örgryte, í sínar raðir.

Valsmenn báru sigur úr býtum í 1. deildinni síðastliðið haust og tryggðu sér þar með sæti í Landsbankadeildinni á komandi tímabili. Þeim hefur gengið illa að festa sig í sessi í efstu deild en ljóst er að forráðamenn liðsins ætla sér að snúa því ferli við.

Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það væri mikill áhugi fyrir því innan raða Vals að fá Veigar Pál og Tryggva til liðs við félagið enda væru þeir báðir öflugir leikmenn.

„Við höfum látið þá vita af áhuga okkar en lengra er málið ekki komið. Þeir eiga báðir eftir að leysa sín mál gagnvart félögum sínum en þeir hafa báðir gefið í skyn að þeir geti losnað og þegar það gerist þá munum við bregðast við því," sagði Börkur.

Veigar Páll gekk til liðs við Stabæk í byrjun árs 2004 eftir nokkurt þref við félag sitt, KR. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið en náði sér ekki á strik á síðasta tímabili frekar en liðið sem féll úr norsku úrvalsdeildinni.

Veigar Páll sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann vildi gjarnan losna frá Stabæk og væri spenntur fyrir því að koma á nýjan leik. Hann sagði að fjögur lið, Valur, FH, Fylkir og KR, hefðu haft samband við sig en allt snerist um það hvort forráðamenn norska liðsins vilja sleppa honum og þá fyrir hversu mikinn pening.

Tryggvi á eftir tvö ár af samningi sínum við Örgryte en er úti í kuldanum hjá forráðamönnum félagsins eftir að hafa gagnrýnt þjálfara liðsins opinberlega. Hann er í Svíþjóð eins og stendur að ganga frá sínum málum við félagið en auk Vals hafa FH-ingar lýst yfir áhuga sínum á Tryggva.

**-ósk**





**VEIGAR PÁLL OG TRYGGVI** Þessir tveir snjöllu leikmenn væru hvalreki á fjörur Valsmanna.

# Undarlegt tvíeyki

***... Real Madrid hefur ráðið Arrigo Sacchi og Vanderlei Luxemburgo***

Fáar mannaráðningar í knattspyrnuheiminum hafa vakið jafn mikla og almenna undrun og ráðning Arrigo Sacchi sem yfirmanns knattspyrnumála Real Madrid. Og enn jókst undrunin þegar Sacchi lét sitt fyrsta verk verða að ráða Brasilíumanninn Vanderlei Luxemburgo sem þjálfara liðsins. Stíll þessara manna og skaphöfn er með þeim hætti að erfitt er að sjá að þeir passi inn í hina þægilegu stétt fyrirmenna sem ráða ríkjum hjá félaginu undir stjórn forsetans Florentino Perezar. Jafnframt eru þessir tveir menn svo ólíkir að erfitt er að sjá hvernig þeir ætla að starfa saman. Fyrst spurðu menn hvað Perez hefði verið að spá þegar hann réð Sacchi og svo spurðu menn hvað Sacchi hefði verið að spá þegar hann réð Luxemburgo!



**EINAR LOGI VIGNISSON**

### Gjaldþrot ofurboltastefnunnar

Ráðning Sacchi þótti vísbending um að forsvarsmenn Real Madrid væru búnir að afskrifa núverandi tímabil og vildu ráða mann sem gæti með skynsömum hætti brotið upp stöðnunina hjá ofurboltunum og ákveðið með kaldri rökvísi hverja ofurboltanna væri best að kyssa bless. Sumsé, klára þetta tímabil og hreinsa svo til. En þolinmæði er ekki ein af höfuðdyggðum Perezar forseta og ráðning hans og Sacchi á Luxemburgo bendir til þess að freista eigi þess með öllum tiltækum ráðum að hrista upp í mannskapnum og landa allavegana einum titli í vor. Luxemburgo kjörinn til þess, sigursæll þjálfari með svo mikið sjálfsálit að leitun er að öðru eins nema ef vera skyldi hjá Jose Morinho.

Luxemburgo og Sacchi eiga sjálfsálitið og egóið sameiginlegt. Þeir eru báðir miklar prímadonnur sem hafa það mottó að enginn leikmaður sé ómissandi. Þetta auk reynslu þeirra og sigursældar eru eflaust þeir kostir sem Perez forseti hefur séð í þeim. Með ráðningu þeirra hefur Perez viðurkennt gjaldþrot ofurboltastefnu sinnar og játast þeirri gömlu speki að heildin er sterkari en summa partanna; að 11 ofurboltar geta aldrei myndað sterka liðsheild.

### Langlífi ólíklegt

Nú verður litlu um það spáð hvernig samvinna Sacchi og Luxemburgo mun ganga og hvort þeir verði langlífir í embættum. Flestir efast um það enda tvíeykið svo undarlegur kokkteill að engan samjöfnuð er að finna í knattspyrnuheiminum. Sacchi hinn skipulagði kerfisþjálfari með ofurtrú á undirbúning og að menn haldi sig við fyrirfram ákveðið leikskipulag – Luxemburgo hinn hvatvísi berserkur sem blæs mönnum sínum baráttuanda í brjóst og breytir liðsuppstillingu samdægurs eftir því hvernig skapi hann er í. Sameiginlegt eiga þeir að hafa slátrað stjörnum í gríð og erg. Frægustu aftökur þeirra eru meðferð Sacchi á Roberto Baggio á HM 1994 og útskúfun Luxemburgo á Romario þegar hann stýrði brasilíska landsliðinu. Þess ber að geta að þessar aðgerðir þjálfaranna öfluðu þeim mikilla óvinsælda meðal samlanda sinna og Sacchi t.a.m. hefur aldrei endurheimt virðingu landa sinna eftir meðferðina á Baggio enda óumdeilt að það var fyrir einstaklingsafrek Baggios og ekkert annað að Ítalir náðu í úrslitaleikinn á HM 1994.

Fleiri hallast að langlífi Sacchi, jafnstór karl og hann hafi einfaldlega ekki tekið að sér verkefnið nema vera með loforð og áætlun uppá vasann til einhverra ára. Örlög Luxemburgo muni hinsvegar ráðast á næstu fjórum mánuðum og ef hann nái ekki framúrskarandi árangri verði hann látinn fara og Sacchi finni framtíðarmann í sumar. Fá dæmi eru þess að suður-amerískir þjálfarar hafi náð skjótum árangri með evrópsk stórlið – það ætti Sacchi að vita manna best eftir að hafa reynt að hreinsa til í rústunum sem Argentínumaðurinn Tabarez skildi eftir sig hjá AC Milan fyrir átta árum. Fókusinn hefur nú færst af ofurboltunum hjá Real Madrid yfir á tvíeykið og verður í meira lagi fróðlegt að fylgjast með þeim næstu mánuði.



# Ekkert Tyrkjarán í Garðabæ

**Stjarnan vann öruggan sigur, 30–23, á tyrkneska liðinu Eskisehir Osmangazi í gær og er nánast öruggt með eitt af tveimur efstu sætum riðilsins.**

**HANDBOLTI** Kvennalið Stjörnunnar er nú nánast öruggt í sextán liða úrslit Áskorendakeppni Evrópu eftir léttan sigur, 30-23, á tyrkneska liðinu Eskisehir Osmangazi í Garðabæ í gær. Stjörnuliðið hafði mikla yfirburði nær allan leikinn og hefði að ósekju átt að vinna mun stærri sigur. Stjarnan þarf nú aðeins að vinna gríska liðið APS Makedonikas í dag en gríska liðið hefur tapað báðum sínum leikjum til þessa stórt.

Stjörnustúlkur virtust örlítið taugaveiklaðar í byrjun en eftir að Tyrkirnir höfðu skorað fyrstu tvö mörkin tóku þær öll völd og skoruðu átta af næstu níu mörkum. Góð vörn og frábær markavarsla Jelenu Jovanovic gerði það að verkum að liðið fór með fimm marka forystu, 13-8, í hálfleik.

Stjörnuliðið hélt síðan uppteknum hætti í síðari hálfleik og náði mest þrettán marka forystu, 25-12, þegar hálfleikurinn var hálfnaður. Lykilmanneskjur voru hvíldar síðasta stundarfjórðunginn í leiknum og botninn datt úr leiknum. Þær tyrknesku náðu aðeins að klóra í bakkann en komust ekki nær en sjö mörk.

Kristín Clausen og Kristín Guðmundsdóttir voru bestar í liði Stjörnunnar ásamt Jelenu í markinu en allt liðið stóð annars vaktina vel í vörninni.

Tyrkneska liðið var slakt. Ebre í vinstra horninu var yfirburðaleikmaður auk þess sem markvörðurinn Fatme varði ágætlega á köflum.

Kristín Clausen var að vonum ánægð að leik loknum þegar Fréttablaðið ræddi við hana.

„Það er frábært að spila þessa Evrópuleiki hér í Garðabænum. Stemningin er stórkostleg og ekki skemmdi fyrir að sigra svona örugglega eftir vonbrigðin gegn svissneska liðinu í gær þegar við misstum unninn leik niður í jafntefli. Við vissum að tyrkneska liðið var gott og því var ekkert vanmat af okkar hálfu. Núna þurfum við að klára leikinn á morgun og þá erum við komnar áfram. Ég vona bara að það verði jafn mikil stemning í þeim leik,“ sagði Kristín við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

**oskar@frettabladid.is**



**KRISTÍN CLAUSEN** Átti mjög góðan leik hjá Stjörnunni og sést hér skora eitt af átta mörkum sínum í leiknum.
Fréttablaðið/E. Ól

### *Áskorendakeppni Evrópu*

**STJARNAN–ESKISEHIR 30–23**

**Mörk Stjörnunnar:** Kristín Clausen 8/5, Kristín Guðmundsdóttir 7/2, Anna Blöndal 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3/1, Anna Einarsdóttir 2, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 2, Hekla Daðadóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Rut Steinsen 1.
**Varin skot:** Jelena Jovanovic 21, Helga Vala Jónsdóttir 6.
**Mörk Eskisehir:** Ebru 7, Derya 5/1, Ozge 5, Fevziye 3, Vildani 3.
**Varin skot:** Fatma 16.

**MAKEDONIKOS-SPONO 11–43**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SPONO | 2 | 1 | 1 | 0 | 67–35 | 3 |
| STJARNAN | 2 | 1 | 1 | 0 | 54–47 | 3 |
| ESKISEHIR | 2 | 1 | 0 | 1 | 53–43 | 2 |
| MAKEDON. | 2 | 0 | 0 | 2 | 24–73 | 0 |



**HASAR** Keflavík gegn Njarðvík í kvöld.

Bikarkeppni KKÍ:

# Stórslagur í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Erkifjendurnir í Keflavík og Njarðvík mætast í Keflavík í kvöld í átta liða úrslitum Bikarkeppni KKÍ. Þetta er stórleikur umferðarinnar en liðin hafa lengi eldað grátt silfur saman.

Liðin hafa mæst tvívegis í vetur og unnið hvort sinn leikinn. Keflavík vann deildarleikinn í Njarðvík, 78-73, en Njarðvík vann leik liðanna í undanúrslitum Hópbílabikarsins, 78-74, í Laugardalshöllinni. Keflvíkingar eru á toppi Intersportdeildarinnar en bæði þessi lið hafa átján stig ásamt Snæfelli og eru í nokkrum sérflokki. ■

Keflavík með DVD-disk:

# Kynna Ísland

**FÓTBOLTI** Forráðamenn knattspyrnudeildar Keflavíkur hafa látið gera DVD-disk til að til að kynna þann valkost fyrir erlendum liðum að æfa og keppa í knattspyrnu á Íslandi yfir vetrarmánuðina.

Efni diskins var frumsýnt á Fjörukránni á föstudag. Ásmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði í samtali við Fréttablaðið að aðstaðan á Íslandi væri, með tilkomu knattspyrnuhallanna, orðin frábær og það væri mun gáfulegra fyrir fræg erlend lið að koma til Íslands heldur en að þvælast í fyllerísferðir til Spánar. Keflvíkingar munu með hjálp góðra aðila kynna efnið erlendis og vonast eftir góðum viðtökum. ■



**ALFREÐ AFTUR Á AKUREYRI** Alfreð Gíslason sneri aftur á fornar slóðir og leiddi sína menn í KA-liðinu frá árinu 1995 til sigurs gegn núverandi liði í KA-heimilinu í gær en leikurinn var spilaður í tilefni af 77 ára afmæli félagsins.

Gullaldarlið KA fór á kostum á Akureyri í gær :

# Lengi lifir í gömlum glæðum

**HANDBOLTI** Það var mikið um dýrðir í KA-heimilinu í gær þegar bikarmeistaralið KA frá 1995 tók á móti núverandi meistaraflokksliði félagsins. Rúmlega 1100 manns troðfylltu kofann og skemmtu sér konunglega yfir sýningunni sem boðið var upp á.

Létt var yfir mönnum í leiknum og meiri áhersla var lögð á að skemmta sér en að vinna leikinn. Engu að síður var talið og fór svo að lokum að „gömlu“ mennirnir sigruðu leikinn, 30-28.

„Þetta var alveg meiriháttar gaman,“ sagði landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson sem lék sem gestur með gullaldarliðinu í gær. Þótt hann hefði af skiljanlegum ástæðum farið sér hægt þá setti hann sex mörk gegn sínum gömlu félögum.

„Það var ótrúlega gaman að koma aftur til Akureyrar og móttökurnar voru frábærar. Það var mikill heiður að fá að leika með þessum heiðursmönnum sem kunna enn ýmislegt fyrir sér í boltanum,“ sagði Guðjón en hver var bestur? „Það voru margir góðir. Sigmar Þröstur lokaði markinu í síðari hálfleik, Alfreð og Erlingur voru sem klettar í vörninni og svona gæti ég haldið lengi áfram. Þetta eru allt snillingar.“

**- hbg**


## Unglingakór og Gospelkór
## KFUM og KFUK
## Nýir félagar boðnir velkomnir

**Unglingakór KFUM og KFUK fyrir 16-20 ára**
Lögð verður áhersla á söng og leikræna tjáningu. Settur verður upp söngleikur um páskana. Æfingar verða á miðvikudögum kl. 18.30-20.00 í félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg. Verð 6.000 kr. fyrir misserið.

**Gospelkór KFUM og KFUK fyrir 20 ára og eldri**
Sungin verða sígild gospellög og nýrri lofgjörðartónlist. Æfingar verða á miðvikudögum, kl. 20.00 - 22.00 í félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg. Verð er 10.000 kr. fyrir misserið. Áheyrnarpróf fer fram miðvikudaginn 12. janúar kl. 20.00-22.00.

Kórstjóri er Keith Reed, listrænn stjórnandi KFUM og KFUK.

Allir sem hafa áhuga á tónlist eru velkomnir í kórana og ekki nauðsynlegt að vera félagi í KFUM og KFUK. Skráning fer fram á skrifstofu KFUM og KFUK, Holtavegi 28, 104 Reykjavík eða í síma 588 8899 og á netfanginu skrifstofa@krist.is



**ÞÝSKUNÁMSKEIÐ**
**GOETHE ZENTRUM**
GOETHE-INSTITUT
www.goethe.is
551 6061



**REIÐSKÓLINN ÞYRILL**
Næstu námskeið byrja 11. janúar
Fyrir börn kl. 16.30
Fullorðnir byrjendur kl. 18.30
Fullorðnir framhald kl. 17.30
Uppl. og skráning í síma 896 1248

Kennt þri., fim. og lau.
Reiðskólinn Þyrill



ECHINACEA
Sólhattur


Styrkir og verndar



**Bakleikfimi**
**með mjúkri sambasveiflu**


**Kennslan hefst 10. janúar og fer fram í glæsilegu húsnæði Hreyfigreiningar að Höfðabakka 9 kl. 16.10, 17.10 og 18.10 virka daga**
Kerfisbundin uppbygging æfinga sem bæta líðan í hálsi, herðum og baki
Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari BSc.
Sérgrein: Manual Therapy
Skráning fer fram í síma 695-1987
Vefsíða: www.folk.is/breidubokin/



FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS
KYNNINGARFUNDUR
í Verzlunarskóla Íslands
mánudaginn 10. janúar 2005
kl. 17:00
Engin sérstök haustönn, vorönn, jólafrí eða sumarfrí. Engin sérstök stundaskrá, innritunardagar eða prófdagar. Hægt er að hefja námið á hvaða tíma ársins sem er og stunda það hvenær sem er og hvar sem er. Nemendur stjórna hraða námsins og velja sér prófdag sem hentar. Nemendur geta tekið eitt námskeið í einu eða fleiri saman. Í boði er sjálfsnám með liðveislu eða nám með sérstakri aðstoð kennara.
WWW.MENNTAVEFURINN.IS
Nánari upplýsingar eru á heimasíðu fjarnámsins
OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602
WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS


# STUÐ MILLI STRÍÐA | Jólin í janúar

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ÆTLAR AÐ TAKA UPP NÝJA TRÚ


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Nú eru jólin loksins búin enda er ég fyrir löngu, eins og aðrir landsmenn, kominn með nóg. Jólalögin hljómuðu í eina tvo mánuði og eyðslan fór að venju langt fram úr öllum áætlunum.

Síðustu jól voru ein þau stystu sem ég man eftir. Aðfangadagur á föstudegi svo margir þurftu að mæta í vinnu á mánudegi. Nánast eins og venjulegt helgarfrí bara með helmingi meira stressi.

Um áramót strengdi ég þess heit að verða skipulagðari. Líf mitt hefur verið illa skipulagt síðustu ár og ég hef engu komið í verk. Fresta því sem ég ætla að gera fram á næsta dag, sem ég fresta síðan aftur þar til ég gleymi því.

Nú mun líf mitt hins vegar taka stakkaskiptum því ég hef fengið mér dagbók. Dagbókin á eftir að breyta lífi mínu svo um munar því nú get ég skipulagt hverja viku fyrir sig. Og það sem meira er þá býður dagbókin upp á að skipuleggja hvern dag fyrir sig, klukkutíma fyrir klukkutíma – nema á sunnudögum. Þá ætla ég að taka frí.

Það kann kannski að hljóma undarlega en það fyrsta sem ég skrifaði í dagbókina var að halda jól strax á nýju ári. Ástæðan er einföld. Eftir hina gríðarlegu eyðslu fyrir síðustu hátíð skelltu verslunarmenn útsölum á okkur strax á þriðja degi jóla. Sjaldan hefur nokkur útsala sviðið jafn mikið.

Ég hef ákveðið, þótt ég sé gjörsneyddur allri trú, að skrá mig í rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna. Þar hefjast jólin í byrjun janúar. Af ótta við að riðla þessu nýja skipulagi þori ég ekki annað en að hefja trú mína strax á nýju ári. Jólin kunna að vísu að verða talsvert dýrari en undanfarin ár þar sem það kostar sitt að fagna þeim með tveggja vikna millibili. En þar sem ég er orðinn skynsamur og skipulagður maður horfi ég til langs tíma. Á næstu árum mun ég fagna rússneskum jólum í byrjun janúar þegar útsölurnar standa sem hæst. Þannig skýt ég siðlausum verslunarmönnum ref fyrir rass og held jólin með 70% afslætti. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ TÓNLIST

# Slash býður upp gítar



SLASH Gibson-gítar í eigu Slash hefur verið boðinn upp á eBay.

Slash, gítarleikari Velvet Revolver, hefur boðið Gibson-gítarinn sinn upp á eBay. Mun peningurinn renna til hjálparstarfs í Asíu vegna flóðanna á annan í jólum.

Þegar hafa tæpar 600 þúsund krónur verið boðnar í gítarinn, en uppboðið stendur yfir í nokkra daga til viðbótar. Það er dagblaðið The Sun sem stendur fyrir uppboðinu. Á hverjum degi býður það upp fimm eftirsóknarverða hluti og á næstunni verður t.d. boðið upp málverk eftir Ronnie Wood úr Rolling Stones. ■

■ KVIKMYNDIR



ANGELINA JOLIE OG OLIVER STONE Angelina leikur aðalhlutverkið í Alexander, mynd Olivers Stone.

# Angelina hin fullkomna kona

Angelina Jolie er hin fullkomna kona að mati Colins Farrell. „Ég hef ekki átt kærustu í langan tíma en Angie er nokkuð nálægt því að vera hin fullkomna kona að mínu mati. Ég er einhleypur í augnablikinu en Angelina gæti sko vel verið hin eina rétta. Hún er altént mjög nálægt því,“ sagði leikarinn. Farrell og Jolie mættu saman á frumsýningu myndarinnar Alexander sem þau leika bæði í. Þau tóku sér smá tíma til þess að heilsa þúsundum aðdáenda sem höfðu safnast saman í þeirri von að sjá þau og gáfu nokkrar eiginhandaráritanir. Angelina viðurkenndi einnig að kunna mjög vel við Farrell. „Það hefur verið stórkostlegt að vinna með honum. Og ekki síst skemmtilegt. Hann er hrikalega skemmtilegur og kemur manni sífellt á óvart,“ sagði Jolie.

■ TÓNLIST

# Ákærður fyrir nauðgun

Sálarsöngvarinn og Íslandsvinurinn James Brown hefur verið ákærður fyrir nauðgun sem hann er sagður hafa framið fyrir sextán árum.

Fyrrverandi starfskona Brown, Jacque Hollander, lagið kæruna fram. Krefst hún rúmlega 6 milljarða króna í skaðabætur. Að sögn Hollander réðst Brown á hana inni í sendibíl sínum á þjóðvegi í Suður-Karólínu árið 1988. Beindi hann að henni byssu, lét hana afklæðast, nauðgaði henni og lamdi höfði hennar síðan utan í bílinn.

Umboðsmaður Brown hefur vísað ásökununum á bug og segir þær út í hött. Hollander krefst svo hárra skaðabóta vegna þess að hún greindist nýverið með Graves-taugasjúkdóminn sem hún telur að megi rekja til nauðgunarinnar. ■



JAMES BROWN Sálarsöngvarinn James Brown hefur verið ákærður fyrir nauðgun.




















## FRÉTTIR AF FÓLKI



Orðið á götunni er að Cameron Diaz og Justin Timberlake séu trúlofuð. Cameron sást skarta risastórum demantshring á trúlofunarfingri. Justin bað stúlkunnar víst á gamlárskvöldi. Þau fögnuðu ákvörðuninni ásamt vinum á veitingastað í Los Angeles. Cameron var afar stolt af hringnum og sýndi hann hverjum sem vildi.

**Penelope Cruz** vill heldur eyða kvöldstund á internetinu en í partíi í Hollywood. Leikkonan hefur játað að henni líði vel heima hjá sér og tali iðulega við vini og fjölskyldu í gegnum tölvuna. „Ég á mér ekki líf í Hollywood og bý ekki þar í langan tíma samfleytt. Stundum fer ég á frumsýningar en partístand er ekki fyrir mig. Ég er samt ekki einmana því ég er of upptekin og þreytt og guði sé lof fyrir internetið! Ég held sambandi við vini og fjölskyldu í gegnum það. Miklu betra en síminn," segir hún.





**AALIYAH** Söngkonan Aaliyah á mynd sem tekin var í maí árið 2001. Útgáfufyrirtæki hennar ætlaði að höfða mál gegn myndbandaframleiðanda sem skipulagði ferð hennar til Bahamaeyja árið 2001, en hún lést í flugslysi á leið frá eyjunum. Dómstólar úrskurðuðu hins vegar að ekki væri hægt að sækja mál gegn myndbandaframleiðandanum.

■ TÓNLIST

# Lögin hans Liams eru flottust

Gítarleikarinn Noel Gallagher hefur talað opinberlega um væntanlega plötu hljómsveitar hans, Oasis. Enn er ekki víst hvað gripurinn mun heita en víst er að útgáfudagurinn er settur á 16. maí næstkomandi og inniheldur platan tólf ný lög. „Næsta plata er uppáhaldsplatan mín af síðustu fjórum. Við erum allir að leggja eitthvað í púkkið þegar lögin eru samin og það virkar allt öðruvísi. Í rauninni eru öll lögin sem hljóma eins og Oasis lög samin af gítarleikaranum Gem Archer," sagði Noel.

Noel segir lögin sem bróðir hans á á plötunni vera mjög góð. „Ef ég ætti að velja eitthvert eitt sem er í uppáhaldi hjá mér myndi ég segja The Importance of Being Idle. Það minnir eilítið á The Kinks, einnig The La's. Að mínu mati eru flottustu textarnir í því. Ég er orðinn ansi þreyttur á London akkúrat núna. Eitt lagið á plötunni heitir Part Of The Queue sem fjallar um að búa í London og þá staðreynd að maður er sífellt að bíða í röðum. Þegar ég flutti fyrst til London fyrir tólf árum þá varð ég yfir mig hrifinn af borginni en sjarminn er að miklu leyti farinn. Það er allt of mikið af fólki hérna núna," segir hann.

„Áhugaverðasti hluti plötunnar eru lögin hans Liam. Þau eru svo góð og sérstaklega lag sem heitir Guess God Thinks I'm Able. Síðustu þrjátíu sekúndurnar í laginu eiga eftir að koma öllum á óvart, frábært lag." ■



**OASIS** Gefur út nýja plötu í maí og mun sú koma mörgum á óvart að sögn Noels Gallagher.

■ KVIKMYNDIR

# Morrisey í Basic Instinct 2

Breski leikarinn David Morrissey fer með aðalhlutverkið á móti Sharon Stone í framhaldsmyndinni Basic Instinct 2: Risk Addiction. Tökur á myndinni hefjast á næstunni en í henni endurtekur Stone umdeilt hlutverk sitt frá því fyrir 13 árum sem rithöfundurinn Chatherine Tramell. Morrissey er reyndur leikari sem hefur m.a. leikið í sjónvarpsþáttunum vinsælu State of Play.

Myndin gerist í London og fjallar um geðlækninn Dr. Andrew Glass (David Morrissey) sem þarf að meta það hvort Tramell eigi við geðræn vandamál að stríða. Leikstjóri verður Michael Caton-Jones sem hefur áður gert Memphis Belle, Rob Roy og The Jackal. ■



**CATHERINE TRAMELL** Sharon Stone í hlutverki Catherine Tramell í Basic Instinct.

■ STYRKUR

# Hlaut Rótarýstyrk

Á tónleikum sem haldnir voru í tilefni af hundrað ára afmæli Rótarýhreyfingarinnar á þessu ári í Salnum í Kópavogi í gærkvöld var Víkingur H. Ólafsson píanóleikari leynigestur. Í tilefni af afmælinu ákvað Rótarýhreyfingin að veita tónlistarmanni sem skarað hefur fram úr í listgrein sinni styrk og hlaut Víkingur styrkinn.

Víkingur verður með tónleika í Salnum á morgun klukkan 20.00 og er uppselt á tónleikana. Vegna mikils áhuga á tónleikunum hefur verið ákveðið að endurtaka þá á mánudaginn klukkan 20.00. ■



**VÍKINGUR H. ÓLAFSSON**




## BÍÓRÁSIN

**8.15** It's a Very Merry Muppet Chri **10.00** A Hard Day's Night **12.00** Löggulíf **14.00** Bounce **16.00** It's a Very Merry Muppet Chri **18.00** A Hard Day's Night **20.00** Green Dragon (Bönnuð börnum) **22.00** Hearts in Atlantis (Bönnuð börnum) **0.00** American Outlaws (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Hearts in Atlantis (Bönnuð börnum) **4.00** Green Dragon (Bönnuð börnum) **6.00** The House of Mirth

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Friday after next **23.15** Korter

## OMEGA

**18.30** Miðnæturhróp C. Parker Thomas **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Sherwood Craig **21.30** Ron Phillips **22.00** Samverustund **23.00** Robert Schuller **0.00** Gunnar Þorsteinsson (e) **0.30** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **17.00** Game TV (e) **20.00** Popworld 2004 (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e) **23.00** Meiri músík

# Í TÆKINU

**STELLAN LEIKUR Í MYNDAFLOKKNUM HELENA AF TRÓJU SEM SÝNDUR ER Á SKJÁ EINUM KL. 22.40**

## *Gaf út smáskífu ungur*

Stellan Skarsgård fæddist 13. júní árið 1951 í Gautaborg í Svíþjóð. Hann varð stjarna strax á unglingsárum þegar hann lék aðalhlutverk í sjónvarpsþáttunum Bombi Bitt och jag árið 1968. Á árunum 1972 til 1988 var hann fastráðinn við Þjóðleikhúsið í Stokkhólmi þar sem hann tók til dæmis þátt í uppsetningum á verkunum Vita rum árið 1988, Ett drömspel árið 1986 og Mäster Olof árið 1988. Stellan stóð sig einnig frábærlega í kvikmyndum eins og Den Enfaldige mördaren árið 1982. Fyrir þá frammistöðu vann hann sænsku verðlaunin Guldbagge og Silfurbjörninn í Berlín.

Fleiri stór, sænsk hlutverk fylgdu í kjölfarið en Stellan lék í fyrstu bandarísku kvikmynd sinni árið 1988 þar sem hann lék lítið hlutverk í The Unbearable Lightness of Being. En Stellan sló fyrst í gegn í Bandaríkjunum í kvikmynd Lars von Trier, Breaking the Waves, árið 1996 þar sem hann lék á móti nýliðanum Emily Watson. Eftir það hefur hann leikið í mörgum stórmyndum eins og Good Will Hunting og Amistad og núna síðast lék hann í Bjólfskviðu á Íslandi undir leikstjórn Sturlu Gunnarssonar sem sýnd verður á þessu ári.



Fæstir vita að Stellan gaf út smáskífuna Bombi Bitt/Ler Mot Dej árið 1968 sem hann skammast sín ansi mikið fyrir í dag.

Stellan er giftur My Skarsgård síðan 27. apríl árið 1975 og eiga þau saman sex börn, þau Alexander, Gustaf, Sam, Bill, Eija og Valter og búa þau í Svíþjóð.

**Þrjár bestu myndir Stellans:** **Breaking the Waves** – 1996. **Good Will Hunting** – 1997. **Dancer in the Dark** – 2000.


ROPE YOGA í Mosfellsbæ

**Námskeið** hefjast nú í janúar og verða í Þrúðvangi (niðri) í Álafosskvos. Umsjón hefur Gunnlaugur B. Ólafsson Rope Yoga kennari.

ROPE YOGA WORKOUT

ATORKA MANNRÆKTARMIÐSTÖÐ

Upplýsingar í síma **566 8587** og **699 6684** www.man.is




**20.00** *Bíó*

**Njála.** Sjónvarpsmynd sem gerð er upp úr Njálssögu og segir frá vináttu Gunnars og Njáls og baráttu Gunnars við óvildarmenn sína.



**20.45** *Raunveruleiki*

**The Apprentice 2.** Nú eru bara fimm lærlingar eftir sem keppa um yfirmannastöðuna í fyrirtæki í eigu Donalds Trump.



**21.50** *Drama*

**The Long Firm.** Nýr þáttur sem gerður er eftir samnefndri skáldsögu Jake Arnott og fjallar um svindlarann Harry Stark.

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Kátur **8.27** Fallega húsið mitt **8.34** Bjarnaból **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.23** Sígildar teiknimyndir **9.30** Líló og Stitch **9.56** Brummi **10.07** Ketill **10.23** Konstansa **10.31** Villi spæta **10.55** Laugardagskvöld með Gísla Marteini **11.45** Nýárstónleikar í Vínarborg

**14.30** Áskorendakeppni Evrópu í handbolta kvenna. Bein útsending frá leik Eskisehir Osmangazi frá Tyrklandi og Spono Nottwil frá Sviss í Ásgarði. **16.05** Beint frá leik Thessalonikis frá Grikklandi og Stjörnunnar í Ásgarði. **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Tvíburarnir (2:3)** (Tvillingerne)Leikin dönsk þáttaröð.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
▶ **20.00** **Njála** Handritshöfundar eru Hrefna Haraldsdóttir, Þorgeir Gunnarsson og Björn Br. Björnsson sem jafnframt er leikstjóri. Meðal leikenda eru Ingvar Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason, Margrét Vilhjálmsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Helgi Björnsson, Benedikt Erlingsson, Pétur Einarsson og Arnar Jónsson. Þátturinn fékk Edduverðlaunin sem besta leikna sjónvarpsefnið. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.55** **Myrkrahöfðinginn (1:4)** Myndaflokkur í fjórum þáttum byggður á atburðum úr píslarsögu Jóns Magnússonar. Leikstjóri er Hrafn Gunnlaugsson og í helstu hlutverkum eru Hilmir Snær Guðnason, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Guðrún Kristín Magnúsdóttir, Hallgrímur H. Helgason og Alexandra Rapaport. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.50** **Helgarsportið**
**22.15** **Treystu mér** (You Can Count on Me) Líf einstæðrar móður fer allt á annan endann eftir að yngri bróðir hennar snýr aftur til heimabæjar þeirra.

**0.00** Kastljósið **0.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Kolli káti, Svampur, Pingu, Litlir hnettir, Vaskir Vagnar, Leirkarlarnir, Kýrin Kolla, Litlu vélmennin, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, Batman, Hálendingurinn, Galidor, Shin Chan, Scooby Doo) **11.35** Game TV

**12.00** Silfur Egils **13.30** Barnatími Stöðvar 2 (Froskafjör Leyfð öllum aldurshópum.) **13.35** Neighbours **15.20** Summerland (9:13) (e) **16.10** Monk (15:16) (e) **16.55** Derren Brown: Live Seance (e) **17.50** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.15** **Home Improvement** (Handlaginn heimilisfaðir 1) Tim Taylor er hinn pottþétti fjölskyldufaðir.
**19.40** **Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.
**20.05** **Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2004-2005) Í hverri viku er kynntur til sögunnar skemmtilegur viðmælandi sem hefur frá mörgu að segja.
▶ **20.45** **The Apprentice 2 (14:16)** (Lærlingur Trumps) Hér kemur saman hópur fólks úr ýmsum áttum, bæði menntamenn og ófaglærðir, og keppir um draumastarfið hjá milljarðamæringnum Donald Trump. 18 þátttakendum er falið að leysa krefjandi verkefni sem lúta að heimi viðskiptanna.
**21.30** **Cold Case 2 (2:24)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Framleiðandi er Jerry Bruckheimer. Bönnuð börnum.
**22.25** **Nip/Tuck 2 (8:16)** (Klippt og skorið) Lýtalæknarnir Sean og Christian þurfa ekki að kvarta. Samkeppnin er hörð í þessum bransa en félagarnir hafa meira en nóg að gera. Stranglega bönnuð börnum.

**23.20** 60 Minutes **0.10** Silfur Egils (e) **1.40** Hamlet (Stranglega bönnuð börnum) **3.30** Fréttir Stöðvar 2 **4.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**13.00** Malcolm In the Middle (e) **13.30** The Drew Carey Show (e) **14.00** Baby Bob (e) **14.30** The Simple Life (e) **15.00** The Bachelorette (e) **16.00** Judging Amy (e) **16.55** Moonraker

**19.00** **Fólk – með Sirrý (e)**
**20.00** **The Drew Carey Show** Drew Carey frá Cleveland, Ohio.
**20.30** **According to Jim** Ekkert virðist liggja vel fyrir Jim en þrátt fyrir það hefur honum á undraverðan hátt tekist að koma sér upp glæsilegri konu og myndarlegum börnum.
**21.00** **Law & Order: SVU** Geðklofi rænir litlum dreng. Stabler rannsakar málið og finnur þá sönnunargögn um fleiri glæpi á sjúkrahúsi einu og nýtur hann aðstoðar Huang við að leysa málin.
▶ **21.50** **The Long Firm** Þættir gerðir eftir samnefndri skáldsögu rithöfundarins Jake Arnott. Þættirnir fjalla um svindlarann Harry Stark og sögusviðið er London á sjöunda áratug síðustu aldar. Líf aðalsöguhetjunnar er skoðað með augum fjögurra ólíkra karaktera sem hver um sig þekkir Harry Stark og umgengst hann á ólíkum forsendum.
**22.40** **Helena af Tróju (e)** Gríska þokkagyðjan Helena varð ástfangin af hinum fagra Paris sem nam hana á brott með sér til Tróju. Eiginmaður Helenu varð ekki hrifinn og virkjaði flota Grikkja til að endurheimta frúna. Flotanum varð lítið ágengt en þegar Ódysseifur kynti snilldaráætlun sína um Trójuhestinn komst hreyfing á hlutina.

**23.30** The Handler (e) **0.15** Óstöðvandi tónlist


**Starfsnám byggt á áratuga reynslu**

**Vinnuvélanámskeið Iðntæknistofnunar**

**Verður haldið í Reykjavík 19. - 28. janúar.**

*Réttindi á allar vinnuvélar*

Nánari upplýsingar og skráning hjá *Iðntæknistofnun* í síma *570 7100*, *897 0601* og á vefsíðu *www.iti.is*

NÁM SKEIÐ

Iðntæknistofnun



KARATE

Byrjendanámskeið í karate hefjast 11 janúar.

Stundaskrá

Börn 7 - 13 ára:
þriðjudaga og fimmtudaga 17.30 - 18.15

Fullorðnir 14 ára og eldri:
Þriðjudaga, fimmtudaga 19.00 - 20.00
og föstudaga 17.30 - 18.30

Æfingar framhaldshópa hefjast samkv. stundaskrá miðvikud. 5 janúar.

Tekið við nýjum iðkendum út janúar.

Karatefélag Reykjavíkur
Kjallara Laugardalslaugar
Sími 553 5025 kfr@simnet.is
www.karatedo.is


## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**8.00** Sunrise **10.00** Sunday with Adam Boulton **11.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **2.00** Sunday with Adam Boulton **3.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN INTERNATIONAL

**8.00** World News **8.30** Diplomatic License **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** World News **11.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **12.00** World News **12.30** People In The News **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News **14.30** Diplomatic License **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** World News **16.30** Inside the Middle East **17.00** Late Edition **19.00** World News **19.30** Design 360 **20.00** World News **20.30** CNN Business Traveller **21.00** Global Challenges **21.30** World Sport **22.00** World News **22.30** The Daily Show with Jon Stewart: Global Edition **23.00** CNN Today **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Weekend **3.00** World News **3.30** Diplomatic License **4.00** World News **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Rally: Rally Raid Dakar **8.00** Ski Jumping: World Cup Willingen Germany **9.30** Cross-country Skiing: World Cup Otepaa Estonia **11.00** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **11.45** Alpine Skiing: World Cup Chamonix France **12.00** Alpine Skiing: World Cup Chamonix France **13.00** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **13.45** Football: Gooooal ! **14.00** Football: International Tournament of Maspalomas Spain **16.00** Football: International Tournament of Maspalomas Spain **18.00** Ski Jumping: World Cup Willingen Germany **19.30** Football: National Championship Greece **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** Speed Skating: European Championship Heerenveen Netherlands **22.45** News: Eurosportnews Report **23.00** Sumo: Kyushu Basho Japan **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**7.30** To Buy or Not to Buy **8.00** Cash in the Attic **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Antiques Roadshow **9.45** Bargain Hunt **10.15** Flog It! **11.00** Classic EastEnders **11.30** Classic EastEnders **12.00** EastEnders Omnibus **12.30** EastEnders Omnibus **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Zingalong **15.15** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** Killer Ants **17.00** Keeping up Appearances **17.30** Yes Minister **18.00** Changing Rooms **18.30** Location, Location, Location **19.00** Born and Bred **19.50** No Going Back **20.50** The National Trust **22.10** Top Gear Xtra **23.10** Teen Species **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Castles of Horror **1.00** Rebels and Redcoats: The American Revolutionary War **2.00** Japanese Language and People **2.30** Spain on a Plate **3.00** The Money Programme **3.30** The Money Programme **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Kids English Zone

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**15.00** The Nelson Affair **17.30** Leopard Rescue **18.00** Night Hunters **19.00** Hornets from Hell **20.00** Demolition Squad **21.00** Maneater: Killer Tigers of India **22.00** Killer Leopards **23.00** Maneater: Killer Tigers of India **0.00** Killer Leopards **1.00** Maneater: Killer Tigers of India

### ANIMAL PLANET

**16.00** Mad Mike and Mark **17.00** Keepers **17.30** Keepers **18.00** Profiles of Nature **19.00** Animals A-Z **19.30** Animals A-Z **20.00** Animals A-Z **20.30** Animals A-Z **21.00** Lethal and Dangerous **22.00** Pet Powers **22.30** Pet Powers **23.00** Untamed Earth **0.00** Flying Fox Fairytale **1.00** Animals A-Z **1.30** Animals A-Z **2.00** Animals A-Z **2.30** Animals A-Z **3.00** O'Shea's Big Adventure **4.00** Mad Mike and Mark

### DISCOVERY CHANNEL

**16.00** Industrial Revelations - The European Story **16.30** Industrial Revelations - The European Story **17.00** Walking With Dinosaurs **18.00** How The Twin Towers Collapsed **19.00** American Chopper **20.00** World Biker Build-Off **21.00** World Biker Build-Off **22.00** World Biker Build-Off **23.00** American Casino **0.00** True Horror **1.00** Incredible Medical Mysteries **2.00** Hooked on Fishing **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Magnetic Storm

### MTV EUROPE

**8.00** European Top 20 **9.00** Top 10 at Ten **10.00** Diary Of **10.30** Movie Stars **11.00** Jim Carey Uncensored **12.00** Diary Of **12.30** Movie Stars **13.00** Diary Of **13.30** Movie Stars **14.00** Best Of The MTV Movie Awards Uncensored **15.00** Diary Of **15.30** Diary Of **16.00** Dismissed **16.30** Punk'd **17.00** So '90s **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** MTV Making the Movie **20.30** Wild Boyz **21.00** Surviving Nugent **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

### VH1 EUROPE

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Celebrity Names Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** MTV at the Movies **12.00** Most Fantabulous Homes **13.00** Cribs **14.00** Celebrity Superspenders **15.00** Cribs **17.00** Most Fantabulous Homes **18.00** Cribs **19.00** Celebrity Superspenders **20.00** Most Fantabulous Homes **21.00** Cribs **22.00** MTV at the Movies **22.30** VH1 Rocks

### CARTOON NETWORK

**7.30** Ed's 60 **8.20** Codename: Kids Next Door **8.45** The Grim Adventures of Billy & Mandy **9.10** The Powerpuff Girls **9.35** Spaced Out **10.00** Dexter's Laboratory **10.25** Courage the Cowardly Dog **10.50** Time Squad **11.15** Sheep in the Big City **11.40** Evil Con Carne **12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### SJÁLFSTÆTT FÓLK

*Stöð 2* **kl. 20.05**

***Sjálfstætt fólk var valinn besti sjónvarpsþátturinn árin 2003 og 2004.***

### *Kúreki Norðursins*

Gestur Jóns Ársæls í kvöld er ekki af verri endanum en það er enginn annar en kúreki norðursins, Hallbjörn Hjartarson. Hallbjörn Hjartarson er einn af þessum litríkum persónum sem lífga upp á mannlífið. Um árabil hafa kántrílög hans glatt þjóðina en Hallbjörn hefur gefið út fjölmargar plötur. Hann hefur sömuleiðis rekið útvarpsstöð á Skagaströnd um langt skeið. Ekki má heldur gleyma Kántrýbæ, þjóðþekktum veitingastað Hallbjörns, sem margir landsmenn hafa heimsótt. Kappinn hefur sömuleiðis haldið kántríhátíðir sem hafa verið einkar vinsælar um verslunarmannahelgina og hlutverk hans í bíómyndinni Kúrekar norðursins verður lengi í minnum haft.



Jón Ársæll skyggnist inn í líf Hallbjörns Hjartarsonar í kvöld.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I gave 'im that nickname. When he was little he had these buck teeth and big ears and he was so cute, wike a wittle rabbit.**

**Svar:** Stephanie úr kvikmyndinni 8 Mile frá árinu 2002.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.07** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Anton Tsjekhov: Maðurinn og verk hans **11.00** Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Mýs og menn **14.00** Leikkonan Anna Borg **15.00** Allir í leik: Eninga meninga súkkana dí **16.10** Helgarvaktin

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Seiður og hélog **19.00** Tónskáld **19.40** Íslenskt mál **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af minnisstæðu fólki

**23.00** Úr Gráskinnu **23.10** Silungurinn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.00** Fréttir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sunnudagskaffi **14.00** Helgarútgáfan **16.08** Íslenska útgáfan 2004

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **20.00** Hringir **22.10** Hljómalind **0.10** Ljúfir næturtónar

**2.03** Auðlindin **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**11.03** Rósa Ingólfsdóttir - endurflutningur.

**13.00** Menningaþátturinn endurfl. **15.00** LÓLA RÓS (framhaldssaga)

**16.00** Endurflutningur frá liðnum degi.



**12.40** *Íþróttir*

**Arsenal Ultimate Goal Collection. Arsenal hefur níu sinnum unnið bikarkeppnina en í þættinum er boðið upp á bestu mörk liðsins.**

## SÝN

**9.40** European PGA Tour **10.30** Spænski boltinn (La Liga)

**12.10** NFL-tilþrif **12.40** Bestu bikarmörkin **13.35** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Yeading og Newcastle. **15.40** Enski boltinn. Útsending frá 3. umferð bikarkeppninnar. **17.50** Spænski boltinn. Bein útsending.

**19.50** **Ítalski boltinn** (Serie A)Bein útsending en í þessari umferð mætast eftirtalin félög: Bologna - Chievo, Fiorentina - Lazio, Inter - Sampdoria, Juventus - Livorno, Leece - Reggina, Messina - Brescia, Palermo - AC Milan, Roma - Atalanta, Siena - Parma og Udinese - Cagliari.

**21.40** **Ameríski fótboltinn** (NFL 04/05)Bein útsending frá úrslitakeppni NFL.

**12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

### FOX KIDS

**7.35** Braceface **8.00** Braceface **8.25** Braceface **8.50** Braceface **9.15** Braceface **9.40** Braceface **10.05** Braceface **10.30** Braceface **10.55** Braceface **11.20** Braceface **11.45** Braceface **12.10** Braceface **12.35** Braceface **13.00** Braceface **13.25** Braceface **13.50** Braceface **14.15** Braceface **14.40** Braceface **15.05** Braceface **15.30** Braceface

### MGM MOVIE CHANNEL

**9.50** Sitting Bull **11.35** A Bullet for Joey **13.00** Nobody's Fool **14.45** Zero to Sixty **16.25** Outback **18.00** The Fantasticks **19.25** Breakheart Pass **21.00** Sweet Smell of Succes **23.25** Summer Heat **23.55** Inside Out **1.20** Where's Poppa? **2.45** Minotaur, the

### TCM

**20.00** Cat on a Hot Tin Roof **21.45** Mister Buddwing **23.25** Ten Thousand Bedrooms **1.20** Our Mother's House **3.05** The Password Is Courage

### HALLMARK

**8.00** Broken Vows **9.45** Escape from Wildcat Canyon **11.30** McLeod's Daughters **12.15** Frankie & Hazel **13.45** Erich Segal's Only Love **15.15** Broken Vows **17.00** Escape from Wildcat Canyon **18.45** McLeod's Daughters **19.30** Aftershock: Earthquake in New York **21.00** My Own Country **22.45** Black Fox: Good Men and Bad


ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00





ego dekor
**Swing** hægindastóll
Tilboðsverð:
29.000.-

ego dekor
**Mango collection**
Borð 180x100
og sex **Balero** stólar án sessu.
Verð áður: 99.000.-
-20%
Verð nú:
79.200.-



ego dekor
**Tungusófi**
microfiber áklæði með óhreinindavörn
Verð áður: 139.000.-
-20%
Verð nú:
111.200.-







ego dekor
**Frábær heilsudýna, rúmgafl og tvö náttborð** í Queen stærð.
Verð áður: 189.000.-
-30%
Verð nú:
132.300.-

**Frábær heilsudýna, rúmgafl og tvö náttborð** í Cal king stærð.
Verð áður: 214.000.-
-30%
Verð nú:
149.800.-

- **Ath. tveir heilsukoddar fylgja hverju rúmtilboði!**
- **10% afsláttur af öllum rúmteppum meðan á útsölu stendur**

ego dekor
**Leðursófasett**
3+1+1
Verð áður: 248.000.-
-30%
Verð nú:
173.600.-

# ÚTSALAN ER HAFIN
20-50% AFSLÁTTUR

hönnun: www.pixill.is



*...fær Elvis Presley sem hefði orðið sjötugur í gær. Elvis mun lifa um ókomna tíð.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á ELLEN KRISTJÁNSDÓTTUR SÖNGKONU**

# Mannvonska veldur mestum vonbrigðum

**Hvernig ertu núna?**Mjög fín.
**Augnlitur:**Blágrár.
**Starf:**Tónlistarmaður.
**Stjörnumerki:** Naut.
**Hjúskaparstaða:**Í sambúð.
**Hvaðan ertu?** Fædd í San Fransisco, annars úr miðbænum í Reykjavík.
**Helsta afrek:**Börnin mín.
**Helstu veikleikar:** Fljótfærni.
**Helstu kostir:** Ég get gert mjög gott spaghettí.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Malcolm in the Middle, meðal annars.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:**Það er enginn sérstakur en mér finnst gaman af Tvíhöfða.
**Uppáhaldsmatur:** Spaghettí.
**Uppáhaldsveitingastaður:**Mér finnst indverskur matur alveg frábær en það er enginn sérstakur staður í uppáhaldi.
**Uppáhaldsborg:** Mig langar mest að fara til San Fransisco núna.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Það sem veldur mér vonbrigðum í lífinu er kannski helst mannvonskan sem er í heiminum og græðgin.
**Áhugamál:** Hestar og að breyta inni hjá mér.
**Viltu vinna milljón?** Nei, það er bara vesen.
**Jeppi eða sportbíll?:**Hvorugt.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?**Ég ætlaði að verða söngkona.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Sigríður dóttir mín.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Maðurinn minn og aðalpersónan í The Incredibles.
**Trúir þú á drauga?**Ég trúi ekki á alvöru drauga en kannski frekar á fortíðardrauga.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?**Hestur.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Svarta ekkjan.
**Áttu gæludýr?**Já, hún heitir Dúlla blaðakona og er köttur.
**Besta kvikmynd í heimi:** The Incredibles. Hún er alveg mögnuð.
**Besta bók í heimi:**Sjálfstætt fólk.
**Næst á dagskrá:** Mig langar rosalega að komast út úr bænum í frí.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslandsvinurinn **Kiefer Sutherland** lofaði land og þjóð í þætti Davids Letterman fyrir skömmu. Kiefer, sem eyddi áramótunum hér á landi ásamt vini sínum og umboðsmanni, Rocco, sagðist hafa skemmt sér konunglega en var þó forviða yfir sprengjugleði Íslendinga á síðasta degi ársins. Sagði hann að Íslendingar eyddu um 15 milljónum dollara í flugelda á þessu eina kvöldi og það kom honum á óvart að það væru engin lög til um hvar eða hvenær mætti sprengja. „Þetta er eins og stríðssvæði og það er ekkert skipulag. Ég sá sex ára krakka halda á fimmtán kílóa sprengjuvörpu og sex ára krakki elti hann með eldspýtur," sagði Kiefer meðal annars í viðtalinu við mikil hlátrasköll Lettermans og áhorfenda.



Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Kiefer, sem kom hingað upp á sitt einsdæmi, hafi heillast það mikið af landi og þjóð að hann ætli að koma aftur áður en langt um líður. Heimsókn Kiefers í þátt Lettermans er sögð einhver besta landkynning sem Ísland hefur fengið í langan tíma og því má búast við að listi yfir Íslandsvini fræga fólksins muni lengjast á næstu mánuðum.

**HRAFN GUNNLAUGSSON:** GERÐI FJÓRA SJÓNVARPSÞÆTTI EFTIR MYRKRAHÖFÐINGJANUM

# Dramatískari og sterkari atriði

Fjögurra þátta sjónvarpsröð, Myrkrahöfðinginn, eftir Hrafn Gunnlaugsson verður frumsýnd í Sjónvarpinu í kvöld. Þættirnir byggja á samnefndri sögu og kvikmynd Hrafns sem frumsýnd var árið 1999.

„Sjónvarpsþættirnir eru eins og verkið var upphaflega skrifað. Þegar myndin var sýnd í Svíþjóð, við góðar undirtektir, vissu Svíarnir að sagan hefði verið tekin upp í heild sinni og kvikmyndin væri í raun ákveðinn þáttur sögunnar," segir Hrafn. „Svo kom ósk frá sænska sjónvarpinu og framleiðendum um að gera öllu efninu skil. Þannig klippti ég þessa sjónvarpsseríu upp úr efninu. Í þáttunum er sagan eins og ég hugsaði hana."



**MYRKRAHÖFÐINGINN** Myndin var frumsýnd árið 1999 og sýnd í Sjónvarpinu tveimur árum síðar. Sjónvarpið sýnir þætti byggða á myndinni í kvöld. Myndin var tekin við tökur á Myrkrahöfðingjanum í Kúagerði.

Hrafn segist vera ánægður með kvikmyndina en hann er ánægðari með sjónvarpsþættina. „Í þáttunum næ ég að fara dýpra í ýmis atriði sem verða dramatískari og sterkari fyrir vikið," segir hann.

Leikstjórinn hefur oft verið gagnrýndur fyrir að fara yfir strikið í bíómyndum sínum, og spurning hvort sama sé uppi á teningum í sjónvarpsþáttunum. Hann þvertekur fyrir það. „Ég hef nú alltaf gengið stutt í myndunum miðað við það ameríska efni sem er sýnt hér. Sjónvarpsserían er á engan hátt berorðari en myndin. Það er meira um hið hverdagslega líf í sjónvarpsseríunni og sagan fær að njóta sín betur. Í þáttunum nær efnið að anda miklu betur."

Það vekur talsverða furðu að Sjónvarpið skuli sýna sjónvarpsþættina nú en ekki eru nema þrjú ár síðan myndin var sýnd þar. Hrafn segist aðeins vera leikstjóri og höfundur myndarinnar og hann hafi ekki fengið greitt fyrir þá frá Sjónvarpinu. „Það er löngu búið að gera upp við mig vegna myndarinnar. Hún var sýnd í Svíþjóð fyrir tveimur árum og þættirnir voru hluti af leikstjóragreiðslunni í heild sinni. Það kom enginn hluti til mín þegar Sjónvarpið fékk þættina," segir Hrafn. „Það er kvikmyndasamsteypan hans Friðriks Þórs sem selur hana áfram og hefur væntanlega fengið greiðslu fyrir."



**HRAFN GUNNLAUGSSON** Hann segir að sænski framleiðandinn Bo Jonsson haldi geysilega mikið upp á þessa þáttaröð en hann er framleiðandi þeirra. Bo framleiddi einnig Hrafninn flýgur. „Ég er ánægður með að Sjónvarpið ætli að sýna verkið núna. Það hefur farið fram mikil umræða um þættina en fólk hefur aldrei séð þá. Nú fær fólk að sjá þá," segir Hrafn og bætir við að þættirnir standi jafnfætis kvikmyndinni Hrafninn flýgur.

kristjan@frettabladid.is









Hvítmálað svefnherbergi Birgis Arnar Thoroddsen:

# Orðinn leiður á bleika litnum

Senn styttist í að tiltekt listamannsins Birgis Arnar Thoroddsens verði fullkláruð en heimavinnan sú er hluti af raunveruleikagjörningi sem er hluti sýningar Listasafns Íslands sem lýkur 16. janúar. Sem kunnugt er héldu Birgir og kærastan Tinna jólin hátíðleg í beinni útsendingu á netinu en eftir hátíðarnar hefur Birgir verið í óðaönn að setja saman húsgögn. Mesta sjáanlega breytingin á íbúðinni enn sem komið er, er skjannahvítt svefnherbergið sem áður hafði verið fagurbleikt.

„Ég var orðinn leiður á bleika litnum, auk þess sem nýju innréttingarnar passa betur við hvítt. Reyndar streyma hingað inn ný húsgögn og í náinni framtíð mun ég henda þeim gömlu, en þetta tvöfalda magn húsgagna í íbúðinni má auðvitað sjá á netinu þar sem bein útsending frá tiltektinni er allan sólarhringinn," segir Birgir sem fljótlega leggst í að mála gólfdúkinn í eldhúsinu með nýrri málaratækni.



**MÁLAÐ** Bibbi er búinn að mála svefnherbergið.



**BIBBI CURVER** Hefur leyft öllum sem vilja að fylgjast með breytingum á íbúðinni sinni.

Birgir segir Valda málara hjá Slippfélaginu-Litalandi hafa bent sér á að tiltektargjörningurinn væri líklega fyrsta íslenska raunveruleikasjónvarpsefnið; en vinnuferlið allt og afraksturinn má sjá í lífsstílsþættinum Innlit-Útlit á SkjáEinum.

„Því þótt þessi raunveruleikagjörningur sé hluti af sýningu Listasafns Íslands fer verkið langt út fyrir veggi safnsins og á sér stað í dægurmenningunni, fjölmiðlum og þjóðarvitundinni," segir Birgir kátur með ermar uppbrettar. ■


BT ÚTSALA
Opið í dag
Opið í dag í BT Skeifunni, BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi og BT Ísafirði frá kl. 13 til 17
BT Smáralind er opin frá kl. 12 til 18
MEDION M6
MEDION M6 330
• Intel® Celeron® M 1.4 GHz 330
• 15" XGA TFT (1024x768)
• Intel Dynamic Video Memory Technology
• 512 MB DDRRAM 266MHz PC2100
• 40 GB Harður diskur UltraDMA 4200RPM
• DVD skrifari
• 4x USB 2.0
• Wi-Fi® Wireless (802.11g) (54Mpbs)
• 1x VGA, 1xTVOUT
512MB minni
DVD skrifari
3.049* Tölvukaupalán 48 mán.
8.999** Vaxtalaust 12 mán.
107.988 Staðgreitt
3.049*
24.000 kr. LÆKKUN
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
19"
Mús fylgir!
þú sparar 30.000 kr.
DVD skrifari
MEDION ICD 330
• 19" Medion CRT skjár • Intel Celeron 2,6GHz
• i845 incl. VGA, LAN, 6-Ch-Audio, USB 2.0
• extreme graphics up to 64MB
• 80GB Harður diskur • DVD skrifari
• 256 MB DDR vinnsluminni • PowerDVD 5 (6CH)
• AC 97 (6-Channel-Audio) hljóðkort
• 4xUSB 2.0 • Lyklaborð og mús
• Windows XP Home Edition
2.100*
2.100* Tölvukaupalán 48 mán.
69.999 Staðgreitt
19" skjár
MEDION
10.000 kr. LÆKKUN
9.999
19.999
Rugl verð
15" flatur skjár
MEDION
MD7475A
10.000 kr. LÆKKUN
19.999
29.999
Rugl verð
Ljósmyndaprentari
33% afsláttur
9.999
14.999
HP Photosmart 7450
• Kortalesari • Skjár: 1.7" sv/hv LCD skjár
• Prentar jaðarlaust á 10x15cm
Heimabíókerfi
SONY
DAV-SB200
5.000 kr. LÆKKUN
44.999
59.999
Hátalarakerfi
5x80W RMS magnari ásamt 5 hátalölurum og 150W RMS bassahátalara.
Dolby Digital/DTS og PLII
Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem teknar eru upp í DTS til fullnustu.
Fjölkerfa DVD spilari
Spilar SVCD/DVD-R/DVD-RW og MP3 diska.
Útvarp
Útvarp með FM/AM RDS
Rugl verð á DVD
899 Hver mynd
599 Hver mynd
KREEEEYSÍ TILBOÐ
10 hver vinnur!
Klikkaður útsölu-leikur!
Allir sem taka þátt fá glaðning!
Aðal-vinningur er MEDION XXL tölva með 17" flatskjá!
Viltu vinnna?
Sendu SMS skeytið BT UTB á númerið 1900 og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
99 kr/skeytið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Viltu vinnna?
Sendu SMS skeytið BT UTS á númerið 1900 og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
Aðal-vinningur er MEDION XXL tölva með 17" flatskjá!
99 kr/skeytið




BAKÞANKAR


ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR


## Hótel Mamma

Varnaðarorð biskups um stöðu fjölskyldunnar hafa farið öfugt ofan í marga. Sjálfri finnst mér fínt að fjölskyldan sé rædd og skynja ekki að biskupinn sé á hálum ís þó að hann lýsi því yfir að hann hafi átt góða foreldra. Truflar mig ekki hið minnsta.

**KANNSKI** vegna þess að ég hef talið mig á beinu brautinni í þessum málaflokki. Ég las um daginn að íslenskar konur eiga að meðaltali 1, 9 börn. Sjálf verð ég komin með tvö eftir tvo mánuði, ef guð lofar. Ekki 1,9. Samviska mín er hrein. Ég var því býsna roggin á haustmánuðum þegar ég gat greint frá því að aðeins yrðu tæp þrjú ár á milli barna. Afi minn, heimilislæknirinn, taldi þó varla hægt að tala um dugnað í þessu samhengi. Í sveitinni í gamla daga þekktust nefnilega mýmörg dæmi þess að ekki næði að blæða á milli barna. Það væri dugnaður.

**ÉG ER ÞÓ Í HÓPI** þeirra sem vista barn mitt í leikskóla. Yfirgef barnið daglega kinnroðalaust. En nú skammast maður sín eiginlega fyrir að vera svo forhertur að vera laus við samviskubit. Fyrir að finnast leikskólinn frábær. Ekki stofnun, heldur annað heimili. Og hvað segir það um barnið manns sem er svo meðvirkt í glæpnum að það unir hag sínum vel í leikskólanum? Elskar meira að segja leikskólakennarana. Sjálfsagt eitthvað bogið við barnið líka.

**EN UM HVAÐ** snýst málið í raun og veru? Varla eru menn að mæla gegn því að börn fari í skóla, sem leikskólar óneitanlega eru? Tæplega eru menn mótfallnir atvinnuþátttöku foreldra? Eða að forgangsraða eigi í þágu fjölskyldunnar?
Flestir eru sammála biskupnum um að fjölskyldan eigi og verði að vera í fyrirrúmi. Eitthvað annað hlýtur því að búa að baki þessari umræðu. Ef lesið er á milli línanna sést að rauði þráðurinn í málflutningi áhyggjufullra miðaldra karlmanna í spjallþáttunum er fyrst og fremst heiti maturinn í hádeginu. Eins og þeir fengu hjá mömmu, þjóðlega sperðla og sviðakjamma. Um það snýst málið. Felst lausnin ekki bara í því að kallhlunkarnir eldi ofan í sig sjálfir?


Í tilefni af tveggja ára afmæli Iceland Express kynnum við tvö glæsileg tilboð:

2 kr. fyrir börn

Hamleys
The finest toys in the world

Krakkar 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá flug á 2 krónur auk skatta og gjalda fram og til baka (ein króna út og ein króna heim) til London eða Kaupmannahafnar næstu tvo mánuði. Heildarverð fram og til baka með sköttum og gjöldum er 4.977 kr. til Kaupmannahafnar og 5.577 kr. til London.

Að auki fá allir krakkar sem ferðast til London í fylgd með fullorðnum á þessu tímabili 15% afslátt í Hamley's dótabúðinni gegn framvísun afsláttarmiða frá Iceland Express.

2000 flugsæti á 2000 kr.

Við seljum jafnframt 2000 flugsæti á 2000 kr. auk skatta og gjalda, aðra leiðina til eða frá London eða Kaupmannahöfn. Tilboðið gildir á völdum dagsetningum í tvo mánuði. Almenn sala hefst kl. 8.00 í fyrramálið og stendur í tvo sólarhringa. Athugið að ef heppnin er með er möguleiki að finna flugsæti fram og til baka á 2000 kr., þ.e. 4000 samtals, auk skatta og gjalda. Heildarverð aðra leiðina með sköttum og gjöldum 5.100 kr.

Bókaðu ódýrustu flugsætin á
www.icelandexpress.is

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600, icelandexpress.is

Iceland Express



Dagana 6.–20. janúar
SPARI DAGAR
Gerðu góð kaup!

AEG
ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR-VIFTUR
HELLUBORÐ
15% afsláttur

Pioneer
Heimabíó DCS 222
Kr. 49.900.-
Vaxtalaust tilboð í 12 mánuði
Afborgun kr. 4.330.- á mánuði

Emile Henry
Heimsþekktar leirvörur
TEFAL
Pottar og pönnur
25% afsláttur

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!

Opið sunnudaga frá kl. 13.00 – 18.00

ORMSSON
SMÁRALIND
www.ormsson.is